**allt**

**KOLBRÁ BRAGADÓTTIR**

*Strengir striga á ramma*

heilsa

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



## NORÐURLAND

**REMBIST VIÐ AÐ VERA MAÐUR**

*Benedikt Ingi Grétarsson er jólasveinn*

**AUKABLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**






**Fylgir blaðinu í dag!**


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. nóvember 2005 — 309. tölublað — 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Herra Ísland í stað handboltans



KA-maðurinn Jónas Freyr Guðbrandsson ætlar frekar að taka þátt í Herra Ísland en að spila handbolta með KA. Skiptir engu þó hann sé loksins að fá langþráð tækifæri með KA-liðinu.

ÍÞRÓTTIR 36

### Hryllingur í Smárabíói



Quentin Tarantino og Eli Roth stóðu við stóru orðin en kvikmynd þeirra Hostel var heimsfrumsýnd á Íslandi.

FÓLK 32

### Falleg markmið en virka þau?

„„Einstaklingsmiðað nám" og „skóli án aðgreiningar" eru hugtök sem eru talsvert í umræðunni þessa dagana, en þyrftu að vera mun meira rædd en raun ber vitni," segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

### Það er erfitt að gera mér til geðs



Jón Ólafsson tók á móti fyrsta eintakinu af Jónsbók í prentsmiðjunni Odda.

FÓLK 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART OG KALT** um sunnan- og vestanvert landið. Einhver éljagangur norðaustan og austan til og víðar á Norðurlandi eftir hádegi. Talsvert frost, minnst með suðurströndinni.

VEÐUR 4




# Samningar í hættu semjist ekki í kvöld

**Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að góður gangur sé í viðræðum forsendunefndarinnar. Nefndin þarf að ná niðurstöðu fyrir miðnætti í kvöld ef ekki á að koma til uppsagna kjarasamninga og hugsanlega verkfalla.**

**KJARAMÁL** „Það er frekar jákvæður tónn í þessu öllu saman. Það er ekki hægt að segja annað en að það sé gangur í viðræðunum, en þetta er ekki búið fyrr en það er búið eins og sagt er," sagði Gylfi Arnbjörnsson í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Beinar launahækkanir til verkafólks, lög um starfsmannaleigur, hækkun atvinnuleysisbóta, þátttaka í örorkubyrði lífeyrissjóða og framlög til starfsmenntunar eru þau mál sem líklegast er að viðræður forsendunefndar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins geti strandað á í dag. Framkvæmdastjórn Starfsgreinasambands Íslands fundar á morgun og fer yfir stöðu málanna á hvorn veginn sem viðræðurnar fara í dag. Formannafundur aðildarfélaga ASÍ verður svo á fimmtudaginn þar sem farið verður í saumana á stöðu mála.



**FORSENDUNEFNDIN** Nefndin þarf að ná niðurstöðu fyrir miðnætti.

„Það er ljóst að verðbólgan er langt fyrir ofan það sem við reiknuðum með. Ekki síður mikilvægt er að aðrir hópar launafólks hafa verið að fá mun meiri launahækkanir en okkar fólk. Ég trúi ekki öðru en að menn ætli sér einhverja leiðréttingu," segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Í forsendunefndinni sem nú fundar sitja þeir Halldór Grönvold og Ólafur Darri Andrason frá Alþýðusambandi Íslands og Ari Edwald og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Ef forsendunefndin nær samkomulagi fyrir miðnætti í kvöld er það bindandi samkomulag og þá mun ekki koma til uppsagna á samningum. Ef samkomulag næst ekki geta aðildarfélög Alþýðusambandsins sagt samningum lausum hvert fyrir sig.

„Maður verður að vera vongóður um að þetta hafist hjá þeim því annars er fjandinn laus, ég held að það sé óhætt að segja það," segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands. **- saj**



**JACQUES CHIRAC** Chirac sagði í ávarpi sínu að á næstu misserum myndu ríflega fimmtíu þúsund ungmenni hljóta hagnýta þjálfun til að þau ættu auðveldara með að fá vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neyðarástand mun ríkja í Frakklandi fram í febrúar á næsta ári:

# Óeirðirnar eru þjóðarmein

**PARÍS, AP** Franska ríkisstjórnin ákvað í gær að framlengja neyðarlögin í landinu fram í febrúar á næsta ári. Jacques Chirac forseti sagði í sjónvarpsávarpi í gærkvöld að óeirðirnar í landinu að undanförnu bæru sjúkum þjóðarlíkama vitni.

Í síðustu viku var neyðarástandi lýst yfir í Frakklandi eftir mestu róstur í landinu síðan í stúdentauppreisnunum 1968. Þótt verulega hafi dregið úr óspektunum eftir að lögregluaðgerðir voru stórhertar ákvað ríkisstjórnin engu að síður að neyðarlög yrðu áfram í gildi fram í febrúar 2006. Það veitir lögreglu heimild til að setja á útgöngubönn og gera húsleitir á hvaða tíma sólarhringsins sem er.

Í gærkvöld ávarpaði Jacques Chirac forseti þjóð sína í fyrsta sinn síðan óeirðirnar hófust. Hann sagði þær merki um „sjúklegt ástand" og allir yrðu að leggjast á eitt til að berjast gegn eitri ójafnréttisins. Hann útilokaði hins vegar með öllu að lög yrðu sett um jákvæða mismunun, líkt og eru í gildi í Bandaríkjunum, til að hygla þeim þjóðfélagshópum sem orðið hafa útundan.

Aðfaranótt mánudagsins var róleg í Frakklandi en skemmdarvargar eyðilögðu „aðeins" 284 bifreiðar. Í síðustu viku voru allt að 1.400 bílar brenndir á nóttu. **- shg**

Anna Kristjánsdóttir:

## Ríkið brýtur mannréttindi

**MANNRÉTTINDAMÁL** Mannréttindi eru brotin á fólki sem hefur eða vill skipta um kyn og forræðishyggja ríkir hér á landi, að sögn Önnu Kristjánsdóttur.



**ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Anna segir að fólki sé ekki treyst til að vita sjálft hvað því sé fyrir bestu þegar það vilji komast í aðgerð til að leiðrétta kyn sitt. Hún segir ástandið í málefnum þessa hóps litlu betra hér á landi en í Austur-Evrópu þar sem það sé mjög slæmt. Alla lagasetningu skorti og sömuleiðis stuðning frá hinu opinbera, til dæmis félagslega aðstoð og þáttöku almannatrygginga í kostnaði.

**-ghs/****sjá síðu 14**

Ágreiningur um saksóknara:

## Dómari vill skýrar línur

**BAUGSMÁL** Verjendur í Baugsmálinu telja dómsmálaráðherra vanhæfan sé raunin sú að Sigurður T. Magnússon, settur saksóknari í málinu, fari einnig með vald saksóknara í þeim hluta málsins sem enn er til efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Jón H.B. Snorrason saksóknari segist flytja málið í umboði ríkislögreglustjóra en settur saksóknari fari með málið ef á það reyni með einhverjum hætti.

Efnismeðferð ákæranna átta, sem eftir standa í Baugsmálinu, var frestað í gær vegna ágreiningsins, en hann verður til lykta leiddur á miðvikudag. **- jh /****sjá síðu 2**

Álverið í Straumsvík:

## Féll átján metra og lést

**BANASLYS** Tæplega fertugur maður lést þegar hann féll átján metra ofan af þaki kerskála í álverinu í Straumsvík í gær.

Þrír menn voru á þakinu þegar slysið varð. Vinnueftirlitið og rannsóknarlögreglumenn unnu að rannsókn síðdegis. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra verktakafyrirtækisins var maðurinn með öryggisbelti og línu, en línan var hins vegar ekki fest í handrið. ■

Met á markaði:

## Vísitalan aldrei verið hærri

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands sló enn eitt metið í gær.

Vísitalan endaði í 4.753 stigum, en fyrra met vísitölunnar var 4.748 stig. Vísitalan er samsett úr gengi fimmtán stærstu og veltumestu hlutafélaganna í Kauphöllinni.

Vísitalan hefur hækkað um 41,48 prósent frá áramótum. Það stefnir því í þriðja árið í röð að óbreyttu þar sem vísitalan hækkar yfir fjórutíu prósent. **- hh**



## SPURNING DAGSINS

*„Hjálmar, er þetta ekki of lítið til að hafa áhyggjur af?*

„Framsóknarmenn eru bjartsýnir og trúa að fylgið muni rísa á ný eins og alltaf. Menn eru kannski hógværir í svörum í skoðanakönnunum, eins og framsóknarmanna er von og vísa.“

Framsóknarmenn hafa áhyggjur af litlu fylgi í skoðanakönnunum og hefur Hjálmar Árnason kynnt aðgerðaáætlun flokksins til að gera hann sýnilegri.

Skriðuföll í vestanverðum Noregi vegna óvenjumikillar úrkomu og hvassviðris:

# Einn lést eftir að aurskriða féll á hús

**NOREGUR** Aurskriða féll í gær á hús skammt utan Björgvinjar þar sem sjö manns voru að störfum. Einn þeirra lést í skriðunni.

Óvenjumikil úrkoma hefur verið í vestanverðum Noregi undanfarna daga og hafa sterkir vindar fylgt votviðrinu. Í gærmorgun féll aurskriða á hús sem verið var að gera við, rétt fyrir utan Björgvin. Sjö manns voru þar að störfum, þrír komust úr rústunum af sjálfsdáðum og fundu björgunarsveitarmenn hina þrjá á lífi, grafna í leðjunni. Leitað var að þeim sjöunda í allan gærdag með aðstoð hunda og hitaskynjunarbúnaðar en allt kom fyrir ekki því síðla dags fannst hann örendur í brakinu.

Að sögn dagblaðsins Aftenposten hvöttu veðurfræðingar Björgvinjarbúa til að skilja bíla sína eftir heima í gær vegna ótta um að götur lokuðust sökum vatnselgs. Miklar tafir urðu auk þess á lestarsamgöngum, til dæmist sat lest á leið frá Ósló til Björgvinjar föst á teinunum í drjúga stund.

Hús voru rýmd í bænum Voss vegna hræðslu um skriðuföll og á bóndabæ skammt frá féll aurskriða á hlöðu sem gjöreyðilagðist.

- shg



**ÓFÖGUR SJÓN** Sjö manns voru við smíðar í húsinu þegar skriðan féll á það. Sex sluppu með skrámur en sá sjöundi týndi lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RISASÍLD** Talið er að síldin sé af norsk-íslenskum stofni en hún var 730 grömm.

Sjómenn á Hákoni EA:

## Fengu tröllvaxna síld

**SJÁVARÚTVEGUR** Stærsta síld sem veiðst hefur við Íslandsstrendur í hálfa öld fannst í veiðarfærum Hákonar EA 148 á dögunum þegar skipið var að veiðum í Breiðamerkurdýpi. Eftir á að rannsaka síldina en Hreiðar Valtýsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni, telur að um síld af norsk-íslenskum stofni sé að ræða.

„Þetta er næststærsta síld sem vitað er til að veiðst hafi við Ísland en hún var 730 grömm að þyngd. Stærsta síldin sem veiðst hefur við landið reyndist 760 grömm að þyngd og veiddist á Skjálfanda árið 1955,“ segir Hreiðar.

- kk

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Sullenberger játar en er ekki ákærður

**Verjendur í Baugsmálinu vilja að Ríkislögreglustjóri svari því hvers vegna Jón Gerald Sullenberger hafi ekki verið ákærður fyrir brot sem hann hafi gengist við. Embættið taldi sama brot duga til ákæru gegn þremur sakborninganna.**

**BAUGSMÁL** Verjendur sakborninga í Baugsmálinu hafa skriflega krafið embætti Ríkislögreglustjóra skýringa á því hvers vegna Jón Gerald Sullenberger sé ekki ákærður fyrir sömu brot og þrír sakborninga í Baugsmálinu eru ákærðir fyrir.

Bréf þessa efnis var lagt fram við þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem taka átti fyrir þær átta ákærur af fjörutíu sem ekki var vísað frá dómi.

Fjórar af ákærunum átta varða innflutning Jóns Ásgeirs, Kristínar og Jóhannesar Jónssonar, föður þeirra, á bifreiðum frá Bandaríkjunum á tilteknu tímabili. Öll neita þau sök í málinu.

„Við teljum að í gögnum málsins liggi fyrir játningar Jóns Geralds um refsiverðan verknað sem hann hefur ekki verið ákærður fyrir en ákærum af sama tilefni verið beint að aðilum sem neita sök,“ sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, þegar hann gekk úr dómssalnum.

Verjendur spurðu Ríkislögreglustjóra þessarar sömu spurningar, meðal annars í bréfi hinn 30. ágúst síðastliðinn. Í svari saksóknara tveimur vikum síðar segir að sú niðurstaða að ákæra ekki Jón Gerald sé grundvölluð á sjónarmiðum laga um að höfða ekki mál nema það sem komið hafi fram sé nægilegt eða sennilegt til sakfellis yfir viðkomandi.

Fyrir réttri viku sendu verjendur Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra bréf um þetta efni. Þar segir að í sex ákærum af fjörutíu lýsi Jón Gerald refsiverðu athæfi sínu. Hann sé auk þess eini aðilinn sem játað hafi á sig brot. Þrátt fyrir það sé hann ekki ákærður líkt og hinir sem neiti sök í sama máli.

Verjendur telja að þetta standist ekki í ljósi þess að ákærur hafi verið gefnar út á hendur öðrum einstaklingum, einkum á grundvelli framburðar Jóns Geralds vegna sömu háttsemi og hann hafi gengist við.

johannh@frettabladid.is



**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Verjendur segja suma ákærða en aðra ekki fyrir sama brot.





**JÓN GERALD SULLENBERGER** Jón Gerald játar brot við skýrslutöku en ríkislögreglustjóri gefur til kynna að þau dugi ekki til sakfellingar.



**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR**

Verjendur vilja úrskurð:

## Telja ráðherra vanhæfan

Djúpstæður ágreiningur ríkir milli verjenda og embættis Ríkislögreglustjóra um stöðu Sigurðar T. Magnússonar, sem dómsmálaráðherra skipaði sérstakan saksóknara í Baugsmálinu seint í október.

Þegar taka átti fyrir þær átta ákærur sem enn eru til efnislegrar meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur sagði Pétur Guðgeirsson dómari að Bogi Nilsson hefði lýst því yfir síðastliðinn föstudag að málið væri honum óviðkomandi.

Dómarinn lagði ríka áherslu á að það yrði upplýst í hvers umboði Jón H.B. Snorrason, saksóknari hjá embætti Ríkislögreglustjóra, væri.

Jón kvaðst flytja málið á vegum Ríkislögreglustjóra, en bætti við síðar að ef á reyndi heyrði málið undir Sigurð T. Magnússon.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir að hvorki ríkislögreglustjóri né lögreglustjórar vinni í umboði ríkissaksóknara. En ef slík staða kæmi upp í þessu máli heyrði það undir settan saksóknara.

Verjendur hafa krafist þess að héraðsdómur dæmi um það hvort dómsmálaráðherra hafi verið hæfur til þess að setja Sigurð T. Magnússon saksóknara yfir þeim átta ákærum sem enn eru til efnismeðferðar.

Ágreiningurinn verður tekinn fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag.

- jh





Sakborningar í Baugsmáli hafa ekki fengið aðgang að umbeðnum tölvugögnum:

# Krefjast dómsúrskurðar

Verjendur ákærðra í Baugsmálinu hafa krafist dómskúrskurðar þess efnis að sakborningar fái þegar í stað aðgang hjá Ríkislögreglustjóra að tölvugögnum sem fengin eru frá Jóni Gerald Sullenberger.

Gögnin varða samskipti sakborninga og sakborninga og vitna. „Við fengum skriflegt svar Ríkislögreglustjóra í byrjun september þar sem aðgangur var sambykktur en af einhverjum óútskýrðum ástæðum hefur ekki enn fengist þessi aðgangur þótt leitað hafi verið eftir því aftur og aftur,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Í bréfi verjenda til dómara segir að sú ákvörðun Ríkislögreglustjóra að heimila ekki í reynd aðgang að gögnunum sé í senn ólögmæt og móðgandi gagnvart sóknaraðila auk þess sem háttsemin valdi því að sakborningar fái ekki notið lögbundinna úrræða til þess að verjast útgefinni ákæru.

Í bréfi, sem undirritað er af Jóni H.B. Snorrasyni saksóknara 7. september síðastliðinn, er heitið ótakmörkuðum aðgangi að umræddum gögnum en í Héraðsdómi Reykjavíkur lagði hann í gær fram beiðni um mat á þessum sömu gögnum.

- jh



**VERJANDI JÓNS ÁSGEIRS JÓHANNESSONAR** Gestur Jónsson segir að vegna einhverra óútskýrðra ástæðna hafi hann ekki fengið umbeðin gögn.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30133 11/2005

## Corolla Sedan á kostakjörum.

Betri notaðir Corolla Sedan eru bestu kaupin í nóvember og eru langt frá því að vera útkeyrðir. Sem fyrrverandi bílaleigubílar hafa þeir verið mikið dekraðir og undir stöðugu eftirliti. Ef þú vilt úthaldsmikinn bíl á hagstæðu verði fyrir veturinn þá er Corolla Sedan bíllinn fyrir þig.

**Verð frá 1.250.000 kr.**
**Mánaðarleg greiðsla frá 18.486 kr.***

Glitnir

* m.v. 10% útborgun og 75 mánaða bílasamning hjá Glitni. Gildir aðeins út nóvember.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>KÓPAVOGUR<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,98 | 62,28 |
| Sterlingspund | GBP | 108,16 | 108,68 |
| Evra | EUR | 72,75 | 73,15 |
| Dönsk króna | DKK | 9,754 | 9,812 |
| Norsk króna | NOK | 9,353 | 9,409 |
| Sænsk króna | SEK | 7,611 | 7,655 |
| Japanskt jen | JPY | 0,523 | 0,526 |
| SDR | XDR | 88,35 | 88,87 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**102,9698**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útvegsmenn hættir við að láta sverfa til stáls fyrir dómi vegna byggðakvóta:

# Nýr ráðherra fær að fóta sig

**SJÁVARÚTVEGUR** Útvegsmenn hafa lagt til hliðar ráðagerðir um málshöfðun á hendur ríkinu vegna úthlutunar byggðakvóta.

Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri útvegsfyrirtækisins Bergs-Hugins í Vestmannaeyjum, segir útvegsmenn ætla að bíða og sjá til hvað gerist áður en tekin verði ákvörðun um málshöfðun. „Maður vill ekki hrófla alveg strax við nýjum ráðherra heldur láta hann fá sína eldskírn fyrst og átta sig á þessum hlutum. Kannski verða líka á þessu einhverjar breytingar.“

Þegar tilkynnt var um úthlutun byggðakvóta í byrjun ágúst brugðust útvegsmenn á stöðum sem ekki hlutu úthlutun hins vegar hart við og þá sagði Magnús ljóst að látið yrði sverfa til stáls. „Það er ekkert annað en hrein og klár eignaupptaka þegar eignir manns eru teknar og þeim deilt út til annarra,“ sagði hann, en Vestmannaeyjar fengu engan byggðakvóta meðan Súðavík, Siglufjörður og Stykkishólmur fengu mestan kvóta.



**SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra heldur ræðu á aðalfundi LÍÚ í lok október. Forveri hans í starfi sagðist ekki í vafa um að úthlutanir byggðakvóta stæðust lög.

Árni Mathiesen, þáverandi sjávarútvegsráðherra, sagði úthlutanirnar vera í samræmi við lög um stjórn fiskveiða og ákvæði að í þeim hefði alltaf verið ráð fyrir þeim gert. Hann sagðist ekki efast um að úthlutunin stæðist lög, en tiltók um leið að vitanlega væri öllum frjálst að bera stjórnvaldsákvarðanir undir dómstóla. **- óká**

Grunaðir hryðjuverkamenn:

# Kjarnorkuver var skotmarkið

**ÁSTRALÍA** Lögregluyfirvöld í Ástralíu telja að mennirnir sem handteknir voru í Sydney og Melbourne í síðustu viku vegna gruns um hryðjuverkaárás hafi ætlað að sprengja upp Lucas Heightskjarnaofninn í Nýja Suður-Wales.

Alls voru átján manns handteknir en lögregla hafði stöðvað þrjá þeirra nærri verinu í desember 2004. Að sögn BBC telja yfirvöld auk þess að sumir þeirra hafi dvalið í búðum hryðjuverkamanna í óbyggðum Ástralíu.

Verjendur mannanna segja engin sönnunargögn vera fyrir hendi í málinu og það sé af pólitískum rótum runnið. ■

Kárahnjúkavirkjun:

# Ein af þeim sex verstu í heimi

**NÁTTÚRUVERND** Þegar litið er til náttúruspjalla og félagslegrar röskunar er Kárahnjúkavirkjun meðal sex verstu virkjana heims, að mati umhverfissamtakanna World Wildlife Fund.

Samtökin gagnrýna sérstaklega sex virkjanir, Kárahnjúkavirkjun, Chalillo-virkjun í Belís, Ermenek-virkjun í Tyrklandi, Nam Theun 2-verkefnið í Laos, Melonares-virkjunina á Spáni og Burnett-virkjunina í Ástralíu. ■



**SAMÞYKKT!** Angela Merkel greiddi að sjálfsögðu atkvæði með stjórnarsáttmálanum í Berlín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þýska stjórnarmyndunin:

# Sáttmálinn samþykktur

**ÞÝSKALAND** Félagar í þýsku kristilegu flokkunum og Jafnaðarmannaflokkinum samþykktu með drjúgum meirihluta stjórnarsáttmála sem forystumenn flokkanna þriggja undirrituðu á föstudag.

Því er ekkert því til fyrirstöðu að Angela Merkel taki við sem nýr kanslari Þýskalands. Hún tekur þó ekki strax við völdum því kjósa þarf hana í embættið í neðri deild þýska sambandsþingsins. Það er þó væntanlega aðeins formsatriði og verður gert 22. nóvember næstkomandi.

Þá kvaddi Gerhard Schröder, fráfarandi kanslari, félaga sína í Jafnaðarmannaflokknum með formlegum hætti í gær. ■



**MINNISMERKI SENT Í ENDURVINNSLUNA** Varnarliðið stóð fyrir því á dögunum að P-3 kafbátaleitarflugvél sem staðið hafði um árabil sem minnismerki á svæði varnarliðsins var rifin. Flugvélin fór í endurvinnslu sem brotamálmur. MYND/VARNARLIÐIÐ

# Ríkisstjórnin leitar samstöðu um varnir

**Lisa Kierans, stjórnarerindreki í bandaríska sendiráðinu, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um brottflutning varnarliðsins frá landinu. Halldór Ásgrímsson leitar víðtækrar samstöðu á Alþingi um varnarmál þjóðarinnar.**

**VARNARMÁL** „Það eru engar blikur á lofti um að varnarliðið sé á förum,“ segir Lisa Kierans, stjórnmálaerindreki hjá bandaríska sendiráðinu. Spurð um stefnu bandarískra stjórnvalda í málefnum herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli sagði Kierans að engar nýjar upplýsingar væru fyrirliggjandi.

„Ég hélt að þetta snerist ekki um það hvort Bandaríkjamenn vildu vera hér heldur hvort við teldum að þeir þyrftu að vera hér vegna okkar varnarhagsmuna,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, á Alþingi í gær. Ingibjörg bað Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra að útskýra ummæli sín frá því fyrir helgi þar sem hann lýsti því meðal annars yfir að Bandaríkjamenn yrðu ekki beðnir að vera hér ef þeir vildu ekki vera hér.

„Nú eru liðin fimm ár síðan samningurinn rann út og ég taldi ástæðu til að ræða þetta mál. Það er okkar skoðun að hér þurfi að vera sýnilegar varnir,“ svaraði forsætisráðherrann. Hann óskaði eftir því að Samfylkingin gæfi upp um hver stefna hennar væri í málinu því mikilvægt væri að um það næðist sem víðtækust samstaða.

Ingibjörg svaraði því til að ekki þýddi að beina spjótum að Samfylkingunni, ríkisstjórnin hefði ekki skilgreint varnarhagsmuni þjóðarinnar. „Forsætisráðherra og utanríkisráðherra eru í vinnu fyrir þjóðina. Þeir eru ekki að skila árangri. Það er núna fyrst að renna upp fyrir þeim að ekki sé samningsvilji af hálfu Bandaríkjamanna,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

„Það er ástæða til að fagna hinum nýja áhuga formanns Samfylkingarinnar á þessum mikilvægu málum,“ sagði Geir Haarde utanríkisráðherra er hann kvaddi sér hljóðs um málið. Geir sagði að ekki væri vitað til annars en að Bandaríkjastjórn hygðist efna þann varnarsamning sem gerður var árið 1951. Nánari útfærsla á framkvæmdinni myndi finnast í viðræðum sem væru fram undan.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði að ef ríkisstjórnin væri að leita víðtækrar samstöðu um varnarmál þá væri hennar ekki að vænta úr röðum Vinstri grænna.

**saj@frettabladid.is**

Þingkosningar á Grænlandi:

# Ásakanir um hassreykingar

**GRÆNLAND** Þingkosningar fara fram á Grænlandi í dag en óhætt er að segja að kosningabaráttan hafi verið fjörleg í meira lagi.

Siumut-flokkurinn og Inúítaflokkurinn hafa setið í landsstjórninni undanfarið kjörtímabil. Í fyrradag gaf hins vegar síðarnefndi flokkurinn út yfirlýsingu um að hann gæti ekki starfað með Siumut eftir að Lars-Emil Johansen, fyrrverandi formaður Siumut, gaf í skyn að leiðtogar Inúíta ættu í vandræðum vegna hassreykinga.

Grænlenska ríkisútvarpið segir líklegt að demókratar og Inúítar muni mynda stjórn að loknum kosningum og þá væri Siumut-flokkurinn í fyrsta sinn í stjórnarandstöðu. ■

Uppgjör Actavis Group:

# Í takt við spár markaðarins

**VIÐSKIPTI** Actavis hagnaðist um 1,7 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi, eða um 23,2 milljónir evra, sem er yfir sextíu prósentum meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra.

Markaðsaðilar gerðu ráð fyrir að hagnaður Actavis yrði um 1,9 milljarðar.

Rekstrarhagnaður (EBITDA) var rúmlega 3,5 milljarðar króna, sem er nokkuð umfram spár markaðarins.

Frá áramótum hefur Actavis hagnast um 3,3 milljarða króna þannig að afkoman á þriðja ársfjórðungi var betri en á öllum fyrri hluta ársins.

Actavis hefur vaxið mikið á árinu og er komið í hóp fimm stærstu fyrirtækja heims á samheitalyfjamarkaði. Nú er svo komið að yfir fimmtungur tekna félagsins kemur frá Norður-Ameríku. **- eþa**








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**KALDUR OG SVALANDI**

Það er ískalt loft yfir landinu og þeir verða fáir staðirnir sem verða frostlausir í dag. Hins vegar eru horfur á að hlýni á ný síðdegis á morgun eða fimmtudag. Það verður allhvasst á Austfjörðum og suðaustan til í dag og rétt er að vara við allsnörpum hviðum sunnan Vatnajökuls. Lægir í kvöld.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðaustan átt og bjartviðri. Frost 1-5 stig í dag en kaldara í nótt.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Vaxandi suðaustanátt og þykknar upp suðvestan til síðdegis með strekkingi.

*» fimmtudagur*




Fremur hæg suðlæg átt og hlýnandi veður í bili.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skýjað-skúr | París | 14°C alskýjað | Alicante | 18°C hálfskýjað |
| Osló | 5°C hálfskýjað | Berlín | 14°C léttskýjað | Mílano | 18°C skúrir |
| Stokkhólmur | 10°C alskýjað | Frankfurt | 13°C hálfskýjað | New York | 15°C rigning |
| Helsinki | 6°C hálfskýjað | Madríd | 15°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C léttskýjað |
| London | 13°C skúrir | Barcelona | 16°C hálfskýjað | Orlando/Florída | 27°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



ljósm.: Pjetur Sigurðsson

# Jón er kominn heim!

**Einn þekktasti athafnamaður þjóðarinnar, Jón Ólafsson lenti á Keflavíkurflugvelli um sjöleytið í gærkvöldi. Mikil eftirvænting hefur ríkt meðal þjóðarinnar vegna komu hans og ýmsar vangaveltur eru uppi um erindið.**

Fréttir af komu Jóns hafa farið eins og eldur í sinu og ekki er ofsögum sagt að um fátt annað er rætt á íslenskum spjallvefjum þessa dagana. Ýmsar kenningar eru uppi um erindi Jóns til Íslands, allt frá því að hér sé einfaldlega um kurteisisheimsókn að ræða til þess að hann sé hreinlega kominn til að vera.

Jón Ólafsson hefur verið aðsópsmikill í íslensku athafnalífi um langt árabil og þrátt fyrir að hafa nú um nokkurt skeið búið erlendis er ljóst að hann er enn ofarlega í huga íslenskrar þjóðarsálar.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins er Jón Ólafsson hingað kominn í tilefni útkomu nýrrar bókar um hann þar sem Einar Kárason hefur skráð skrautlega sögu þessa umsvifamikla athafnamanns. Bókin er væntanleg í verslanir í dag.





Kemur út í dag

Hver er maðurinn?

Jón Ólafsson er einn litríkasti athafnamaður Íslendinga á síðustu áratugum. Þetta er saga drengs sem vex af sjálfum sér og verður á undraskjótum tíma einn auðugasti maður Íslands og stýrir miklu fjölmiðlaveldi, en um leið er Jónsbók merkileg lýsing á íslensku viðskiptalífi á ofanverðri 20. öld og varpar óvæntu ljósi á samfélag okkar.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Einar Kárason

## „Eitthvað dallas í gangi“

„Það hafði lengi leitað á mig að úr ævi og ferli Jóns Ólafssonar mætti moða góða sögu. Utan frá fylgist maður með átökunum á fjölmiðlamarkaði; þar var samfélagsdeigla og þar var augljóslega eitthvað dallas í gangi, og þótt heyra mætti af kveinstöfum keppinauta keflvíkingsins og kjaftasögum sem flugu um bæinn þá virtist ekkert hagga þeirri staðreynd að hverri orrustu lauk með því að hann stóð uppi sem sigurvegari. Hann eignaðist líka ótrúlega volduga fjandmenn úr pólitík og stórauðvaldi en virtist aldrei kinoka sér við að bjóða þeim byrginn; ef það er satt að menn geti orðið stórir af andstæðingum sínum þá var Jón farinn að skaga nokkuð upp úr. Af persónulegum kynnum við manninn báru margir honum ljúflega söguna, en samt virtust alltaf loga umhverfis hann eldar. Og þar sem brenna bál eru oft sögur á sveimi; þarf ekki Flugumýri eða Bergþórshvol til.“


## Spjallið

**umræðuvefur þjóðarinnar**

**FÓKUS** Okt. 20 2005, 14:29



Hannes hefur auðvitað boðið honum í mat. Hann vill náttúrulega fá það á hreint hvort Jóni þyki í alvörunni vænt um hann.

**DÍSA** Okt. 20 2005, 14:34



Ég frétti að hann ætlaði að flytja heim. Saknaði svo Íslands ... náttúrunnar og svona.

**SORRÝ** Okt. 20 2005, 14:46



Glætan! Hann er örugglega að spá í eitthvað annað en að týna íslensk fjallagrös. Þetta er Jón Ólafsson for crying out lout!!!

**ADDA74** Okt. 20 2005, 14:46



Ég þekkti hann þegar hann var yngri. Ekkert smásætur. Algjör töffari.
Ég gæti sko sagt ykkur ýmislegt ... ef ég þyrði ...

**FJANDINN** Okt. 20 2005, 14:51



Hvaða rugl er þetta! Það vita allir hvers vegna Jón er kominn til Íslands. Þessi ...

****fjarlægt af vefstjóra****

www.spjallid.is



## KJÖRKASSINN

*Kæmu óeirðirnar í París í veg fyrir að þú færir þangað?*

| | |
|---|---|
| Já | 58% |
| Nei | 42% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með beinni útsendingu frá Edduverðlaununum?*

Hús Arnar Óskarssonar metið ónýtt eftir sprengingar við Hafnarfjarðarhöfn:

# Þurfa að finna annað hús

**HAFNARFJÖRÐUR** „Ég hef það slæmt. Það gengur ekkert með húsið og ég get alveg eins keypt mér gám og búið í honum,“ segir Örn Ægir Óskarsson verkamaður, sem býr við Vesturgötu 16 í Hafnarfirði.

Fyrr á þessu ári skemmdist hús Arnar á Vesturgötunni í sprengingum í tengslum við framkvæmdir Hafnarfjarðarbæjar í nágrenninu. Hús Arnar er talið ónýtt eftir sprengingarnar og leiddar eru líkur að því að klöppin undir því sé sprungin að því marki að hún muni skemmast frekar á næstu vetrum.

„Líklegasta lausnin á málinu er að finna sambærilegt hús á svipuðum slóðum,“ segir Jón Briem hæstaréttarlögmaður, en hann hefur tekið að sér málið fyrir Örn. Jón segir bæinn hafa reynt að finna slíka eign en það hafi gengið erfiðlega. „Það er verið að gera nýtt verðmat á eigninni og þetta er allt í farvegi,“ segir Jón.

Í sprengingunum, sem framkvæmdar voru í mars á þessu ári, mynduðust sprungur í veggjum hússins og hillur hrundu niður.

Fulltrúi verktakanna sem framkvæmdu sprengingarnar lýsti því yfir á sínum tíma að þær hefðu verið í eðlilegri fjarlægð frá byggð í nágrenninu. **- saj**



**ÖRN ÆGIR ÓSKARSSON VERKAMAÐUR** Örn er ósáttur við framgöngu Hafnarfjarðarbæjar. Lögmaður Arnar er bjartsýnn á að viðeigandi lausn finnist. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fékk í sig níðþungan stálbita:

# Átti að sýna aðgæslu sjálfur

**DÓMSMÁL** Tæplega 23 milljón króna skaðabótakröfu manns á fertugsaldri hefur verið hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Maðurinn slasaðist þegar í hann slóst 1,2 tonna þungur stálbiti sem verið var að flytja með lyftara við bæ í Borgarnesi í október 2003. Samkvæmt framburði læknis nam örorka mannsins vegna slyssins hundrað prósentum í tólf mánuði, en varanleg örorka samkvæmt skaðabótalögum nam fjörutíu prósentum.

„Stefnandi tók þá ákvörðun að ganga að stálbitanum eftir að hann tók að sveiflast,“ segir í dómnum og var talið að gáleysi mannsins sjálfs hefði ráðið miklu um að svo fór sem fór. **- óká**




# Ræningi þegir um félaga og ránsfeng

**Maður var dæmdur í tveggja ára fangelsi í gær fyrir bankarán. Félagi mannsins úr ráninu gengur enn laus og ránsfengur þeirra er ófundinn. Mennirnir voru vopnaðir rörbútum og létu dólgslega. Annar hjólaði en hinn hljóp af vettvangi.**

**DÓMSMÁL** Hilmar Ragnarsson, 43 ára gamall Reykvíkingur, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi.

Hilmar og óþekktur félagi hans réðust hettuklæddir inn í útibú Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Hátúni 2 um klukkan 11:20 föstudaginn 9. janúar í fyrra. Þeir voru vopnaðir rörbútum, ógnuðu viðskiptavini bankans og starfsfólki og komust undan með 610 þúsund krónur sem aldrei hafa fundist.

„Ákærði á sér engar málsbætur,“ segir í dómnum og er tekið fram að ljóst sé að ránið hafi verið fyrir fram vel skipulagt, bæði með það í huga að komast yfir mikla peninga og tryggja undankomu ræningjanna. „Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði framdi ránið á ófyrirleitinn hátt í félagi við annan mann og voru þeir báðir hettuklæddir.“

Fram kemur í dómnum að mennirnir hafi látið mjög dólgslega þegar þeir réðust til inngöngu þar sem þeir öskrandi slögu rörbútunum í innanstokksmuni. Hilmar braut svo glerið í gjaldkerastúku og hótaði að drepa starfsstúlkuna ef hún afhenti ekki peninga. Á meðan stökk félaginn upp á afgreiðsluborð fyrir framan aðra stúku og hrifsaði til sín peninga. Ránið sjálft tók ekki nema örfáar mínútur. Það hófst klukkan 11:19 og voru mennirnir á bak og burt þegar lögregla kom klukkan 11:23. Þjónustufulltrúi í bankanum hafði ýtt á neyðarhnapp og úti fyrir hringdi vegfarandi á lögreglu.

Til ræningjanna sást þar sem annar flúði á hjóli en hinn hlaupandi, en fjöldi vitna varð var við ferðir þeirra. Hilmar var ekki yfirheyrður vegna málsins fyrr en um einum og hálfum mánuði eftir ránið og neitaði þá staðfastlega nokkurri aðild en kvaðst á þessum tíma hafa verið í mikilli fíkniefnaneyslu.

Lögregla fann hins vegar lífsýni úr honum í nælonsokki sem hann notaði til að hylja andlit sitt við ránið. Sokkurinn fannst við gatnamót Laugavegar og Ásholts ásamt öðru dóti sem ræningjarnir köstuðu frá sér á flóttanum. Einnig fundust lífsýni úr Hilmari í gúmmíhanska og húfu sem fannst á svipuðum slóðum.

Auk fangelsisdómsins var Hilmari gert að greiða viðskiptavini bankans sem þeir félagar hröktu út með ofbeldi 300 þúsund krónur í skaðabætur, bankanum rúmlega 709 þúsund krónur og rúmar 745 þúsund krónur í sakarkostnað.

**olikr@frettabladid.is**



**ÚR ÖRYGGISMYNDAVÉLAKERFI SPRON** Annar bankaræninginn tekur hér við peningum úr hendi gjaldkera. Lögreglan sendi frá sér myndir úr eftirlitskerfi bankans þegar ræningjanna var enn leitað í ársbyrjun í fyrra.



**LÖGREGLA Á VETTVANGI** Mikill viðbúnaður var vegna bankaránsins í Hátúni, en lögregla var komin á vettvang örfáum mínútum eftir ránið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ný úttekt Samtaka evrópskra háskóla á starfi Háskóla Íslands:

# Fær minna fé en erlendir skólar

**SKÓLAMÁL** Nýbirt úttekt sérfræðinga innan Samtaka evrópskra háskóla sem falið var að gera almenna úttekt á starfi Háskóla Íslands leiðir í ljós að Háskólinn á talsvert í land með að njóta sömu fjárveitinga og sambærilegir erlendir skólar og það stendur starfi hans fyrir þrifum.

Er þetta þriðja úttektin á Háskóla Íslands á tveimur árum og segir Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor að þær sýni allar að skólinn sé þrátt fyrir allt á góðri leið og þegar sé hafið starf innan skólans við að koma á þeim umbótum sem mælt er með í úttektunum þremur. „Þarna koma fram ábendingar um hvað betur megi fara í innra starfi skólans og við því höfum við þegar brugðist og munum halda því áfram.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ítrekaði að úttektin sýndi að staða Háskóla Íslands væri þrátt fyrir allt sterk. „Það er vilji ríkisstjórnarinnar að styðja dyggilega við þann stórhug sem stjórnendur skólans hafa um að koma honum á næstu árum í fremstu röð háskóla í heiminum og við höfum verið að auka það fjármagn sem hann fær á síðustu árum. Það sést á þeim fjárlögum sem nú liggja fyrir og í framtíðinni er ætlunin að halda þeim stuðningi áfram.“

**- aöe**



**HÁSKÓLAREKTOR** Kristín Ingólfsdóttir segir þessa þriðju úttekt á Háskóla Íslands á tæpum tveimur árum vera gott tæki til að bæta innra starf skólans.


HVAÐ ÞARF TIL AÐ STOPPA ÞIG?
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM!
UMFERÐARSTOFA
VÍNBÚÐ

fvh

PÓSTLISTI FVH -SKRÁÐU ÞIG!

ERT ÞÚ NOKKUÐ AÐ MISSA AF FRÉTTUM, TILKYNNINGUM OG HAGSTÆÐARI KJÖRUM FRÁ FVH?

Samstarfsaðilar eru Íslandsbanki, IMG, KPMG, Deloitte, Síminn, VR, Vífilfell, Bros, Lausn, Prentmet, Grand Hótel og Pósturinn.



Hafsteinn Már Einarsson forstöðumaður Gallup

Kristinn Tryggvi Gunnarsson Stjórnunarráðgjafi hjá IMG

Kristján Óskarsson framkvæmdastjóri útibúasviðs Íslandsbanka

Brynjólfur Bjarnason Forstjóri Símans

Vill þitt fyrirtæki gerast samstarfsfyrirtæki FVH?
Hafðu samband - kannaðu málið! fvh@fvh.is

KB BANKI

Játningar Sajida al-Rishawi vekja mikið umtal í Jórdaníu og sýnist sitt hverjum:

# Efast um tengsl við al-Kaída

**AMMAN, AP** Vart er talað um annað í Jórdaníu en Sajida Mubarak Atrous al-Rishawi sem játaði í sjónvarpsútsendingu að vera fjórði árásarmaðurinn í hryðjuverkunum í Amman í síðustu viku þar sem 57 manns létu lífið.

Al-Rishawi varð heimsfræg að endemum á sunnudag þegar hún kom fram í sjónvarpi á sunnudag, gyrt sprengjubelti, og viðurkenndi að hafa mistekist að sprengja það í brúðkaupsveislu á Radisson SAS-hótelinu í síðustu viku. Eiginmanni hennar tókst hins vegar að sprengja sína sprengju.

„Ég sat og horfði á þetta og ég gat ekki skilið hvernig hún gat sagt frá þessu af slíkri yfirvegun,“ sagði Adel Fathi í samtali við AP-fréttastofuna, en þrír ættingjar hans fórust í brúðkaupinu. „Úr hverju er þetta fólk?“ bætti hann við beiskum rómi.



**GYRT SPRENGJUBELTI** Mörgum Jórdönum finnst grunsamlegt að al-Rishawi hafi ennþá verið með sprengjubeltið þegar hún var handtekin fjórum dögum eftir árásirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margir Jórdanar efast hins vegar um að al-Rishawi hafi nokkur tengsl við al-Kaída heldur sé jórdanska lögreglan einungis að láta líta út fyrir að hún sé að ná árangri, „Ég trúi þessu ekki. Of margar þversagnir eru í málinu og þetta kemur ekki heim og saman,“ sagði Mohammedal-Fakhiri, símasölumaður frá Amman. „Hún hefði byrjað á að losa sig við sprengjubeltið og því er afar ólíklegt að lögreglan hafi tekið hana fasta nokkrum dögum síðar með það vafið um sig.“ - shg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bíll brennur** Eldur kviknaði í fyrrinótt í jeppa í Víkurskarði í Eyjafirði. Ökumaður, sem var einn í bílnum, slapp ómeiddur. Bíllinn var orðinn alelda þegar lögregla og slökkvilið komu frá Akureyri. Eldsupptök eru ókunn en lögregla vinnur að rannsókn málsins.

**Flýtti sér í heiminn** Lítil stelpa fæddist neðst í Ártúnsbrekkunni aðfaranótt mánudags. Var verið að flytja móðurina í sjúkrabíl á fæðingardeild Landspítalans þegar stelpan taldi sig tilbúna til að koma í heiminn. Sjúkraflutningamenn tóku á móti telpunni ásamt föðurnum sem var einnig í bílnum. Auk þess sem lögregla kom á vettvang til að aðstoða. Móður og dóttur heilsast vel.

**Ofbeldi og ölvun** Lögreglan í Keflavík þurfti að hafa afskipti af tveimur ölvuðum mönnum á krá í bænum aðfaranótt mánudags. Mennirnir höfðu slegist um hríð og skakkaði lögregla leikinn. Annar mannanna þurfti að leita sér læknisaðstoðar vegna áverka eftir slagsmálin.



**STYRK FJÁRMÁLASTJÓRN** Borgarstjóri er afar ánægður með þá fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sem lögð verður fyrir borgarstjórn. Segir hún hana sýna að staða borgarinnar sé sterk ólíkt því sem margir vilji vera láta. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Skuldir lækka um milljarð

**Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár var kynnt í gær. Stefnt er að lækkun skulda og tekjuafgangur verður af rekstrinum.**

**BORGARMÁL** „Þetta frumvarp að fjárhagsáætlun ber með sér að borgarbúar eru að uppskera árangur traustrar fjármálastjórnar í borginni undanfarin ár,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri. Borgarstjóri kynnti í gær fjárhagsáætlun sína fyrir næsta ár. Þar kemur fram að hreinar skuldir borgarinnar eiga að lækka um rúman milljarð króna og gert er ráð fyrir 1,4 milljarða króna rekstrarafgangi.

Heildartekjur borgarsjóðs eru áætlaðar rúmar 45 milljarðar króna sem er tæpum tíu prósentum meira en gert er ráð fyrir á yfirstandandi ári. Á móti hækka rekstrargjöld úr tæpum 39 milljörðum í tæpa 42 milljarða en áætlanir gera ráð fyrir að rekstrarafgangur verði nálægt 1,4 milljörðum króna, sem er öllu hærra en þær tæpu fimm hundruð milljónir sem útkomuspá þessa árs gerir ráð fyrir.

Bókfærðar heildareignir munu lækka á tímabilinu um fimm milljarða króna, fyrst og fremst sökum sameiningar Fráveitu og Orkuveitu Reykjavíkur.

Heildarskuldir borgarsjóðs munu lækka um rúma átta milljarða króna miðað við útkomuspá þessa árs og áætlanir þess næsta náist. Hefur heildarskuldastaða borgarinnar því ekki verið betri síðustu fjögur ár.

Sem fyrr vega menntamál þyngst í útgjöldum sjóðsins í áætluninni. Alls 46 prósent allra útgjalda eru eyrnamerkt til menntastofnana af einu eða öðru tagi. Velferðarmál taka sextán prósent en önnur mál mun minna.

Steinunn Valdís segir að skattar og gjöld á hvern borgarbúa séu með því lægsta sem gerist í þéttbýli í borginni og að borgarsjóður muni njóta þeirra þenslu sem fyrirsjáanleg er á næsta ári í formi hækkandi útsvari og væntanlega lægri útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar af ýmsu tagi.

Borgarstjóri segir að fjárhagsáætlunin sýni að staða borgarsjóðs sé sterk þrátt fyrir tal margra um að svo sé ekki og að miðað við þá þjónustu og verkefni sem borgin innti og ætlaði sér að inna af hendi fyrir íbúa sína sé um góða og heilbrigða áætlun að ræða. „Auðvitað erum við með útsvarsprósentuna í toppi en það er hluti af okkar áætlun. Við viljum fremur fá eins mikið og hægt er og nota það fé í samfélagslega sjóði sem öllum borgarbúum nýtast. Þess vegna getum við haldið þjónustu ódýrri, boðið gjaldfrjálsan leikskóla og lækkað fasteignagjöld eins og hugmyndir okkar standa til.“

albert@frettabladid.is

Japanskt könnunarfar:

# Bilun í Mínervu

**TÓKÝÓ, AP** Japanska geimferðastofunin hefur misst samband við geimkannann Mínervu sem var skotið frá móðurfari sínu, Hayabusa, á laugardag.

Mínerva átti að lenda á loftsteininum Itokowa í æfingarskyni fyrir lendingu Hayabusa, sem á snemma í desember að hafa tekið sýni af yfirborði steinsins áður en það snýr aftur til jarðar. Itokawa er í 290 milljón kílómetra fjarlægð frá jörðu og er búist við að heimferðin taki tæp tvö ár.

Bilun Mínervu er Japönunum talsvert áfall en ferð Hayabusa hefur verið þyrnum stráð hingað til. ■

NISSAN MICRA

NISSAN

SKIPT_um væntingar



SÆTUST!

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, 6 diska geislaspilari, lyklalaus, sjálfvirkar rúðuþurrkur.



Micra
Verð 1.490.000.-

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Fíton/SÍA






# NÝR GRAND VITARA

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is



BAUGUR GROUP

STYRKTARSJÓÐUR BAUGS GROUP HF.
AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM



**Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum. Það verður gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn.**

Áhugasamir aðilar, sem uppfylla ofangreind skilyrði, eru hvattir til að senda inn umsókn ásamt stuttri greinargerð.
Samanlögð lengd umsóknar og greinargerðar skal takmarkast við eina vélritaða síðu (A4).

Umsóknum skal skilað fyrir 1. desember n.k. til:

Styrktarsjóður Baugs Group hf.,
b.t. Soffíu Lárusdóttur,
Túngötu 6, 101 Reykjavík

eða á netfangið styrktarsjodur@baugurgroup.com.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson, en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálmadóttir.
Ritari stjórnar sjóðsins er Soffía Lárusdóttir.

hzeta ehf


Alls létust 39 manns í bílslysum á Spáni um helgina:

# Yfirvöld vara við mikilli ofankomu

**SPÁNN** Spænska innanríkisráðuneytið hefur lýst yfir viðbúnaðarástandi í fjórtán nyrstu héruðum landins vegna mikilla kulda og snjóa.

Loka hefur þurft fjölda þjóðvega vegna snjóþyngsla og gera veðurspár áfram ráð fyrir ofankomu og frosti langt inn í land. Viðvörun ráðuneytisins gildir allt suður að höfuðborginni Madríd.

Um helgina urðu yfir þrjátíu bílslys sem beinlínis má rekja til ófærðar og hálku en í þeim létust 39 manns. ■



**HVÍT JÖRÐ Á SPÁNI** Snjór og hálka hefur valdið miklum umferðartöfum og slysum á Spáni undanfarna daga.



**MEÐ PÁLMANN Í HÖNDUNUM** Ritt Bjerregaard (til hægri) veit að máli skiptir að ná persónulegu sambandi við kjósendur enda er hún sögð nokkuð örugg um sigur í dag.

# Bjerregaard er sigurstrangleg

**Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar í Danmörku í dag. Baráttan um borgarstjórastólinn í höfuðborginni hefur verið fjörug enda litríkt fólk í kjöri.**

**DANMÖRK** Í dag verður kosið til sveitarstjórna í Danmörku. Kosningabaráttan í Kaupmannahöfn hefur verið lífleg undanfarnar vikur enda eru frambjóðendur þriggja stærstu flokkanna litríkar og mjög ólíkar persónur. Stefnumálin hafa ekki bara verið í brennidepli.

Allt stefnir í að hin 64 ára Ritt Bjerregaard, borgarstjóraefni Jafnaðarmanna, vinni stórsigur í Kaupmannahöfn. Hún hefur verið áberandi í dönskum stjórnmálum í nær 35 ár og var á áttunda áratugnum ráðherra og þingmaður en starfaði síðan fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Stjórnmálaskýrendur segja Bjerregaard hafa háð gamaldags en árangursríka kosningabaráttu sem gengur út á að ná persónulegu sambandi við kjósendur. Hún hafi því verið áberandi á götum úti, ferðast um borgina á hjóli og rætt við fólk. Þetta virðist hafa heppnast því samkvæmt könnun sem blaðið gerði í síðustu viku vilja 46 prósent kjósenda í Kaupmannahöfn að hún verði næsti borgarstjóri.

Þrátt fyrir ungan aldur er þingmaðurinn Søren Pind, borgarstjóraefni Venstre, að bjóða sig fram í þriðja skipti. Stefna hans í innflytjendamálum hefur verið gagnrýnd í baráttunni og önnur stefnumál Venstre hafa því ekki fengið mikla athygli. Dönsku blöðin segja Pind ekki hafa verið með puttana á púlsinum og því ekki náð til kjósenda, þrátt fyrir fokdýra baráttu.

Óhætt er hins vegar að segja að oddviti Radikale Venstre í Kaupmannahöfn sé senuþjófur kosningabaráttunnar í Kaupmannahöfn. Klaus Bondam heitir hann og er leikari að mennt og samkynhneigður. Hann hefur litla reynslu af stjórnmálum en þrátt fyrir það bætir flokkur hans við sig töluverðu fylgi ef marka má skoðanakannanir. Hann hefur sagt að samstarf við Danska þjóðarflokkinn komi ekki til greina en sá flokkur hefur harða stefnu í málefnum innflytjenda. Eins hefur hann sagt að ef borgaraflokkarnir myndi meirihluta komi ekki annað til greina en að hann verði borgarstjóri. Hann muni ekki styðja Søren Pind.

Aftur á móti stefnir allt í að þeir verði í minnihluta á næsta kjörtímabili en Ritt Bjerregaard muni hafa tögl og haldir í stjórn borgarinnar. kristjans@frettabladid.is



**SØREN PIND**



**KLAUS BONDAM**


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

ENNÞÁ BETRI



IMPREZA

Þegar Impreza-eigendur kaupa nýjan bíl, þá kaupa þeir nýjan Impreza. Þess vegna þarf Subaru Impreza sífellt að bæta sig, verða enn kraftmeiri, vandaðri og skemmtilegri. Nýr Impreza er 22% aflmeiri en áður og beinir heilum 160 hestöflum til allra fjögurra hjóla með einstöku Symmetrical AWD aldrifi Subaru. Hann er einfaldlega frábær.

- 22% aflmeiri - 2.0 lítra - 160 hö.
- Einstakir akstursegininleikar
- Sítengt aldrif (AWD)
- Kastarar í stuðara
- 16" álfelgur

SEDAN
Verð frá 1.990.000 kr.
Verð frá 2.050.000 kr.
WAGON

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Fíton/SÍA

# ANNÁLAÐUR SAGNAMEISTARI
# LÆTUR GAMMINN GEISA!




**Bráð-skemmtileg bók!**

## Ótrúleg frásagnargáfa og leiftrandi kímni!

Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og fyrrum frjálsíþróttakappi, segir í þessari hressilegu bók sögur af ýmsum samferðamönnum, allt frá rónum upp í ráðherra - en að auki koma æðri máttarvöld við sögu.

Eyrún Ingadóttir tók saman.

Veröld
B?KAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

## „ORÐRÉTT“

*Framsóknarmenn eru skrítnir*

**„Þetta var alveg ævintýralega mikil þátttaka og með þennan lista ættu framsóknarmenn að hlakka meira til kosninga en jólanna.“**

Ómar Stefánsson, sigurvegari í prófkjöri Framsóknarflokksins í Kópavogi. Fréttablaðið.

*Skynsamir drengir*

**„Vinskapur okkar strákanna er miklu mikilvægari en einhver heimasíða.“**

Tvímenningar, kenndir við Fazmo, í DV um heimasíðuna fazmo.is sem þeir hyggjast loka.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BJÖRN DAVÍÐSSON, ÞRÓUNARSTJÓRI SNERPU Á ÍSAFIRÐI

## Vonir bundnar við Háskólasetur



„Nú sjáum við fram á að langþráður draumur rætist,“ segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri hjá Snerpu á Ísafirði, aðspurður um hvað sé helst að frétta hjá honum og vísar til opnunar Háskólaseturs á Ísafirði.

„Háskólasetrið fer í formlegan rekstur núna um áramótin í verslunarhúsinu, sem kallað er, hérna niðri á bryggju. Þetta þýðir náttúrulega aukin umsvif, húsnæðið þarf að standsetja og ljóst að víðar er verið að byggja en á Austfjörðum,“ segir Björn ánægður með að fá að flytja svo góðar fréttir. „Við berum miklar vonir til þess að vel takist til með þetta. Hér á Ísafirði eru nú þegar hátt í hundrað nemendur í háskólanámi í gegnum Fræðslumiðstöð Vestfjarða og sýnir að virkilega er þörf á stuðningi við svona nám hér. Eigi menn þess kost að stunda námið héðan þá gera menn það,“ segir hann og telur svo hátta um hjá mörgum að þeir hvorki geti, né vilji, flytja sig um set til að stunda nám annars staðar. „Þá er náttúrulega alveg frábært að geta boðið fólki upp á þetta og okkur hlakkar mikið til og erum í hátíðarskapi hvað þetta varðar. Okkur munar mjög mikið um þetta og teljum mikið framfaraskref, enda munar um hvert starf hér.“

Björn segist ekki koma að stofnun setursins beint, nema sem varabæjarfulltrúi. „Mörg fyrirtæki á staðnum, þar á meðal Snerpa, stóðu að því að koma þessu af stað með því að leggja hvert um sig 150 þúsund krónur í stofnfé inn í sjálfseignarstofnunina sem Háskólasetrið er,“ segir Björn og telur það sýna betur en margt annað áhugann fyrir rekstrinum sem fyrir hendi er á Ísafirði. „Fyrirtækin munar um það að starfsfólk geti menntað sig án þess að þurfa um leið að yfirgefa staðinn.“

## SJÓNARHÓLL

EDDUVERÐLAUNIN



GUNNHILDUR HELGA GUNNARSDÓTTIR
FYRRVERANDI SJÓNVARPSKONA

### Ánægð með flestallt

„Mér finnst frábært að Silvía Nótt hafi unnið,“ segir Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir, fyrrverandi stjórnandi Djúpu laugarinnar sem nú vinnur jöfnum höndum hjá Sumarferðum og Skjá einum, um Edduverðlaunin sem veitt voru á sunnudagskvöldið.

Hún segist vissulega vera svolítið lituð í afstöðu sinni vegna vinnu sinnar á Skjá einum og er fyrir vikið pínulítið svekkt yfir að Sirrý hafi ekki hreppt verðlaun fyrir sinn þátt.

„Annars er ég ánægð með flestallt en tek þó fram að ég hef ekki séð allar myndirnar sem voru tilnefndar þannig að ég get ekki dæmt um allt.“

Gunnhildur Helga segist oft horfa á verðlaunaafhendingar en gráti þó ekki þótt hún missi af þeim. „Það er gott að þær séu haldnar því það er gott fyrir fólk að fá viðurkenningar þegar það hefur gert vel.“



**GLAÐIR Á GRÆNLANDI** Frá vinstri: Kristinn Einarsson, Sturlaugur Daðason, Birgir Jósafatsson, Bjarni Helgason, Ólafur Jóhannsson og Kristinn Karl Dulaney.

# Gengið um Grænland grátt og grýtt

**Sex félagar héldu í fimm daga göngu um Grænland í byrjun ágúst og nutu þar gríðarlegrar náttúrufegurðar auk félagsskapar hver annars. Þeir sýna myndir frá ferðinni í Norræna húsinu á morgun.**

Gamall draumur Kristins Karls Dulaney rættist í sumar þegar hann hélt með fimm félögum sínum til Grænlands. Erindið var fimm daga ganga um landið fagra í norðvestri.

„Ég hef gengið mikið um Ísland og hafði lengi langað til að fara til Grænlands og ganga þar,“ segir Kristinn Karl. Hann viðraði hugmyndina við nokkra félaga sína og á endanum lögðu þeir sex talsins af stað. Þannig vill til að fjórir þeirra búa við sömu götu og æfa þeir að auki saman líkamsrækt.

Gott líkamlegt form er nauðsynlegt þegar lagt er í ferð sem þessa því 25 kílómetra ganga á dag með um 25 kílóa farangur á bakinu tekur á.

Enginn sexmenninganna hafði komið á þessar slóðir áður en þar sem gangan var þeim jafn ánægjuleg og raun ber vitni er ekki ólíklegt að þeir haldi aftur á svipuð mið í leit að spennandi gönguleið.

Öfugt við það sem margur kann að ætla gengu þeir félagarnir ekki mikið á ís og snjó heldur grjóti. „Það var mjög hart undir fæti og lítið um gróður,“ segir Kristinn Karl.

Gangan gekk vonum framar og engin ljón urðu á veginum, hvorki hvítabirnir né aðrar skepnur. Félagarnir hrepptu ágætt gönguveður, súld fyrstu dagana en sól og fínerí þegar líða tók á ferðina.

Myndir frá ferðalaginu verða sýndar á vegum Grænlandsfélagsins í Norræna húsinu annað kvöld og hefst sýningin klukkan 20. ■



**SIGLT INN AMMASSALIK-FJÖRÐ** Eftir langa siglingu inn fjörðinn tók við fimm daga ganga yfir grýtt Grænland.

„Ekki myndi ég þurfa að hugsa ef einhver ætlaði að gefa mér

GOTT FÓLK McCANN

*Mótframlag fyrir



**ÖND Á HAUSTGÖNGU** Haustið í Póllandi er milt og fallegt þetta árið og því spígspora menn og málleysingjar um laufi þakta göngustíga skrúðgarðanna í Varsjá.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Arnaldi fagnað í Vilníus:

# Húrra Ísland

Á fjölmennu glæpasagnaþingi í Vilníus, höfuðborg Litháens, sem haldið var í síðustu viku gerðist hið óvænta; þátttakendur og áheyrendur hrópuðu einum kór: „Húrra fyrir Íslandi.“

Þingið sátu glæpasagnahöfundar frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi og var fjallað um þessa gerð bókmennta frá fjölmörgum sjónarhornum.

Norðmaðurinn Nils Nordberg, sem er sérfróður um norrænar glæpasögur, stóð í pontu og flutti erindi um uppsveiflu norrænna glæpasagna. Vék hann að íslenskum glæpasögum og fór fögrum orðum um Arnald Indriðason og ágætan árangur hans á alþjóðavettvangi; Tvöfaldan Glerlykil og tilnefningu til Gullna rýtingsins.

Árni Þórarinsson, rithöfundur og blaðamaður, sat þingið og var einmitt í pallborði þegar Nils flutti fyrirlestur sinn. Hafði Árni fregnað skömmu áður en Nils hóf mál sitt að Arnaldur væri ekki einasta tilnefndur til Gullna rýtingsins heldur hefði hann hlotið verðlaunin.

Árna rann blóðið til skyldunnar og kippti í Nils, sem brá illilega við trufluninni. Það tók hann nokkur andartök að meðtaka skilaboð Árna um að Arnaldur hefði unnið til verðlaunanna nokkrum mínútum áður en þegar hann loksins gerði það brosti hann út að eyrum, setti hnefann á loft og kallaði yfir viðstadda: „Húrra fyrir Íslandi!“

Í kjölfarið glöddust allir nærstaddir og ekki síst heimamenn sem enn muna sem gerst hafi í gær þegar Íslendingar, fyrstir þjóða, viðurkenndu sjálfstæði Litháen 1991. „Húrra fyrir Íslandi!“ ómaði um salarkynnin og það sem vera átti fræðilegt málþing um stöðu glæpasagnagerðar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum breyttist skyndilega í íslenska sigurhátíð.







TOYO TIRES

LOKSINS Á ÍSLANDI

Bestu dekkin í USA 8 ár í röð

Áttunda árið í röð voru Toyo dekkin valin bestu dekkin af Tire Review Magazine sem er tímarit hjólbarðasala í Bandaríkjunum. Toyo vetrardekkin eru með einstökum míkróskurði sem gefur betra veggrip og meira öryggi. Toyo dekkin eru líka sérstaklega mjúk og hljóðlát.



**Tranpath S1, harðkorna dekk**
17” - 18” felgur

**Garit G30, harðkorna dekk**
13” - 15” felgur

Míkróskorin „suction rubber“ dekk með hörðum, umhverfisvænum kornum og náttúrulegum skeljabrotum. Dekkin eru með hárfínum míkróskurði sem hleypir raka upp í dekkið og nánast límið það ofan á ísingu. Síðan grípa hörðu, náttúrulegu skeljakornin í ísinn líkt og klær. Dekk sem hafa reynst afburða vel í Svíþjóð og Finnlandi. Nýtt Silica Compound soggúmmíið vinnur afburðavel í kulda og nær gripi þrátt fyrir að vatnsfilma liggi ofan á vegísingu.

**C1S, neglanleg vetrardekk**
13” - 16” felgur

Míkróskorin og neglanleg dekk hönnuð fyrir akstur við erfiðar vetraraðstæður. Dekkin halda mýkt sinni í miklu frosti og tryggja frábært grip. Djúpt og gleitt mynstrið veitir mjög gott grip í snjó og hálku og styttir hemlunar-vegalengd í bleytu. „Silica Compound“ gúmmíið hefur einstaka viðloðun við blautan vegflöt.

**Open Country All Terrain**
Jeppadekk á 15”, 16”, 17”, 18” og 20” felgur. Hæð 28” - 37”

Radial dekk með alhliða A/T mynstri. Veita afburða grip í akstri um vegleysur og eru ljúf og þægileg á vegi. Dekkin bíta af grimmd í snjó og bleytu. Reynslan sýnir að þau endast öðrum dekkjum betur undir jeppum, pallbílum og sendibílum.

**Open Country Mud Terrain**
Jeppadekk á 15”, 16”, 17” og 18” felgur. Hæð 28” - 38”

Henta jeppamönnum í vegleysurnar. Grimmsterk radialdekk með torfærumynstri, með meira burðarþol en samt mjúk og þægileg í þjóðvegaakstri. Engin málamiðlun í torfærurnar og veita afburða grip í akstri um vegleysur.

hausverk / SIA



Ný umhverfisvæn harðkorna dekk




Þýska bílablaðið Gute Fahrt valdi Toyo dekkin bestu dekkin 2 ár í röð.



Porsche Cayenne sló nýlega hraðamet fjórhjóladrifinna bíla, 308 km/klst - með Toyo dekkjum.

NESDEKK S. 561 4110
Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi
Sími 561 4110

Bílabúð Benna
Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
**Sími 590 2000 • www.benni.is**



mig tvisvar um

4.620.554 kr.*“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

skatta við 60 ára aldur, m.v. 28 ára einstakling með 250.000 kr. í mánaðarlaun. Lokainneign fyrir skatta er 13.861.661 kr.


1 af 100
Himinn og haf / SIA


7
Eitt framsæknasta fyrirtæki Evrópu, Avion Group, stefnir á að verða öflugasta alhliða flutningsfyrirtæki í heimi. Um 4500 manns á 85 starfsstöðvum í öllum byggðum heimsálfum skapa okkur ómæld sóknarfæri.
Að vera á réttum stað á réttum tíma er einkenni öflugrar sóknar. Það er nokkuð sem 1007 flugmenn Avion Group hafa ávallt að leiðarljósi.
AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim
www.aviongroup.is
EXIT

## Svona erum við

> Heildarþykkt ósonlagsins yfir Reykjavík í ágúst




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: KATTAHALD Í REYKJAVÍK

# Allir kettir skulu hafa örmerki

Frá 23. ágúst hafa allir kettir í Reykjavík þurft að vera varanlega merktir með örmerki. Endurskoðuð samþykkt um kattahald, sem tók þá gildi, á að skapa meiri sátt um kattahald í borginni. Því skal kattahald ekki valda hávaða, ónæði, óþrifnaði eða óhollustu. Ef köttur veldur nágranna ónæði, óþrifum eða tjóni, ber eiganda eða forráðamanni kattarins að koma í veg fyrir slíkt.



**Af hverju að merkja ketti?**
Um 500 óskilakettir finnast árlega í Reykjavík og eru fluttir upp í Kattholt. Um fjórðungur þeirra er sóttur af eigendum. Um helmingi er komið til nýrra eigenda en aðrir kettir eru svæfðir. Eigendum katta er nú skylt að merkja þá varanlega með örmerki til að draga úr fjölda óskilakatta.

**Hvernig eru kettir merktir?**
Til að merkja ketti þarf að fara með þá til dýralæknis sem kemur örmerki fyrir undir húð í herðakambi kattar. Örmerkið er lítill kubbur sem geymir fimmtán stafa númer. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar heldur skrá yfir merkta ketti og eigendur verða að tilkynna þangað númer örmerkisins og nafn eigenda. Frá og með deginum í dag verður vefskráning á örmerki katta virk á heimasíðu umhverfissviðs, umhverfissvid.is. Einnig er hægt að tilkynna númer örmerkis og nafn eiganda með því að hringja í umhverfissvið.

**Er nóg að merkja ketti með örmerki?**
Ekki er nægjanlegt að láta örmerkingu duga á köttum. Til að almennir borgarar geti komið óskilaköttum til eigenda sinna er bæði nauðsynlegt og skylt að merkja ketti með hálsól þar sem finna má upplýsingar um heimilisfang og símanúmer eiganda. Þá hvetur umhverfissvið til þess að tillit sé tekið til fuglalífs og því sé bjalla sett á hálsól katta.

## SPURT & SVARAÐ
PRÓFKJÖRIÐ Í KÓPAVOGI


SAMÚEL ÖRN ERLINGSSON
Framsóknarmaður

### *Gegndi kalli*

Samúel Örn Erlingsson, deildarstjóri hjá Ríkisútvarpinu, bauð sig fram í prófkjöri Framsóknarflokksins í Kópavogi og náði kjöri í annað sæti.

**Hvað kom til að stjórnmálastarf fór að kitla?** Það er fyrst og fremst ákveðið óvissuástand í Framsóknarflokknum í Kópavogi í kjölfar þess að bæjarstjórinn féll frá og oddviti flokksins ætlaði ekki að halda áfram. Mér fannst líka athyglisvert að flokkurinn bauð til opins prófskjörs. Hann var að kalla eftir nýjum kröftum og nýrri forystu og því kalli var ég að gegna.

**Hefurðu verið framsóknarmaður lengi?** Ég hef alltaf verið frjálslyndur félagshyggjumaður. Ég var fréttamaður lengi og þá gaf maður sig ekki út með stjórnmálaskoðanir og gekk ekki í stjórnmálaflokk.

**Ætlarðu að taka annað sætið?** Þetta var glæsilegasta og fjölmennasta prófkjör sem hér hefur verið haldið og það væri að hlaupast á brott ef maður ætlaði ekki að taka svona kosningu þannig að ég er kominn til að vera.

# Brot gegn mannréttindum og forræðishyggja hins opinbera

**Mannréttindi eru brotin og forræðishyggja ríkir hjá hinu opinbera hvað varðar málefni transgender-fólks. Að minnsta kosti tíu Íslendingar hafa sótt um að fá að fara í aðgerð til leiðréttingar á kyni hér á landi en aðeins tveir hafa fengið að fara í og ljúka slíku meðferðarferli hér á landi.**

Heilbrigðisyfirvöld treysta einstaklingunum ekki til að taka ákvarðanir sem þeir telja sjálfum sér fyrir bestu og neita þeim því í langflestum tilfellum um að komast í leiðréttingu á kyni. Fólkinu líður illa í röngu kyngervi og margir hrekjast af landi brott. Þetta er mat Önnu Kristjánsdóttur en hún var í hópi fyrstu Íslendinganna sem fóru í aðgerð til leiðréttingar á kyni erlendis fyrir rúmum áratug.

Anna er nýkomin af ráðstefnu transgender-fólks í Vínarborg þar sem hún var ásamt Ástu Ósk Hlöðversdóttur, formanni Félags samkynhneigðra stúdenta, en félagið hefur tekið málefni transgender-fólks upp á arma sína. Á ráðstefnunni komu saman um 122 þátttakendur frá 65 hópum í 22 ríkjum Evrópu auk eins rithöfundar frá Bandaríkjunum, Patrick Khalifia. Þar kom fram að víða er pottur brotinn í málefnum transgender-fólks.

Í þremur löndum í Evrópu eru leiðréttingar á kyni ekki leyfðar. Þetta eru Albanía, Andorra og Írland en talið er víst að ástandið lagist á Írlandi á næstu árum vegna krafna frá Evrópusambandinu.

### Endar oft í kynlífsþrælkun

Ástandið í Rússlandi hefur versnað eftir fall Sovétríkjanna. Í Portúgal sækir ungt fólk mikið til borganna án þess að eiga mikla möguleika á að fá atvinnu og endar því oft í kynlífsþrælkun með eyðnismit og jafnvel sjálfsmorð í kjölfarið. Ástandið er mjög slæmt í Tyrklandi og ýmsum löndum Austur-Evrópu.

Ástandið hér á landi er litlu betra en ástandið í löndum Austur-Evrópu, að mati Önnu, sérstaklega hvað snertir félagslega aðstoð eða aðstoð við leiðréttingu á kyni. Hinsvegar eru aðrar félagslegar aðstæður hér betri en í löndum þar sem ástandið er verst. Anna segir að það bjargi íslenskum einstaklingum frá því að grípa til örþrifaráða til að fá að lifa í sínu rétta kyngervi þótt Íslendingar þurfi enn í flestum tilfellum að flýja land til að komast í gegnum aðgerðarferli.

„Þegar umsókn einstaklings er hafnað er ekki um annað að velja en að flýja land, nákvæmlega eins og ég gerði á sínum tíma. Það er býsna stór biti að rífa sig upp frá heimalandinu og setjast að erlendis þegar maður er kannski illa máli farinn á erlenda tungu. Manneskja sem hefur aldrei treyst sér til að taka það stóra skref getur lokast inni í þjáningu sinni. Hún fær enga aðstoð hér og erlendis þarf hún að berjast við kerfið í viðkomandi landi,“ segir hún.

### Lög vantar

Anna gagnrýnir skort á lagasetningu um málefni transgender-fólks á Íslandi. Enginn löglegur farvegur er fyrir hendi. Málefni þessa fólks eru í höndum örfárra aðila og geta því verið duttlungum háð.

Manneskja sem vill fara í leiðréttingaraðgerð sækir um til landlæknisembættisins og fer í greiningu hjá Óttari Guðmundssyni geðlækni. Óttar gefur umsögn sína og situr svo í fimm manna hópi sem gefur lokasvar um það hvort viðkomandi fái að fara í aðgerð eða ekki. Anna gagnrýnir að Óttar sitji báðum megin við borðið og segir hann auk þess vera of strangan og íhaldssaman.

„Hann hefur unnið vel að málefnum samkynhneigðra en það gerir hann ekki sjálfkrafa sérhæfðan í málefnum transgender-fólks. Mér finnst hann þurfa að vera jákvæðari og horfa meira á þörf skjólstæðingsins en hann gerir,“ segir hún.


**ÁSTANDIÐ HÉR SVIPAÐ OG Í AUSTUR-EVRÓPU** Anna Kristjánsdóttir og Ásta Ósk Hlöðversdóttir nýkomnar af Evrópuþingi transgender-fólks í Vínarborg. Anna segir að ástandið í mannréttindamálum transgender-fólks sé litlu betra hér á landi en annars staðar í Evrópu. Mannréttindi séu brotin og forræðishyggja sé allsráðandi hjá hinu opinbera.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Engin raunhæf aðstoð

Heilbrigðisyfirvöld eru á bremsunni, segir Anna.

„Það hlýtur að vera eðli heilbrigðiskerfisins að skapa þær aðstæður að viðkomandi líði vel og því skilur maður ekki af hverju heilbrigðiskerfið stuðlar að því að þessu fólki líði illa þannig að það hrekist jafnvel úr landi. Það vantar stuðningsnet fyrir þetta fólk og heilbrigðiskerfið þarf að vera opnara. Það er engin sérhæfð þjónusta til. Það vantar alla raunhæfa aðstoð, sérhæfðan félagsráðgjafa sem gæti veitt leiðbeinandi aðili í gegnum kerfið frá A-Ö. Þótt kerfið sé ekki flókið er geysilega mikilvægt að hafa einhvern sem getur gefið leiðbeiningar um það hvernig best er að standa að hlutunum, gefur ráð varðandi vinnumál, raddþjálfun og önnur félagsleg atriði,“ segir hún.

Anna telur að kostnaður við leiðréttingaraðgerð sé um ein milljón króna. Þá er ótalinn annar kostnaður, til dæmis við heimsóknir til geðlækna eða sálfræðinga. Hið opinbera tekur engan þátt í þessum kostnaði.


FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

## Aðsóknin eykst

Aðeins tveir Íslendingar hafa lokið leiðréttingaraðgerð hér á landi, einni konu hefur verið breytt í karl og einum karli breytt í konu og líklega eru tveir til viðbótar að ljúka ferlinu á næstunni. Minnst fimm einstaklingar hafa lokið aðgerð erlendis en engar tölur eru þó til um það.

Leiðréttingaraðgerð fór fyrst fram hér á landi árið 1997. Áður höfðu þrír Íslendingar farið í slíka aðgerð erlendis, þar á meðal Anna árið 1995 í Svíþjóð. Samtals minnst níu manneskjur hafa óskað eftir að komast í aðgerð hér og trúlega fleiri en þetta er bara sá fjöldi sem hefur haft samband við Önnu.

Sífellt fleiri einstaklingar vilja komast í aðgerð til leiðréttingar á kyni, bæði hér á landi og erlendis. Talið er að raunveruleg tala þeirra sem vilja komast í aðgerð sé á bilinu fimmtán til þrjátíu. Það er þá einn af hverjum tíu til fimmtán þúsund. Anna telur raunhæft að tala um einn á ári miðað við þörfina erlendis.

Í Svíþjóð er talið að einn af hverjum fimmtán þúsund íbúum vilji komast í leiðréttingaraðgerð. Í Hollandi er hlutfallið einn af hverjum átta þúsund íbúum.



# Sportvörur
## á ótrúlegu verði

### Orbitrek
Platinum fjölþjálfi
Fyrirferðalítið þoltæki heim í stofuna. Þægilegt að færa til. Púlsmælir og stillanleg handföng.

TILBOÐ
14.999kr
Verð áður 29.999,-

aze
### Toppur
svartur, rauður, blár
st. S-XL

TILBOÐ
1.699kr
Verð áður 2.499,-

aze
### Rennd peysa
hvít, rauð, blá
st. S-XL

TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999,-

aze
### Stuttermabolur
hvítur, rauður, blár
st. S-XL

TILBOÐ
1.699kr
Verð áður 1.999,-




aze
### Sportbuxur
svartar
st. S-XL

2.999kr

aze

Er vandaður sportfatnaður úr Meryl® microfibre. Þægilegt og teygjanlegt efni sem andar vel og veitir stuðning.

Gildir til 21. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Mikið er í húfi í viðræðum atvinnulífs og verkalýðshreyfingar.

## Samningar verða að takast

Það væri mikið slys ef fulltrúar atvinnulífs og verkalýðshreyfingar í svokallaðri forsendunefnd næðu ekki skynsamlegu samkomulagi í dag, áður en fresturinn til að segja upp gildandi kjarasamningum rennur út á miðnætti. Nefndarmenn hafa að undanförnu ræðst við á hverjum degi og ekki annað að ráða af því litla sem eftir þeim hefur verið haft í fjölmiðlum, en að þeir nái saman. Það getur hinsvegar margt gerst á síðustu stundu í málum sem þessum og því er allur varinn góður, sérstaklega þar sem lítið sem ekkert hefur kvisast út nákvæmlega um efnisatriði væntanlegs samkomulags, sem gæti komið misjafnlega niður á hinum ýmsu hópum innan verkalýðshreyfingarinnar, eða ýmsum hópum þjóðfélagsins þar sem leiðréttinga er þörf.

Í gildandi kjarasamningum eru ákvæði þess efnis að fari verðbólgan yfir ákveðin mörk skuli fulltrúar verkalýðshreyfingar og atvinnulífs taka málið fyrir og freista þess að finna lausn á því fyrir ákveðinn tíma. Menn í forsendunefndinni hafa því ekki nema daginn í dag til að ganga frá málum. Að öðrum kosti getur komið til þess að samningum verði sagt upp.

Mikil spenna ríkir á vinnumarkaði í þjóðfélaginu um þessar mundir sem leitt hefur til þess að erfitt er að manna stöður í ýmsum starfsgreinum, einkum þó þeim greinum þar sem launin eru hvað lægst. Þetta vandamál hefur nýlega skotið upp kollinum í greinum þar sem launakjör hafa verið talin viðunandi, því að undanförnu hefur meira að segja borið á því að erfitt hefur reynst að manna sum fiskiskip. Forystumenn sjómanna og útgerðarmanna hafa látið hafa það eftir sér að brátt komi að því að flytja verði inn útlendinga til starfa á fiskiskipum. Á kaupskipaflotanum er þegar starfandi fjöldi útlendinga, gjarnan frá láglaunalöndum, en nú eru sem sé horfur á því að útlendingar verðir skráðir á íslensk fiskiskip. Það hefur að vísu gerst áður, því færeyskir sjómenn komu hingað í hundraðatali á árum áður til starfa á síðutogurum og öðrum fiskiskipum, en síðan hefur mikið breyst í atvinnulífi þeirra.

Yfirborganir eru líklega algengari en nokkru sinni fyrr hér og því ætti að vera tækifæri til að rétta hlut hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu og ná fram sanngjarnari leiðréttingu á ýmsum sjálfsögðum réttindamálum. En þótt laun hinna lægst launuðu verði hækkuð er ekki þar með sagt að sú launahækkun eigi að fara upp allan launastigann - það væri af og frá. Hér áður fyrr var sagt að ekki væri hægt að hækka laun hinna lægst launuðu vegna uppmælingaaðalsins svokallaða en vonandi er sá tími liðinn. Í því góðæri sem nú er í landinu verða fulltrúar atvinnulífs og verkalýðshreyfingar að finna skynsamlega leið til að rétta hlut hinna lægst launuðu og þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu eða hafa orðið fyrir óvæntum skakkaföllum í lífinu.

Ríkisstjórn hefur enn sem komið er ekki sýnt öll spilin sem hún er með á hendi varðandi innkomu sína í þetta mál. Það eina sem er handfast í þeim efnum er lagafrumvarp um starfsmannaleigur sem kynnt hefur verið að lagt verði fram á vegum félagsmálaráðherra, auk þess sem ráðherrar hafa sagt að stjórnin muni leggja sitt af mörkum til að greiða fyrir lausn samninga. Það er líka mikið í húfi fyrir stjórnvöld að hér sé stöðugleiki og ein af forsendum þess er að friður ríki á vinnumarkaði. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kveðjuorð?**

Það vakti athygli þeirra sem hlýddu á ræðu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins á föstudagskvöld hve fögrum orðum hann fór um Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúa flokksins. Hann sagði að fyrir tilstuðlan Alfreðs væri Orkuveitan orðin að stórveldi og sennilega besta eign Reykjavíkurborgar. Þegar haft er í huga að Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður ráðherrans, er sterklega orðaður við oddvitasæti framsóknarmanna í borginni - og yrði þá að keppa við Alfreð ef hann gefur áfram kost á sér - hvarflaði víst að einhverjum áheyrenda að ummæli Halldórs væru kveðjuorð. Hann gæti hrósað Alfreð í hástert án þess að skaða framboð aðstoðarmannsins því það væri búið að ganga frá því bak við tjöldin að Alfreð drægi sig í hlé. Fróðlegt verður að sjá hvort þessi ályktun reynist rétt.



**Gremja**

Framsóknarmenn eru mjög gramir út í Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur eftir ræðu hennar á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar. Hún talaði þá um að Samfylkingin ætlaði að verja miðjuna fyrir sjálfstæðismönnum. En gleymdi hún ekki Framsóknarflokknum? Er hann ekki hinn gróni miðflokkur íslenskra stjórnmála? Ætlar Samfylkingin kannski að gleypa kjósendur Framsóknar með því að eigna sér stöðu flokksins í pólitík? Þannig var spurt í vefritinu Tímanum í gær og þessum áformum líkt við það þegar hvalurinn gleypti Jónas hér forðum. „Rétt er þó að minna á að Jónas átti ráð við því og kveikti eld í maga hvalsins, svo hann spýtti honum upp á land þremur dögum síðar. Framsóknarmenn munu því fara að gera eldfæri sín klár til að svara þessum leik formannsins“, segir í Tímanum.

**Varnarmál**

Annars voru það orð Halldórs Ásgrímssonar um varnarviðræðurnar við Bandaríkin sem mesta athygli vöktu. Lýsing hans á stöðu mála var afdráttarlaus og neikvæð. Og ekki var hægt að skilja þau öðru vísi en sem lítt dulbúna gagnrýni á hvernig fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra hefði haldið á málum. Menn velta því fyrir sér hvort þetta hafi áhrif á andrúmsloftið á stjórnarheimilinu.

gm@frettabladid.is

# Einstaklingsmiðað nám og skóli án aðgreiningar

Í DAG
MENNTAMÁL



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Kennurum líður þessa dagana svolítið eins og nú sé ætlast til að þeir fljúgi af stað - án vængja.*

„Einstaklingsmiðað nám“ og „skóli án aðgreiningar“ eru hugtök sem eru talsvert í umræðunni þessa dagana, en þyrftu að vera mun meira rædd en raun ber vitni. Menntasvið Reykjavíkurborgar efndi þó til tveggja opinna funda um einstaklingsmiðað nám í síðustu viku og Kennarafélag Reykjavíkur efndi til málstofu um skóla án aðgreiningar, sömuleiðis í síðustu viku. Það var ljóst, einkum á síðastnefnda fundinum, að fólki er mikið niðri fyrir. Nú þarf að taka fram að ofangreind hugtök eru markmið Menntasviðs Reykjavíkurborgar en ég hef ekki kynnt mér markmið annarra sveitarfélaga. Það er hins vegar hlutverk höfuðborgarinnar að leggja línur, vera leiðandi og móta stefnu, þannig að væntanlega taka einhver sveitarfélög mið af markmiðum höfuðborgarinnar.

Nú verður ekki deilt um þessi markmið í sjálfu sér. Þau falla einfaldlega að þeim kristnu gildum sem við lifum samkvæmt hér á landi. Það er rétt að stefna að því að hver nemandi læri á sínum eigin forsendum með þeim aðferðum sem honum henta. Það er rétt að allir nemendur eiga rétt á skólagöngu á eigin forsendum. Sem börn lærum við að það er ljótt að gera upp á milli og reynum oftast að fylgja þeirri grundvallarstefnu. Um þetta eru örugglega allir sammála. En þegar kemur að því að ræða aðferðir og tæki og tól verður staðan heldur erfiðari. Kennarar hafa reyndar alltaf haft einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi, þ.e. reynt af fremsta megni að nálgast nemendur á þeirra forsendum og aðstoða þá við að ná árangri, hvern og einn.

Það er hins vegar augljóst mál að það er ódýrara að kenna hópum og „gamla ítroðsluaðferðin“ sem formaður Menntaráðs talaði um heldur í niðrandi tón í liðinni viku, sjálfsagt hvorki í fyrsta né síðasta sinn, hefur marga kosti. Kennarar þekkja það af áratuga reynslu að þegar nýtt námsefni eða ný aðferð er lögð inn við töflu fyrir framan stóran hóp nemenda má reikna með að um 80 og allt upp í 90% nemenda skilji og læri. Sá hópur getur því haldið áfram og leyst verkefni sem við eiga og unnið á eigin forsendum. Þá gefst tími til að sinna þeim 10-20% sem eftir eru og eiga erfiðara með skilning meðan aðrir halda áfram vinnu sinni. Það var í raun sérlega ánægjulegt að heyra formann Menntasviðs tala um það á títtnefndum fundi að einstaklingsmiðað nám sé dýrara en ,,ítroðsluaðferðin“. Það er gott til að vita að skilningur á því skuli fyrir hendi, ég var nefnilega ekki viss um að svo væri.

Gott og blessað. Kennarar hafa hins vegar fengið inn í hina almennu skólastofu nemendur sem áður áttu tryggt skjól í sérdeildum og sérskólum. Því fer fjarri að þeim fylgi sá stuðningur sem þeir þarfnast og eiga sjálfsagt rétt á. Sumir þessara nemenda, sem nú eru í almennum bekkjardeildum, eru í raun veikir, í sumum tilfellum veikir á geði. Það er falleg hugsun að gefa öllum kost á að stunda nám í sínum heimaskóla með öðrum börnum hverfisins en hún gengur ekki alltaf upp.

Sumum þessara barna líður ekkert sérstaklega vel við þessar aðstæður. Mörgum öðrum börnum líður heldur ekkert sérstaklega vel því stundum gengur erfiðlega að fá vinnufrið í kennslustundum. Það undrar mig oft hversu hljóðlátur sá hópur foreldra er, sem á börn sem óska þess eins að hafa vinnufrið og fá að stunda sitt nám af kostgæfni án utanaðkomandi truflana.

Kennurum líður þessa dagana svolítið eins og nú sé ætlast til að þeir fljúgi af stað - án vængja. Kannski eru kennarar of samviskusamir, of uppteknir af því að ná þessum markmiðum. Sviðsstjóri Menntasviðs sagði nefnilega á einum þessara funda að ekki mætti taka þau markmið of alvarlega. Það skal viðurkennt að þá lyftust brúnir í nokkurri forundran því skilaboðin inn í skólana hafa verið á þá leið að taka skuli þessi markmið býsna alvarlega. Það er kannski bara misskilningur. En lítið sést af verkfærum. Tölvukostur skólanna er víða ekki boðlegur. Námsefni sem fellur að þessum markmiðum er sjaldnast til staðar.

Hugmyndafræðin er falleg en kannski ekki alveg jafn raunsæ, ekki nema með mun meiri breytingum en nú eru í augsýn. Breytingar kosta peninga og tíma, það er þeirra eðli. Reykjavíkurborg hefur vissulega sett meira fjármagn inn í skólanna á síðustu árum en áður var gert. Eigi skólarnir að ná þeim markmiðum sem fram eru sett þarf þó mun meira til. ■

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Vertu í

# vinningsliðinu

veldu SAMSUNG

## Samsung kynnir
nýja línu á LCD tækjum

### Fleiri litir
**Samsung** hefur fjölgað litum upp í 3,2 milljarða með 10 bita myndvinnslu, aukið skerpuna í 3000:1 og með DNIe myndleiðréttingunni frá **Samsung** verður myndin enn betri.

### Betra fyrir augun
LCD tækin eru með birtuskynjara sem aðlagar myndina að birtunni í herberginu. Það fer betur með augun og auk þess sparar töluvert rafmagn.

### Háskerpusjónvarp
Öll tækin í nýju línunni eru háskerpusjónvarp (HDTV) en sjónvarpsstöðvar eru að undirbúa sendingar á því. Með HDMI tengi getur þú fengið bestu mögulegu mynd og hljóð frá DVD spilara. Auk þess getur þú notað sjónvarpið sem tölvuskjá



**LE-40R51B**
**40" Breiðtjaldssjónvarp**
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: **299.990,-**



**LR-32R41B**
**32" Breiðtjaldssjónvarp**
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: **179.990,-**



**LR-26R41B**
**26" Breiðtjaldssjónvarp**
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: **129.900,-**



**DVD-V5450**
**Sambyggt myndbandstæki/DVD**
Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3
6 hausa stereotæki • Spilar öll svæði
Tilboðsverð: **16.990,-**



**DVD-V6500**
**Sambyggt myndbandstæki/DVD**
Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3 • Spilar DivX
6 hausa stereotæki • Spilar öll svæði
Tilboðsverð: **19.990,-**

SAMSUNG

**DVDVR320**
**Sambyggt DVD skrifari og myndbandstæki**
Skrifar frá DVD á VHS og frá VHS á DVD.
Tekur upp á DVD beint úr sjónvarpinu og myndbandstökuvélinni.
Tilboðsverð: **49.990,-**



**Umboðsmenn:**
Árvirkinn Selfossi, Beint í Mark Vopnafirði, Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Eyjaradio Vestmannaeyjum, HS Raf Eskifirði, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, Krákur Blönduósi, Ljósboginn Keflavík, Model Akranesi, Rafbúðin Hafnarfirði, Sveinn Guðmundsson Raftækjaverslun Egilsstöðum, Símabær Reykjavík, SR Byggingarvörur Siglufirði, Verslunin Urð Raufarhöfn, Vest-Mennt Patreksfirði, Þristur Ísafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

ORMSSON
SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

imago

# Sameinuðu þjóðirnar og internetið

UMRÆÐAN
INTERNETIÐ



KOFI ANNAN
FRAMKVÆMDASTJÓRI
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

*Netið er orðið svo mikilvægt í efnahagslífi og stjórnsýslu hvers ríkis að það væri mikil einfeldni að ætlast til þess að ríkisstjórnir telji sig ekki hafa hagsmuna að gæta enda stækkar hlutur netsins í stjórnsýslu til dæmis í mennta- og heilsugeiranum. Mikið liggur við að ríkisstjórnir móti rétta stefnu í málefnum netsins, samhæfi aðgerðir sínar innbyrðis og við netheiminn.*

Höfuðmarkmið leiðtogafundar um upplýsingasamfélagið sem hefst um miðjan þennan mánuð í Túnis er að tryggja að fátæk ríki geti fært sér í nyt nýja upplýsinga- og samskiptatækni, þar á meðal netið, til að efla efnahagslega og félagslega þróun. En því miður virðist gæta misskilnings um eðli fundarins.

Þær raddir hafa heyrst fulloft að Sameinuðu þjóðirnar vilji með einum eða öðrum hætti taka yfir eða stjórna netinu. Ekkert er fjær sanni. Sameinuðu þjóðirnar vilja ekki sölsa undir sig netið, heldur tryggja að það nái til sem flestra. Um það snýst leiðtogafundurinn í Túnis.

Ekki ætti að koma á óvart að menn rísi upp til varnar netinu, knúnir heitum tilfinningum. Á sínum stutta líftíma hefur netið verið vettvangur umbyltingar á ólíkum sviðum, allt frá heilbrigðis- og menntamálum til blaðamennsku og stjórnmála. Í starfi okkar hjá Sameinuðu þjóðunum í þágu þróunar höfum við aðeins séð upphaf þess ávinnings sem hafa má af netinu: fljótari og betri samhæfingu aðstoðar við fórnarlömb hamfara; betri aðgang að læknisfræðilegum upplýsingum sem bjarga mannslífum á afskekktum svæðum og aðgang fólks sem býr við harðstjórn að óritskoðuðum upplýsingum og möguleikum til að koma umkvörtunum sínum á framfæri.

Á hinn bóginn er fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur af því að netið er vettvangur áróðurs og aðstoðar við hryðjuverkamenn, þar er klámi dreift, glæpir skipulagðir og nasismi og aðrar hatursfullar stjórnmálastefnur lofaðar. En að ritskoða netheiminn, grafa undan tæknilegum stoðum hans eða ofurselja hann kæfandi stjórn ríkisins væri að snúa baki við einhverjum mestu framförum sem um getur. Að verja netið er að verja sjálft frelsið.

Hingað til hafa stjórnunaraðgerðir á netinu, til dæmis til að sporna við ruslpósti og tölvuglæpum, verið tilviljanakenndar og óskipulagðar. Engu að síður hefur uppbyggingu netsins verið stýrt á óformlegan en skilvirkan hátt í samstarfi undir forystu stofnana, einkafyrirtækja, borgaralegs samfélags, háskólasamfélagsins og tæknigeirans. Þróunarríki hafa hins vegar átt erfitt uppdráttar með að fylgjast með og þeim finnst þau vera afskipt í stjórnun netsins.

Bandaríkin eiga þakkir skildar fyrir að hafa þróað netið og leyft umheiminum að njóta þess. Af sögulegum ástæðum hafa Bandaríkin ráðið yfir ýmsum lykilþáttum þess en sumir segja að þau ættu að deila þessu valdi með alþjóðasamfélaginu. Bandaríkin hafa sinnt þessari umsjón af réttsýni og heiðarleika. Þau viðurkenna lögmæta hagsmuni og fullveldissjónarmið annarra ríkisstjórna og að sú þróun haldi áfram að stjórnun netsins verði í vaxandi mæli alþjóðleg. Breytingar eiga hvorki að endurspegla fortíð né jafnvel nútíð heldur vera í þjónustu framtíðarinnar þegar vöxtur netsins mun hafa í för með sér tröllauknar breytingar í þróunarríkjum.

Nú fara í hönd samræður tveggja ólíkra heima. Annars vegar er netsamfélagið sem er óbundið af ríkisvaldinu og býr við óformlega ákvarðanatökuhefð þar sem valdið kemur að neðan. Andspænis þessari hefð eru svo ríkisstjórnir og milliríkjasamtök sem einkennast af formlegri ákvarðanatöku og skipulagi. Netið er orðið svo mikilvægt í efnahagslífi og stjórnsýslu hvers ríkis að það væri mikil einfeldni að ætlast til þess að ríkisstjórnir telji sig ekki hafa hagsmuna að gæta enda stækkar hlutur netsins í stjórnsýslu til dæmis í mennta- og heilsugeiranum. Mikið liggur við að ríkisstjórnir móti rétta stefnu í málefnum netsins, samhæfi aðgerðir sínar innbyrðis og við netheiminn. En ríkisstjórnirnar geta ekki sett reglur upp á eigin spýtur. Þær verða að átta sig á því að þær verða að starfa með hagsmunaaðilum utan ríkisins. Þegar öllu er á botninn hvolft eru það þau öfl sem hafa leikið lykilhlutverk í að byggja upp og skipuleggja netið og verða áfram drifkrafturinn í útþenslu þess og þróun.

Á fyrri leiðtogafundi í Genf fyrir tveimur árum rötuðu viðræður um stjórnun netsins í blindgötu. Af þeim sökum fóru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna fram á það við mig að skipaður yrði vinnuhópur til að skoða þessi mál nánar. Vinnuhópurinn um stjórnun netsins skilaði tillögum í nafni aðila hans en ekki í nafni Sameinuðu þjóðanna sem slíkra. Hann lagði til stofnun nýs samræðuvettvangs, þar sem allir hagsmunaðilar kæmu saman til að skiptast á upplýsingum og ráðum og ræða vandasöm málefni, án þess þó að hafa ákvarðanatökuvald.

Vinnuhópurinn setti einnig fram ýmsa valkosti um eftirlit í framtíðinni, þar sem hlutur ríkisstjórna er mismikill sem og tengslin við Sameinuðu þjóðirnar. Ekki er lagt til að Sameinuðu þjóðirnar leysi af hólmi þær tæknilegu stofnanir sem nú reka netið; ekki er lagt til að nýrri stofnun Sameinuðu þjóðanna verði komið á laggir; í sumum tillögunum er ekki einu sinni lagt til að Sameinuðu þjóðirnar leiki nokkurt hlutverk. Allar gera tillögurnar ráð fyrir að núverandi tæknilegar stofnanir haldi áfram sínu starfi, ekki síst til þess að hlífa stjórn netsins við dægurþrasi stjórnmála. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa nú þessar og fleiri tillögur til athugunar.

Allir viðurkenna að auka beri alþjóðlega þátttöku í umræðum um stjórnun netsins. Af þeim sökum ættu menn að skella skollaeyrum við hræðsluáróðri um að Sameinuðu þjóðirnar ætli sér að ráða netinu. Margir vilja finna höggstað á Sameinuðu þjóðunum, en í þessu tilfelli fara menn í geitarhús að leita ullar. Sameinuðu þjóðirnar vilja einungis efla umræður og samstöðu hagsmunaaðila og um síðir tryggja að netið nýtist öllum.

Í aðdraganda fundarins hafa menn ítrekað að það eru mannréttindi að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum í gegnum hvaða miðil sem er, þvert á landamæri. Ég hvet alla hagsmunaaðila sem sækja fundinn í Túnis til að brúa tæknibilið og skapa grundvöll fyrir upplýsingasamfélag sem er öllum opið og auðgar og eflir fólk hvar í heiminum sem er og koma þessu barni tuttugustu aldarinnar til nokkurs þroska á tuttugustu og fyrstu öldinni.

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Bakþankar Jóns Gnarr

Mig langar bara til að þakka kærlega fyrir pistil Jóns Gnarr um íslenska Batselorinn. Ég lenti í húsi um daginn þar sem fólk var að horfa á þennan skelfilega þátt. Ég hafði aldrei leitt hugann að honum áður, hvað þá séð hann. En eftir smástund ákvað ég að horfa á hann til enda, svo ég vissi um hvað málið snerist. Hann var hryllingur. Ég vissi ekki hvort ég ætti að hlæja eða gráta. Átti þátturinn að vera grín eða hvað? Að nokkur maður, karl eða kona, láti hafa sig í aðra eins lágkúru er mér óskiljanlegt. Ég er svo innilega sammála því sem Jón Gnarr skrifar í Fréttablaðið í morgun. Ég hef líka verið hálfhissa á því að hafa ekki séð fleiri skrifa um þessa hörmung. Erum við íslensk þjóð virkilega orðin svona samdauna lágkúrunni. Það eina sem ég græddi á að horfa á þáttinn var að ég hafði enn meira gaman að þættinum um valið á Íslenska þarfanautinu í Kastljósinu. Það var flott. Ég horfði á Batselorinn nokkrum dögum fyrir kvennafrídaginn. Ég hugsaði bara - erum við ekki komin lengra?

**Ásthildur Ólafsdóttir**




Þú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.
Miðað við 20% innborgun og afganginn á 84 mánuðum.
Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16
Fíton/SÍA F1014471

# Nýtt hátæknisjúkrahús

UMRÆÐAN
HÁTÆKNI-
SJÚKRAHÚS



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR
ÞINGMAÐUR

*Á Íslandi er almenn samstaða um að heilbrigðisþjónustan sé almannaþjónusta að mestu leyti þ.e. að verulegur hluti skattgreiðslna renni til að standa undir henni. Hinsvegar er nauðsynlegt að gera kröfur til að fjármagninu sé vel varið, en nú fara um 40 prósent af útgjöldum ríkisins til heilbrigðis- og tryggingarmála.*

Fyrir skömmu síðan var Síminn seldur á markaði fyrir um 67 milljarða. Fjármagnið mun nýtast í fjölmörg mikilvæg samfélagsverkefni á næstu árum sem ella hefði ekki verið svigrúm til að ráðast í að sinni. Eitt slíkt samfélagsverkefni er uppbygging nýs hátæknisjúkrahúss í Vatnsmýrinni í tengslum við þá sjúkrahús- og háskólastarfsemi sem þar er fyrir á vegum Landspítala - háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands.

Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra, kynnti á dögunum niðurstöður úr alþjóðlegri hönnunarsamkeppni þar sem nýja hátæknisjúkrahúsið var sýnt í líkani og á kortum í fyrsta sinn. Fjármagnið sem fékkst úr Símasölunni mun renna til byggingar fyrsta áfanga, þ.e. slysa- og bráðaþjónustu og aðstöðu fyrir rannsóknarstarfsemi. Ljóst er af kynningunni að nýja sjúkrahúsið verður stórkostlegt framfaraspor í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Aðstaða fyrir sjúklinga og starfsmenn mun verða eins og best þekkist á þessu sviði.

**Ungbarnadauði og lífslíkur á Íslandi**

Í dag er heilbrigðismálum þjóðarinnar afar vel sinnt. Þeir mælikvarðar sem helst eru notaðir til að meta stöðu heilbrigðismála milli landa eru ungbarnadauði og lífslengd íbúanna. Hér á landi er ungbarnadauði sá minnsti sem þekkist á hnattræna vísu og ævilengd sú lengsta meðal karlmanna sem þekkist og sjötta lengsta meðal kvenna. Nýja sjúkrahúsið mun auka líkurnar á að við munum áfram vera meðal fremstu þjóða hvað heilbrigðisþjónustu varðar.

**Heilbrigðisþjónusta er almannaþjónusta**

Á Íslandi er almenn samstaða um að heilbrigðisþjónustan sé almannaþjónusta að mestu leyti þ.e. að verulegur hluti skattgreiðslna renni til að standa undir henni. Hinsvegar er nauðsynlegt að gera kröfur til að fjármagninu sé vel varið, en nú fara um 40 prósent af útgjöldum ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamála.

Á næsta ári verður líklega um 700 milljóna króna raunaukningu til heilbrigðis- og tryggingamála að ræða. Dæmi um lykiltölur eru að það kostar um 5 milljónir króna að reka eitt hjúkrunarpláss á ári og um 22 milljónir króna að reka eitt almennt sjúkrahúspláss á Landspítala - háskólasjúkrahúsi á ári.

Að undanförnu hefur mikill árangur náðst í rekstri Landspítala - háskólasjúkrahúss eins og fram kom í fréttum í haust. Þar kom fram að gjöld sjúkrahússins á fyrri helmingi ársins námu 14.367 milljónum króna en tekjur 14.288 milljónum króna. Gjöld eru því 79 milljónum króna umfram tekjur eða 0,55 prósent. Rekstur þess á fyrri helmingi ársins er því nánast í jafnvægi, enda nemur frávik minna en einu prósenti af rúmlega 14 milljarða króna veltu. Af þessu er ljóst að umskipti hafa orðið í fjármálastjórnun sjúkrahússins, þ.e. ef áætlanir halda áfram að standast næstu misserin. Ástæða er til að fagna bættum rekstri sjúkrahússins og þeirri ákvörðun stjórnvalda að hefja uppbyggingu nýs hátæknisjúkrahúss í Vatnsmýrinni.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.753 **+0,51%** **Fjöldi viðskipta:** 187 **Velta:** 2.346 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur** | 4,17% | **Hampiðjan** | **-3,49%** |
| **Flaga** | 2,22% | **Atorka** | **-1,77%** |
| **Landsbankinn** | **0,87%** | **Dagsbrún** | **-0,39%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 43,80 +0,00%** ... Bakkavör 44,80 +0,00% ... FL Group 14,70 +0,69% ... Flaga 4,15 +2,22% ... HB Grandi 9,35 +0,54% ... Íslandsbanki 15,60 +0,65% ... Jarðboranir 22,10 +0,00% ... KB banki 595,00 -0,34% ... Kögun 55,30 +0,00% ... Landsbankinn 23,30 +0,87% ... Marel 64,20 +0,00% ... SÍF 4,35 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,00 +4,17% ... Össur 98,00 +0,51%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**MEIRA SKART** Baugur er á lokastigi viðræðna um kaup á skartgripaverslanakeðju sem verður sameinuð rekstri Goldsmiths sem Baugur á fyrir.

# Gull í greipar Breta

### Baugur er í viðræðum um kaup á annarri skartgripakeðju.

Baugur er langt kominn með að kaupa bresku skartgripakeðjuna MW Group.

Líklegt er að gengið verði frá kaupunum um miðja þessa viku og er kaupverðið um tuttugu milljónir punda eða rúmir tveir milljarðar króna.

Baugur á fyrir skartgripaverslanakeðjuna Goldsmiths og er ætlunin að sameina félögin. MW Group rekur skartgripaverslanir undir merkjunum Mappin & Webb og Watches of Switzerland. Verslanir M&W og Goldsmiths eru ólíkt staðsettar og skörun í verslunum lítil. Samanlagt verður til með kaupunum stærsta skartgripakeðja Bretlands.

Samkvæmt heimildum eru ekki fyrirhugaðar miklar breytingar á rekstrinum fyrsta kastið, enda vilja menn ekki trufla jólavertíðina sem er stærsta sölutímabilið. Hins vegar er talið að ná megi fram hagræðingu með því að draga verulega úr stjórnunarkostnaði félagsins.

**- hh**

# Tveir milljarðar í hagnað

Actavis birtir í dag níu mánaða uppgjör og er því spáð að fyrirtækið skili um 1,9 milljarða hagnaði á þriðja ársfjórðungi samanborið við 1.228 milljónir á sama tíma í fyrra. Það er meira en helmingsaukning. Þar sem félagið gerir upp í evrum er aukningin enn meiri.

Velta Actavis jókst mjög á þriðja ársfjórðungi eftir að bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Amide kom inn í bækur félagsins.

Á fyrri hluta ársins hagnaðist Actavis um rúmlega 1,6 milljarða króna.

**- eþa**



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS** Lyfjafyrirtækinu er spáð um 1,9 milljarða hagnaði á þriðja ársfjórðungi, sem er veruleg aukning frá sama tíma í fyrra.

**SPÁR UM HAGNAÐ ACTAVIS Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 2.336 |
| Spá KB banka | 1.746 |
| Spá Landsbankans | 1.695 |
| Meðaltalsspá | 1.926 |

# Stækka í gleraugunum

„Við ætluðum okkur inn á sjóntækjamarkaðinn. Þetta er eitt af þeim sviðum sem við viljum stækka á," segir Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu, um kaup félagsins á gleraugnaversluninni Augnsýn í Hafnarfirði.

Lyf og heilsa, sem starfrækir yfir þrjátíu lyfjaverslanir á landvísu, rekur nú þrjár gleraugnaverslanir; eina í Mjódd, á Selfossi og í Hafnarfirði. Fyrirtækið hefur jafnframt frá því á síðasta ári selt gleraugu og skyldar vörur í apótekunum.



**KAUPA AUGNSÝN** Lyf og heilsa ætlar að stækka á markaði með gleraugu og skyldar vörur.

**ORKUSTOFNUN**
- Þekkingarbrunnur um orkumál

**Umsóknir óskast um styrki til jarðhitaleitar**
Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum 2006

Iðnaðarráðherra hefur á grundvelli laga nr. 58/2004, ákveðið að standa fyrir sérstöku jarðhitaleitarátaki á köldum svæðum árið 2006. Átakinu er einkum ætlað að vera hvati að rannsóknum og jarðhitaleit á svæðum þar sem jarðhiti er lítt eða ekki þekktur á yfirborði. Ekki er veittur styrkur fyrir kostnaði sem áfallinn er áður en átakið hefst.

Um er að ræða styrki til almennrar jarðhitaleitar með hitastigulsborunum og jarðvísindalegum aðferðum, gegn a.m.k. 50% mótframlagi umsækjenda. Styrkir standa til boða sveitarfélögum, orkufyrirtækjum og öðrum þeim sem uppfylla skilyrði samkvæmt úthlutunarreglum en við forgangsröðun verkefna verður einkum tekið tillit til eftirtalinna atriða:

1. Að verkefnið leiði til lækkunar á almennum niðurgreiðslum til húshitunar.
2. Að verkefnið efli byggð í landinu.
3. Að verkefnið sé þjóðhagslega arðbært, m.a. með tilliti til flutnings- og dreifikerfis raforku.

Umsækjendur skulu gera grein fyrir þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á viðkomandi stað og láti afrit af niðurstöðum fylgja umsókn. Niðurstöður verkefnisins skulu vera öllum aðgengilegar.

Við afgreiðslu umsókna verður m.a. tekið mið af fjölda þeirra sem munu njóta góðs af hugsanlegri nýtingu jarðhita.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Orkustofnunar www.os.is og skulu umsóknir ásamt fylgigögnum sendar rafrænt á os@os.is eða til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, merktar "Jarðhitaleitarátak 2006." **Umsóknarfrestur er til 2. desember 2005.**

**Fyrirspurnir berist til umsjónarmanna jarðhitaleitarátaksins:**

Benedikts Guðmundssonar eða Jakobs Björnssonar
Sími: 569-6082 Sími: 569-6083
Netfang: beg@os.is Netfang: jbj@os.is

Orkugarður
Grensásvegur 9
108 Reykjavík
www.os.is

**NAVISION**
**SMALL BUSINESS**




**Það þarf ekki að kosta mikið að verða stór**

Navision Small Business er viðskiptahugbúnaður sem getur vaxið og þróast með fyrirtæki þínu. Ef fyrirtækið þitt stækkar og stækkar, getur Navision Small Business orðið Navision Big Business!
Taktu rétta ákvörðun strax. Veldu Navision Small Business.

**Nú á aðeins kr. 115.038**

Nú getur þú tryggt þér öruggan og hnökralausan aðgang að fjárhags- og viðskiptaupplýsingum fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það gerir þú með Navision Small Business.

**Hafðu samband núna!**
**Hringdu í síma 550-9000** og fáðu réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki

Landsteinar Strengur er stærsti sölu- og þjónustuaðili Microsoft viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Sérfræðingar okkar aðstoða þig við að ná markmiðum þínum í rekstri þannig að þitt fyrirtæki geti vaxið og dafnað.

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 | 108 Reykjavík | www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

**MARGARET MEAD (1901-1978)** lést þennan dag.

*„Feður eru líffræðilega nauðsynlegir, en félagsleg slys.“*

***Margaret Mead var bandarískur mannfræðingur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 15. NÓVEMBER 1889

## *Pedro II hrundið frá völdum*

Á þessum degi árið 1889 var Pedro II, keisara Brasilíu, hrundið frá völdum í valdaráni hersins, eftir 49 ára valdatíma. Pedro II var aðeins annar keisari Brasilíu en faðir hans, Pedro I, stofnaði brasilíska keisaraveldið árið 1822. Hann var þá krónprins Portúgals og gekk á svig við óskir portúgalska þingsins og lýsti Brasilíu sjálfstætt ríki undir sinni stjórn. Keisaraveldið Brasilía fór ekki vel af stað og Pedro I sagði af sér árið 1831, sneri aftur til Portúgals og eftirlét fimm ára syni sínum keistaratignina.

Pedro II var krýndur keisari tíu árum síðar, árið 1841, og þótti standa sig mun betur sem leiðtogi landsins en faðir hans. Nokkur stöðugleiki var í landinu á tæplega fimm áratuga valdatíma hans og efnahagur landsins varð betri. Miðstéttin og herinn voru þó ekki að fullu sátt við Pedro II sem var sviptur völdum árið 1889. Hann flúði til Evrópu og lést þar í útlegð tveimur árum síðar.



**PEDRO II**

## MERKISATBURÐIR

**1923** Þórbergur Þórðarson rithöfundur byrjar að skrifa bréf til Láru Ólafsdóttur.

**1977** Anna Bretaprinsessa eignast fyrsta barn sitt.

**1978** Mesta slys íslenskrar flugsögu verður þegar 197 manns farast, þegar þolta í eigu Flugleiða hf. hrapar á Sri Lanka. Þar af eru átta íslenskir flugliðar.

**1990** Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að gefa afgreiðslutíma verslana frjálsan.

**1990** Í ljós kemur að poppdúettinn Milli Vanilli söng ekki sjálfur á plötu sinni.

**1999** Edduverðlaun íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar eru afhent í fyrsta sinn.

**2004** Colin Powell tilkynnir uppsögn sína úr embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórhallur Ásgeirsson**

fv. ráðuneytisstjóri, Einimel 6,

andaðist laugardaginn 12. nóvember.

**Lilly Ásgeirsson**
**Sverrir Þórhallsson** **Inga Helgadóttir**
**Dóra Þórhallsdóttir** **Magnús B. Einarson**
**Ragna Þórhallsdóttir** **Flosi Kristjánsson**
**Sólveig Þórhallsdóttir** **Gunnar Jóakimsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

Útförin verður auglýst síðar.

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna I. Þorbjörnsdóttir**

Einigrund 5, Akranesi,

verður jarðsungin frá Akraneskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 14.00.

**Sveinsína Guðrún Steindórsdóttir** **Björn Mikaelsson**
**Inga Þorbjörg Steindórsdóttir** **Sigurður Mikaelsson**
**Sigurður Heiðar Steindórsson** **Sigríður Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagbjört Elíasdóttir**

Vogatungu 61,

sem lést að heimili sínu 8. nóvember, verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Ágúst Bjarnason**
**Margrét Sigmundsdóttir**
**Sigrún Jónína Sigmundsdóttir** **Einar Sveinsson**
**Sigmundur Örn Sigmundsson**
**Dagbjört Erna Sigmundsdóttir** **Jóhann Grétarsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur vinarhug og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, bróður, tengdasonar og mágs,*

**Gylfa Jónssonar**

vélvirkja, Fannafold 116, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Marels og starfsfólki Landspítala - Háskólasjúkrahúss í Fossvogi á bráðamóttöku, gjörgæslu og taugadeild B2.

**Sigurlaug Einarsdóttir**
**Hulda Jónsdóttir** **Þráinn Þorsteinsson**
**Dagmar Jónsdóttir**
**Guðlaug Sigurjónsdóttir** **Einar J. Gíslason**
**Ólöf Einarsdóttir** **Bogi Þórðarson**
**Erna Einarsdóttir** **Bergþór Einarsson**
**Einar Örn Einarsson** **Hulda Haraldsdóttir**
**og systkinabörn.**

---

SIGRÚN BENDER FEGURÐARDÍS: ER TVÍTUG Í DAG

# Tekur próf á tímamótum

Það verður lítið um veisluhöld á tvítugsafmæli fegurðardísarinnar Sigrúnar Bender. Hún er þessa dagana á kafi í próflestri en hún hefur síðastliðið ár verið í flugnámi. „Afmælisdagurinn verður því frekar skrítinn og það verður bara að bíða fram á helgi að halda upp á þetta, en þá koma nánustu ættingjar í mat,“ segir Sigrún, sem var valin ungfrú Reykjavík árið 2004 og var í öðru sæti í keppninni um titilinn Ungfrú Ísland sama ár.

„Annars á mamma örugglega eftir að dekra við mig í dag og eldar kannski uppáhaldsmatinn minn,“ segir Sigrún glaðlega en svínalundir í piparsósu eru í miklu uppáhaldi hjá henni. „Og mamma kann bara að gera það,“ segir hún glettin.

Flugnámið gengur að sögn Sigrúnar alveg ágætlega. „Ég er vonandi að ganga í gegnum seinustu próftörnina mína í þessu bóklega svo tekur verklegi hlutinn við í vor,“ segir Sigrún, sem þarf alls að taka 28 próf til að ljúka náminu. Verklegi hlutinn tekur mislangan tíma hjá hverjum og einum og fer að sögn Sigrúnar eftir flugveðri og fjárráðum. „En vonandi verð ég komin með skírteinið næsta vor,“ segir hún glaðlega og telur góðar framavonir innan fluggeirans. „Flugið kemur alltaf til með að vera mjög sterkt og eflist örugglega á næstu árum. Þetta er svo nauðsynlegur fararmáti fyrir svo marga, hvort sem er fragt eða farþega. Þannig að það kemur bara til með að vera uppgangur í fluginu næstu ár,“ segir Sigrún ákveðið. En hvernig flugmaður vill hún verða? „Það er náttúrlega draumurinn að fara í farþegaflug og millilandaflug en svo kemur bara í ljós hvað býðst,“ svarar Sigrún og segir stúlkur enn í töluverðum minnihluta í flugnámi. „Það er samt allt að koma til finnst mér. Það eru alltaf fleiri stelpur að bætast við,“ segir Sigrún, sem verður í prófum alveg fram í desember og sér því ekki fram á að halda partí fyrr en milli jóla og nýárs. „Svo erum við reyndar nokkrar vinkonur búnar að bóka okkur ferð erlendis eftir jól þannig að það verður kannski helsta partíið,“ segir Sigrún, sem ætlar á tónleika með James Blunt sem er í miklu uppáhaldi hjá henni um þessar mundir.

Sigrún á sér eina afmælisósk. „Ég vona að þessi próf fari vel og að ég klári þetta nám sem fyrst.“ ■



**Í PRÓFLESTRI** Sigrún er í flugnámi og verður á kafi í próflestri fram í desember. Hún vinnur hjá Flugmálastjórn meðfram náminu.

---






## ANDLÁT

**Dagbjört Elíasdóttir**, Vogatungu 61, lést á heimili sínu þriðjudaginn 8. nóvember.

**Guðbjörg Hilmarsdóttir**, Seljahlíð 7e, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 11. nóvember.

**Magnþóra G. Magnúsdóttir**, Furugerði 1, Reykjavík, lést á Landakotsspítala föstudaginn 11. nóvember.

**Valgerður Marteinsdóttir,** Gullengi 21, lést laugardaginn 12. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þórhallur Ásgeirsson,** fyrrverandi ráðuneytisstjóri, Einimel 6, andaðist laugardaginn 12. nóvember.

**Sólveig Sigurbjörnsdóttir**, Dalalandi 1, Reykjavík, er látin.

## JARÐARFARIR

13.00 **Karl P. Maack**, Grandavegi 47, áður Skipholti 50, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

15.00 **Sólveig Benediktsdóttir** frá Erpsstöðum, áður til heimilis á Bárugötu 21, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

---



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur, frændi og vinur,*

**Stefán Kári Þórarinsson**

Laufási, Kelduhverfi,

lést 3. nóvember á Sjúkrahúsi Húsavíkur. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra sem önnuðust hann og heimsóttu í veikindum hans.

**Haraldur Þórarinsson** **Björg Margrét Indriðadóttir**
**Margrét Björg Þórarinsdóttir**
**Sigurður Þórarinsson** **Hildur Helgadóttir**
**Þórarinn Valur Sverrisson** **Kristín Karlsdóttir**
**Indriði Vignir Haraldsson**
**Kristjana Sigurðardóttir** **Einar Daníelsson**
**Sara Katrín, Margrét Ann og Auður.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Edda Eiríksdóttir**

frá Kristnesi, Reykhúsum 4c, Eyjafjarðarsveit,

andaðist að morgni 11. nóvember á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13.30. Jarðsett verður í Munkaþverárkirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir,en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Eiríkur Rafnsson** **Bryndís Snorradóttir**
**Helgi Rafnsson** **Hjördís Magnúsdóttir**
**Emilía Rafnsdóttir** **Gauja Rúnarsdóttir**
**ömmubörn og systkyni.**







FRÉTTABLAÐIÐ



*Góðan dag!*
**Í dag er þriðjudagur 15. nóvember, 319. dagur ársins 2005.**





## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




Kolbrá Bragadóttir myndlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Strekki striga á ramma

***Kolbrá Bragadóttir myndlistarmaður beitir ýmsum aðferðum til að halda sér í formi en telur þó andlega heilsu mikilvægasta.***

Kolbrá Bragadóttir myndlistarmaður notar ýmsar aðferðir til að rækta heilsuna. „Ég er gangandi vegfarandi og á ekki bíl. Ég stunda sund, nánar tiltekið pottana því mér finnst afar mikilvægt fyrir heilsuna að slappa vel af. Ég vinn stórar myndir og það tekur á líkamann að þurfa að strekkja strigann á blindrammann svo þar fæ ég bæði þrekþjálfun og teygjur. Nú, svo brenni ég nokkrum hitaeiningum við heimilisverkin en ég set góða tónlist á fóninn og dembi mér í þau.“

Hún er ekki jafn dugleg að passa upp á mataræðið. „Ég held að ég sé haldin persónuleikaröskun í mataræðinu, fer alveg frá því að borða rosalega hollan mat og yfir í að borða algert rusl. En ég er alin upp við hollan mat og það er mér eðlislægt að borða hollt.“

Kolbrá er hins vegar dugleg að rækta andann og er sannfærð um að það skili árangri á öllum sviðum. „Mikilvægast af öllu finnst mér að vera í andlegu jafnvægi og huga að andlegu heilsunni. Þá kemur hitt sjálfkrafa og maður sinnir líkamanum betur ef sálin er í lagi.“

Nú stendur yfir sýning á verkum Kolbrár í baksalnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg þar sem hægt er að sjá afrakstur þess að strekkja stóran striga á ramma, annan en heilsufarslegan ávinning, og sitthvað fleira. Sýningin stendur til 27. nóvember. ■



Eldra fólki og börnum hættir einkum til að detta í hálkunni.

# Mannbroddar mikilvæg vörn

***Með haustinu og hálkunni fjölgar slysum á gangandi fólki.***

Þetta er eins og slysaalmanak. Það er alveg árvisst að á haustin þegar hálkan kemur verða beinbrot og önnur meiðsli eftir byltur. Þess gætir núna eins og endranær. „Það er svolítið mismunandi frá ári til árs hversu stórar öldur koma af fólki,“ segir Hlynur Þorsteinsson, læknir á slysadeild Landspítalans. Hann segir eldra fólkinu hættara við brotum en hinum yngri en aldursdreifing sé samt nokkur hjá þeim sem leiti sér lækninga vegna hálkumeiðsla. „Þegar fer að kólna og frysta fara börnin út að renna sér og þau detta líka og meiða sig þannig að meðalaldurinn á þeim sem leita á slysadeild vegna hálkuslysa er ekki mjög hár. Eldra fólkið hefur frekar vit fyrir sér en börnin. Það hættir sér síður út þegar mjög hált er og ef það þarf út setur það frekar á sig brodda en þeir sem yngri eru, enda eru mannbroddarnir mikilvæg vörn. Það er erfiðara að varast byltur hjá börnum. Það þarf bara að halda fyrirlestur einu sinni enn,“ segir Hlynur og svo er hann ekki tafinn lengur frá skyldustörfunum.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ HEILSA ]**

**Kristbjörg** Elí Kristmundsdóttir jógakennari verður með áhugaverðan fyrirlestur í Manni lifandi í Borgartúninu í dag, 15. nóvember kl. 18-19.30. Fyrirlesturinn fjallar um íslensku náttúrudropana sem hún hefur þróað síðastliðin ár og hafa hjálpað mörgum til að öðlast jafnvægi, gleði og hamingju í lífinu.

**Tíunda** tölublað Farsóttarfrétta sem var að koma út er helgað inflúensu. Í blaðinu er fjallað um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og heilbrigðisyfirvalda vegna heimsfaraldurs inflúensu og verkaskiptingu stofnana sem koma að viðbúnaðaraðgerðum.

**Ný** íslensk rannsókn sýnir fram á að D-vítamín sé nauðsynlegt líkamanum til að hann geti unnið úr því kalki sem hann fær. Rannsóknin var unnin á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í samvinnu við Lýðheilsustöð. Samkvæmt rannsókninni er betra að taka ráðlagðan dagskammt af D-vítamíni og hæfilegan skammt af kalki en að taka aukaskammt af kalki. Til þess að fá nóg D-vítamín er best að taka lýsi eða D-vítamín í töflum því fáar fæðutegundir innihalda það.







**Flensusprautur**

geta komið sér vel. Mælt er með bólusetningu árlega því inflúensustofnar breytast ár frá ári. Inflúensusprautur eru einkum góður kostur fyrir þá sem eru komnir yfir sextugt og þá sem eru með ýmsa langvinna sjúkdóma.


























Fólk bægir burt skammdegiskvíða með því að tylla sér fyrir framan dagsbirtuherminn í Vesturbæjarlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Veita birtu inn í sálina

***Skammdegið er mörgum þungt í skauti en ljósalampar gera sálinni gott. Nú hafa slíkir lampar verið settir upp í Vesturbæjarlauginni í Reykjavík.***

„Talið er að um tíu prósent Íslendinga eigi við skammdegisóyndi eða þunglyndi að etja þegar dagurinn er hvað stystur og þá verða menn daufir í dálkinn og kraftlitlir. Þetta þýðir að 10-12 þúsund Reykvíkingar finna fyrir slíkum þunga. En það sem getur dregið úr áhrifum myrkursins á sálina og jafnvel komið í veg fyrir þau er birtumeðferð.“ Þetta segir Sigmar B. Hauksson sem stýrir verkefni á vegum borgarinnar sem heitir Heilsuborgin Reykjavík. Það verkefni gengur meðal annars út á að gera sundlaugarnar að enn meiri heilsueflingarstöðum en þær hafa verið. Fólk kemur gjarnan í laugarnar til að hlaða batteríin, bæði andlega og líkamlega, og nú býður Vesturbæjarlaugin upp á þessa sérstöku lampa til að veita birtu inn í sálina. Það kostar ekkert aukalega heldur er þetta ný þjónusta í lauginni að sögn Sigmars.

„Við köllum þessa lampa dagsbirtuhermi. Einstaklingurinn sest fyrir framan lampana upp undir klukkutíma, kannski annan hvern dag. Svona birtumeðferð er þekkt og ýmsir hafa komið sér upp svona lömpum heima hjá sér. Meðferðin hefur góð áhrif á aðra kvilla en þunglyndi, svosem vanlíðan af völdum vaktavinnu, flugþreytu, svefntruflanir, síþreytu, fæðingarþunglyndi og fyrirtíðarspennu,“ lýsir Sigmar og bætir við að lokum: „Það koma margir í Vesturbæjarlaug og þeir sem vilja hressa sig upp andlega geta sest fyrir framan ljósin um stund.“

**mæður }**



## Mjólkurþrýstingur á mæður

NORSKUM KONUM MEÐ BARN Á BRJÓSTI FINNST ÞÆR VERA UNDIR ÞRÝSTINGI.

Norsk rannsókn sýnir að tólf prósentum norskra kvenna finnst þær vera undir þrýstingi um að gefa brjóst lengur en þær langar. Þessar upplýsingar koma í kjölfar ummæla Gro Nylander, sem er sérlegur brjóstamjólkursérfræðingur Norðmanna, um að æskilegt sé að konur séu með börnin á brjósti fyrstu tvö til þrjú árin.

Þrýstingurinn kemur að sögn kvennanna frá starfsfólki heilsugæslunnar, vinum, ættingjum og eiginmönnum. Þrjú prósent kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni upplifðu brjóstagjöf sem neikvætt álag.

Elin Kvande, prófessor í félagsfræði, segir í samtali við norska dagblaðið Aftenposten takmörk fyrir því hvaða kröfur eigi að gera til nútímamæðra. Hún segir að með stöðugu tali um hollustu brjóstamjólkur sé verið að gera mæðurnar ábyrgar fyrir heilsu barna sinna. Kröfur á nútímakonur aukist því stöðugt, sem geri þær æ stressaðri.








Hjartað þarf fjölbreyttari mat en feitt kjöt samkvæmt niðurstöðum rannsókna vísindamanna við Oxford-háskóla.

# Sykur og brauð fyrir hjartað

***Kolvetnasnautt og fituríkt mataræði getur minnkað orkuflæði til hjartans.***

Vísindamenn við Oxford-háskóla hafa komist að því að fituríkt og kolvetnasnautt mataræði getur minnkað orkuflæðið til hjartans en ekki er vitað hvort það hefur alvarleg neikvæð áhrif á hjartaheilsuna eða ekki.

Þetta er enn eitt innleggið í rökræðurnar milli þeirra sem kjósa kolvetnaríkt og fitusnautt mataræði til að grennast og þeirra sem hallast að fitunni á kostnað kolvetnanna. Margir hafa séð á bak aukakílóunum hratt og auðveldlega með því að fylgja kolvetnasnauðu og fituríku mataraæði en vísindamenn óttast að slíkir lifnaðarhættir séu ekki hollir þegar til lengdar lætur.

Vísindamennirnir frá Oxford fylgdust með nítján manna úrtaki í tvær vikur og komust að því að orkubirgðir hjartans minnkuðu um sextán prósent hjá þeim sem neyttu matar sem var feitur en kolvetnasnauður. Hjörtu þátttakenda í rannsókninni urðu líka „stirðari“ og slökuðu ekki eins vel milli slaga og áður en mataræðinu var breytt. Breytingarnar gengu til baka innan tveggja vikna eftir að þátttakendur tóku upp fyrri lifnaðarhætti sína.

Niðurstöðurnar eru birtar með þeim varnöglum að fáir tóku þátt í rannsókninni og hún stóð stutt yfir en getur engu að síður gefið til kynna þær hættur sem fylgja of mikilli fituneyslu fyrir hjartað. Jafnvægi virðist í þessu sem öðru vera besti kosturinn og gefa bestu niðurstöðurnar þegar til lengdar lætur auk þess sem regluleg hreyfing er alltaf til bóta.



Talið er að próteinrík fæða stöðvi hungurtilfinningu.

# Próteinið platar

*Nú telja vísindamenn sig hafa fundið ástæðu þess að próteinríkir megrunarkúrar minnka hungurtilfinningu.*

Rannsóknin var gerð á rottum á franskri vísindastofnun. Rotturnar fengu próteinríkt fæði með samsvarandi magni og myndi vera í sérstökum próteinmatarkúrum sem mannfólkið neytir. Vísindamenn komust að því að prótein jók framleiðslu glúkósa í smáþörmum tilraunadýranna. Matarlyst stjórnast af efnaskiptum, taugaboðum og hormónum. Við aukna framleiðslu glúkosa fær heilinn þau skilaboð að líkaminn sé saddur. Vel þekkt er að próteinkúrar dragi úr hungurverkjum og fólk borðar minna en það er vant að gera. Hins vegar hefur það verið óljóst hingað til hvað nákvæmlega veldur þessu. Ástæða aukins þyngdartaps vegna próteinkúra getur því verið vegna þess að hungurtilfinningin hverfur en hefur minna að gera með sjálft niðurbrotið á próteininu. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í tímaritinu Cell Metabolism en það skal tekið fram að frekari rannsókna er þörf á mannfólki áður en nokkuð er fullyrt. ■

# Öl er böl

*Talið er að norsk fyrirtæki tapi allt að 100 milljörðum á ári vegna drykkju starfsmanna.*

Einn af hverjum þremur sem er frá vinnu vegna veikinda í skamman tíma í Noregi er fjarverandi vegna drykkju. Skýrsla frá árinu 2000 sýnir að 34% norskra starfsmanna sem eru veikir í einn dag á rætur að rekja til áfengisneyslu. Þetta á við um bæði kyn og alla starfshópa.

Talið er að norsk fyrirtæki tapi milljörðum króna á ári af þessum sökum. Útreikningarnir eru unnir í Rokan-miðstöðinni í Björgvin og niðurstöður þeirra benda til að norsk fyrirtæki tapi 10,5 milljörðum norskra króna, eða um 100 milljörðum íslenskra króna, á ári vegna fjarvista og minni afkasta af völdum áfengisneyslu.

Þrátt fyrir það hefur ekki nema eitt af hverjum tíu fyrirtækjum í Noregi markað sér sérstaka stefnu í áfengismálum.



Áfengisdrykkja veldur tjóni í norskum fyrirtækjum.

# Ný tækni í tannlækningum

*Í Svíþjóð er farið að gera við tennur með lasertækni.*

Ný lasertækni í tannlækningum sem er í þróun í Svíþjóð leysir hinn alræmda tannlæknabor af hólmi. Einnig gerir hún tannviðgerðir sársaukalausar og þar með deyfingar óþarfar. Þetta eru góðar fréttir fyrir þá sem þjást af ótta við tannlækna og fá hroll þegar þeir heyra í bornum. Enn eru rannsóknir á þessari tækni þó á byrjunarstigi en þær sem farið hafa fram lofa góðu að því er fram kemur í dagblaðinu Expressen.



Nú hillir undir nýja tækni í tannviðgerðum.

## námskeið }

### Gómsætir grænmetisréttir

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR STENDUR FYRIR MATREIÐSLUNÁMSKEIÐI.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur stendur fyrir matreiðslunámskeiði um næstu helgi. Félagið hefur fengið til liðs við sig Dóru Svavarsdóttur matreiðslumeistara frá veitingahúsinu Á næstu grösum. Námskeiðið verður haldið í Hússtjórnarskólanum við Sólvallagötu og stendur yfir frá kl. 11 til 17. Kenndar verðar grunnaðferðir við vinnslu á grænmeti og baunum þar sem fjölbreytileikinn er hafður í fyrirrúmi og eldaðir gómsætir grænmetisréttir.
Dóra Svavarsdóttir er meistari frá Hótel- og veitingaskóla Íslands og hefur nýlokið námi í San Fransiskó þar sem hún sérhæfði sig í hráfæði.

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Ný líkamsrækt fyrir konur
Betri heilsa á 30 mínútum



Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur
Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að grennast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.
Curves
"The power to amaze yourself."
Fyrir allar konur
Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu.
50% afsláttur
af þjónustugjaldi
Curves, Bæjarlind 12, sími 566 6161 curves@simnet.is



Hvernig er mallinn?
ACIDOPHILUS FYRIR BÖRN
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi
KRAFTAVERK

Mikið úrval af
Reebok
smátækjum



Landsins mesta úrval af smátækjum til líkamsræktar
Jógamottur
Leikfimismottur
Ökklaþyngingar
Hlaupavesti
með þyngingu
Sippubönd
Þungir boltar
Body pump sett
Stórir æfingaboltar
Lyftingabelti
Lyftingahanskar
Handlóð,allar þyngdir
Aerobic pallar
Einnig mikið úrval af fjölþjálfum,hlaupabrautum, lyftingarstöðvum ,þrekhjólum, spinning hjólum, fyrir heimili, vinnustaði, sjúkraþjálfun, íþróttahús,líkamsræktarstöðvar, skip o.fl.



Allar nánari uppl. www.orninn.is
Opið laugard. 10-14
ÖRNINN
Skeifunni 11d, sími 588 9890
SCHWINN PRO-FORM NordicTrack CYBEX NAUTILUS

Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá

Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.

Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.

IMEDEEN®

www.imedeen.com









Veldu PB8 Sterkasti asidófílusinn!

| | |
|---|---|
| PB8 | 14 milljarðar* |
| Solaray Multidolphius 12 | 10 milljarðar* |
| Now 8 Billion | 8 milljarðar* |
| Solgar Multi Billion Dophilus | 5 milljarðar* |
| Kyo-Dophilus Acidophilus 9 | 3 milljarðar* |

*Mjólkursýrugerlar miðað við 1 hylki

Bætir þarmaflóru og meltingu!

Útsölustaðir PB8:
Heilsuhúsið • Árbæjarapótek • Yggdrasill
Maður Lifandi • Laugarnesapótek • Rima Apótek • Apótek Ólafsvíkur
Heilsubúðin Njálsgötu



FERSKAR OG NÁTTÚRULEGAR




LUSH

LAUGAVEGUR 11 552-2030
KRINGLAN 553-2002
WWW.LUSH.IS


# Insúlínið breytti lífi barna og ungmenna

*Uppgötvun insúlínsins breytti sykursýki úr banvænum sjúkdómi í ástand sem hægt er að lifa með.*

Sykursýki er ævagamall efnaskiptasjúkdómur sem dregur nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Fyrstu þekktu heimildirnar um hann eru frá árinu 1552 fyrir Krist. Fram til ársins 1922 var engin lækning til við sykursýki og létust sjúklingar stundum eftir langvinn veikindi.

Lengi vel sjúkdómsgreindu læknar sykursýki með því að bragða á þvagi sjúklinga sinna en þvag sjúklinga með ómeðhöndlaða sykursýki er sætt. Snemma á 19. öld var farið að rannsaka sykur í þvagi á rannsóknarstofum þótt læknar til sveita héldu áfram að bragða á þvaginu.

Árið 1869 uppgötvaði þýski læknaneminn Paul Langerhans frumurnar í brisinu sem framleiða insúlín. Tæpum fjörutíu árum síðar þróaði Þjóðverjinn Georg Zuelzer efni úr briskirtli sem sprautað var í sykursýkissjúklinga en of miklar aukaverkanir voru samferða þessu efni og hætti hann rannsóknum á því. Þó fór rannsóknum á sjúkdómnum mikið fram næstu árin.

Kanadíski læknirinn Frederick Banting, með aðstoð Bandaríkjamannsins Charles Best, rannsakaði og einangraði insúlín úr briskirtlum hunda árið 1920. Sumarið 1921 tókst félögunum fyrst að gefa hundi, sem brisið hafði verið fjarlægt úr, insúlínsprautu.

Í janúar 1922 fékk fjórtán ára drengur í Torontó í Kanada fyrstu insúlínsprautuna. Í maí sama ár byrjaði Eli Lilly lyfjafyrirtækið og Torontóháskólinn að fjöldaframleiða insúlín. Skömmu síðar hófst insúlínframleiðsla Novo Nordisk í Danmörku.

Árið 1923 fengu Banting og Best nóbelsverðlaunin í læknisfræði fyrir uppgötvun sína.

Sykursýki skiptist aðallega í tvær tegundir og fer sjúklingum í þeim báðum fjölgandi í heiminum. Skýringar á aukinni tíðni á tegund tvö felast aðallega í breyttu mataræði og minnkandi hreyfingu vestrænna þjóða. Engar skýringar hafa enn fundist á aukningu sjúkdómstilfella á tegund eitt sem yfirleitt leggst á börn. ■



Uppgötvun insúlíns breytti sykursýki barna úr banvænum sjúkdómi í ástand sem hægt er að lifa með, hagi sjúklingurinn sér skynsamlega og fylgi reglum um mataræði, lyfjagjöf og hreyfingu.



Þorbjörg og Oscar gefa góðar leiðbeiningar um hollan mat.

# Bæta heilsuna með heilnæmu fæði

***Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro halda námskeið um skynsamlegt mataræði á morgun í Manni lifandi .***

Tíu grunnreglur um heilbrigt og skynsamlegt mataræði er uppistaða námskeiðs sem Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti og unnusti hennar Oscar Umahro Cadogan halda í Manni lifandi í Borgartúni 24 á morgun, miðvikudaginn 16. nóvember milli kl. 19 og 23. Þar miðla þau grundvallarþekkingu til þeirra sem annað hvort eru að breyta um mataræði til að bæta heilsuna eða eru að velta því fyrir sér. Auk þess að kenna tíu einfaldar reglur til að fara eftir fá þátttakendur einfaldar matаruppskriftir til að koma sér af stað. Þorbjörg segir mikilvægast að koma til móts við þarfir líkamans og velja af heilbrigðri skynsemi það sem hann er hannaður til að borða.

könnun }

## Ástralir óttast húðkrabbamein

BRÚNKUGLÖÐUM ÁSTRÖLUM FÆKKAR

Ástralía hefur lengi verið paradís sóldýrkenda. Ný könnun sýnir þó að ástralskir unglingar hafa æ minni áhuga á að baða sig í sólinni og meiri áhyggjur af húðkrabbameini. Ástralska krabbameinsfélagið gerði nýverið rannsókn þar sem í ljós kom að 68% unglinga á aldrinum tólf til sautján ára höfðu ekki áhuga á að verða sólbrún að sumarlagi. 90% unglinga á þessum aldri gerðu sér grein fyrir tengslum á milli sólar og húðkrabbameins.
Um 60% unglinganna þóttu sólbrúnka þó falleg og fjórði hver unglingur sólbrann um dæmigerða sumarhelgi.
Rúmlega fimm þúsund Ástralir tóku þátt í könnuninni, þar af sjö hundruð unglingar.
Húðkrabbamein er algengasta tegund krabbameins í Ástralíu. Þar greinist manneskja með húðkrabbamein á 90 sekúndna fresti.



[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16





## GLUGGINN AÐ AKUREYRI

Gestur Einar Jónasson er sögumaður þjóðarinnar SJÁ BLS. 12



## REMBIST VIÐ AÐ VERA MAÐUR

*Benedikt í Jólagarðinum er jólasveinninn sjálfur* SJÁ BLS. 6

[ SÉRBLAÐ UM AKUREYRI OG NÆRSVEITIR – ÞRIÐJUDAGUR 15. NÓVEMBER 2005 ]

# Heimsborg í norðri



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON

## EFNISYFIRLIT



**Hvít jörð norðan heiða**
BLS. 2 Snjóframleiðsla í Hlíðarfjalli

**Leikhússtjóri í nærmynd**
BLS. 4 Magnús Geir Þórðarson hjá LA

**Listagyðjan nýtur sín**
BLS. 4 Helgi Þorgils sýnir í Listasafni Akureyrar

**Láttu eftir þér...**
BLS. 6 ...allt sem er ekta norðlenskt

**Fjögurra stunda jólanautnir**
BLS. 8 Magamálið stjórnar hjá Friðriki V.

**Heimsins besta heilsuhæli**
BLS. 8 Svanhildur Hólm Valsdóttir sjónvarpskona

**Næturlíf í norðri**
BLS. 10 Allt um djamm norðan heiða

**Leiðin að hjarta mannsins**
BLS. 13 Norðlenskar munngælur

**Norðlenska**
BLS. 14 Framburðaratriði og orðatiltæki

**Rómantík og bræðralag**
BLS. 15 Heimavistarlíf hjá VMA og MA



## Heima er best }

Hulda Björk Garðarsdóttir
óperusöngkona

### Stolt af því að vera Akureyringur



Allar mínar tilfinningar til norðursins tengjast fjöllunum í Eyjafirði sem mér þóttu svo umvefjandi í æsku. Þar stendur Hlíðarfjall upp úr og hlakka ég mikið til að skíða þar sem fyrst enda gervisnjórinn spennandi möguleiki.

Ég var Eyrarpúki fyrst og síðan Þorpari, og eyddi ansi mörgum og góðum árum í úthverfi Akureyrar; í sveitinni, á Hrafnagili og síðar á Laugalandi. Ég var hins vegar aldrei Brekkusnigill, en þetta eru viðurnefni sem fólk hefur fengið eftir því í hvaða hverfi það býr.

Ég vildi óska að öll börn í dag fengju tækifæri til að kynnast því að búa við fjöruna, fjöllin og sveitina, eins og ég. Menningin hefur vaxið heldur betur, en betur má ef duga skal, segi ég. Ég er stolt af því að vera Akureyringur.

## Láttu eftir þér...

...að fá þér pulsu eins og Norðlendingar fá sér. Þar er lenska að fá sér rauðkál og kokteilsósu á pulsuna, sem er ótrúlegt lostæti. Frumlegheit eru einkennandi fyrir norðlenskan skyndibita, eins og franskar kartöflur inn í hamborgarann og fleira djarft. Norðlendingar þora!



...að fara á rúntinn. Á Akureyri er ein rótgrónasta rúntmenning landsins. Allir á fallegum, nýjum og vel hirtum bílum að sýna sig og sjá aðra. Ekki búast við hraðferð í gegnum miðbæinn þegar kvöldar. Rúntur er hægur, yfirvegaður og æðislegur. Tilefni nýrra kynna sem alltaf skyldi gefa tíma og verðskuldaðan gaum.

# Hvít jörð norðan heiða

Snjóframleiðsla og paradísarlíf í Hlíðarfjalli.

Veðurguðirnir hafa brosað við skíðafólki á Akureyri undanfarnar vikur. Töluverð ofankoma hefur gert það að verkum að skíðasvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli var opnað laugardaginn 5. nóvember síðastliðinn.

Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli verður stefnt á að auka við opnun svæðisins þegar líður á nóvembermánuð og verður þá mögulega einnig opið á virkum dögum. Guðmundur segist hæstánægður með að geta opnað fjallið fyrir skíðaiðkendum svona snemma vetrar.

„Meðalopnunartími skíðasvæða á Íslandi öllu síðastliðin fimmtán ár hefur verið í kringum janúar eða í byrjun febrúar, þannig að ég er mjög ánægður með ástandið það sem af er vetrar.“

Ennfremur segir Guðmundur það heyra til undantekninga ef menn komast á skíði á milli jóla og nýárs í Hlíðarfjalli.

„Frá árinu 1985 hefur svæðið einungis þrisvar sinnum opnað fyrir jól.“

Um þessar mundir er verið að taka í notkun glænýjar snjóvélar í fjallinu sem gegna munu veigamiklu hlutverki þegar halda þarf svæðinu opnu og lítið hefur verið um snjókomu. Að sögn Guðmundar er um að ræða algjöra byltingu sem getur haft í för með sér mun lengri opnunartíma á skíðasvæðinu en verið hefur.



**FYRSTI PLÓGURINN** Norðlendingar eru fjallavanir og miklir skíðamenn. Unga fólkið fer snemma til fjalla að læra réttu aðferðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON



**Á BRETTI SKEMMTI ÉG MÉR** Aðstaða fyrir brettafólk er einstök í Hlíðarfjalli.





**SKÍÐAPARADÍS UNGA FÓLKSINS** Í Hlíðarfjalli er eitt fjölbreyttasta skíðasvæði landsins. Þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.

„Það sem hefur verið að gerast yfir vetrarmánuðina er að þessar svokölluðu suðvestanlægðir koma hér yfir með tilheyrandi roki og rigningu. Þar með höfum við misst mikinn hluta snjósins í fjallinu. Eftir að suðvestanáttina lægir höfum við svo oft þurft að bíða í allt upp í mánuð eftir að snjóa tekur aftur og þá er svæðið auðvitað lokað í millitíðinni,“ segir Guðmundur og bætir við að með tilkomu nýja snjóframleiðslukerfisins sé hægt að búa til nægan snjó til þess að standast þessar miklu rigningar sem stundum dynja yfir fjöllin í Eyjafirðinum.

„Það eina sem þessar vélar þurfa til að geta búið til snjó er að hitastigið sé undir frostmarki. Þetta hefur því einnig í för með sér að rekstur á skíðasvæðinu öllu verður mun stöðugri heldur en verið hefur, þar sem hægt verður að reiða sig á að svæðið haldist opið í mun lengri tíma í senn.“

Hinn svokallaði Eyjafjarðarpassi, sem áður fyrr gaf aðgang að öllum skíðasvæðum í Eyjafirði, þar með talið á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Grenivík, hefur að sögn Guðmundar ekki verið til sölu frá árinu 2002. Hann vill þó sjá breytingu þar á sem fyrst.

„Helsta ástæða þess að Eyjafjarðarpassinn hefur ekki staðið skíðafólki til boða á undanförnum þremur árum er einfaldlega sú að það hefur ekki verið neinn áhugi fyrir því vegna snjóleysis hin síðari ár. En ef fram heldur sem horfir með veðrið þá verður þess ekki langt að bíða að boðið verði upp á hann að nýju,“ segir Guðmundur kampakátur innan um nýju snjókerfið.

## Heima er best }

Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rithöfundur:

### Örorkubætur fyrir að vera að norðan

Eftir því sem ég verð eldri kann ég betur að meta það að eiga mínar rætur á Akureyri. Bærinn er alltaf að verða opnari og áhugaverðari og ómetanlegt að geta gengið þar að veitingahúsum eins og Friðriki V sem er einfaldlega á heimsmælikvarða. Og eftir að Frúin í Hamborg bættist í hóp menningarstofnana í líkingu við Gallerí+, Hólabúðina, Herradeild JMJ og Amtsbókasafnið þarf enginn að örvænta.

Þetta var hins vegar ekki alltaf svona indælt í mínum huga.

Fyrstu árin eftir að ég flutti suður fannst mér að ég ætti rétt á örorkubótum fyrir það eitt að vera að norðan. Kannski ekki svo óeðlileg hugmynd fyrir mann sem elst upp við menningarstefnu Framsóknarflokksins í framkvæmd.



Nú hefur dæmið hins vegar gjörsamlega snúist við og Akureyri í mínum huga orðin fulltrúi margs þess besta sem gert er á sviði menningar og fagurs mannlífs. Þar eiga ódrepandi einstaklingar úr röðum listamanna stærstan hlut, en ekki síður stjórnendur bæjarins sem upp á síðkastið hafa tekið slaginn með lista- og framkvæmdafólki, stóreflt menningarstofnanir, skapað marktæka menningarstefnu í samráði við bæjarbúa og nú síðast fylgt eftir hugmyndasamkeppni um nýtt skipulag miðbæjarins í anda alvöru íbúalýðræðis. Geri aðrir betur!


Betri líðan - betra líf

**Liðverkjaolía** og **Bað við liðverkjum** draga úr stirðleika, bólgum og verkjum í liðum og vöðvum.




Þú færð **Liðverkjaolíu** og **Bað við liðverkjum** í Heilsuhúsunum, Blómaval, Heilsubúðinni Hfj., apótekum og sölustöðum um land allt.

**Nærandi morgunfrúarolía (30ml) fylgir hverri keyptri flösku.**
Gildir til áramóta.

Purity Herbs
íslenskar, náttúrulegar snyrtivörur
Furuvöllum 5, 600 Akureyri, sími 462 3028


# Nýr vinkill á vetrarsporti

Á undanförnum árum hefur ný íþrótt verið að ryðja sér rúms í skíðaheiminum. „Snowmoto“ er í raun blanda af snjóbretti og reiðhjóli þar sem stjórnandinn situr á sæti og stýrir brettinu með stýri ekki ósvipuðu því sem er á venjulegu reiðhjóli.

Að sögn Sigurðar Baldurssonar sem flytur inn „snowmoto“ hérlendis hefur sala tækisins farið mjög vel af stað.

„Við byrjuðum að selja tækið hér á Akureyri fyrir um mánuði og það hefur gengið vonum framar.“

Sigurður segir grundavallaratriði hafa verið í byrjun að fá skíðasvæðin til að leyfa tækið í brekkunum.

„Tækið er leyft á um 80 prósentum af öllum skíðasvæðum heims. Ég hef verið í sambandi við Guðmund Karl Jónsson, umsjónarmann skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, og þar hefur fengist leyfi til þess að nota tækið á afmörkuðum svæðum í fjallinu. Það má sem sagt nota tækið í stólalyftunni og á svæðinu sem er sunnan við stólalyftuna.“



**„SNOWMOTO“ Í HÁALOFTI** Nýtt og spennandi leiktæki til að svífa um í fönnum brattra fjallanna.

Sigurður segir jafnframt að tækið sé aðgengilegt jafnt börnum sem fullorðnum.

„Það er hægt að stilla bæði stýri og sæti eftir stærð stjórnandans þannig að stærðin skiptir litlu máli.“

Aðspurður um sérstöðu „snowmoto“-tækisins gagnvart skíðum og snjóbrettum segir Sigurður að ekki sé í raun hægt að líkja þessu saman.

„Þarna er verið að sameina snjóbretti, skíði, vélsleða og mótorhjól í eitt tæki og því erfitt að segja hverju þeirra „snow-moto“ líkist mest. Þetta er einfaldlega einstakt tæki í sinni röð.“

HÉR & NÚ / SÍA


ELTU EPLIÐ AÐ 

# FULLU HÚSI MATAR

alltaf gott - alltaf ódýrt

nettó

allt í matinn á einum stað

Nettó Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd - Salahverfi Kópavogi

# Sandur í stað salts

Ökumenn landsins kannast við það að þurfa að auka umhirðu farartækja sinna yfir vetrartímann vegna salts sem er dreift um götur bæja víða um land. Samt sem áður eru þeir nokkrir sem þekkja ekki þetta vandamál sem annars fylgir vetrartíðinni. Á Akureyri hefur nefnilega viðgengist um langan tíma að nota sand á götur bæjarins í stað salts.

Að sögn Gunnþórs Hákonarsonar, yfirverkstjóra gatnamála á Akureyri, er meginástæðan fyrir þessu sú að veðurfarið á Akureyri er öðruvísi en annars staðar á landinu.

„Ef við berum okkur saman til dæmis við Reykjavík er það alveg ljóst að hér fyrir norðan er nokkrum gráðum kaldara að meðaltali en fyrir sunnan. Það gerið að verkum að sandur hentar mun betur á göturnar en salt, því í miklu frosti gerir saltið ekki eins mikið gagn og sandur.“

Þar að auki, að mati Gunnþórs, fer saltið mun verr með bílana þar sem þeir ryðga frekar ef mikið salt er á götum.

„Menn hafa því oft nefnt að betra sé að kaupa sér notaða bíla á Norðurlandi þar sem salttæring er mun minni á bílum sem keyrðir hafa verið hér en á notuðum bílum úr höfuðborginni.“

Einnig bendir Guðmundur á að salt sé mun verri kostur fyrir gangandi vegfarendur þar sem salt eyðileggi skófatnað og föt í mun ríkara mæli en sandur.

„Við dreifum um 300 til 500 rúmmetrum af sandi á göturnar ár hvert og notum salt í algjörum undantekningartilfellum.“



**BROTTFLUTTUR BORGARI.** En fer þó reglulega heim í norðrið og fær sér gómsætan Smiðjuborgarann á Bautanum.

Karl Örvarsson, auglýsingateiknari og tónlistarmaður:

# Smiðjuborgarinn bestur

Karl Örvarsson tónlistarmaður er búsettur í Reykjavík. Þrátt fyrir það á hann margar góðar minningar frá heimabæ sínum, Akureyri. Að mati Karls varð honum ekki ljóst hver þægilegur bær Akureyri er fyrr en hann flutti til höfuðborgarinnar.

„Rólegheitin er það sem maður saknar mest frá Akureyri. Maður fer kannski í burtu af því að tilbreytingarleysið verður of mikið á einhverjum tímapunkti, en síðan áttar maður sig á því að hvergi er nú betra að koma heldur en aftur í áhyggjuleysið þegar maður hefur umgengist hinn mikla skarkala Reykjavíkur í langan tíma. Svo klikkar aldrei Smiðjuborgarinn á Bautanum.“

Að sögn Karls tók hann margar góðar minningar með sér frá Akureyri. „Allir krakkarnir í hverfinu léku sér saman í stórum hópum og þá var oft glatt á hjalla. Oft lá líka við stríði á milli hverfa og maður var að lumbra á Kringlumýrarhálfvitunum, eins og þeir voru kallaðir,“ segir Karl að lokum og hlær dátt.






**UNGUR OG REYNSLUMIKILL.** Sýnir nú Fullkomið brúðkaup fyrir fullu húsi í fegursta leikhúsi landsins.

# Leikhússtjóri í nærmynd

Leikfélag Akureyrar hefur um árabil verið ákveðinn miðpunktur í listalífi Norðurlands. Eftir nokkur mögur ár þar sem erfitt var að fylla sæti leikhússins hefur leikfélaginu tekist að rétta nokkuð úr kútnum á undanförnum misserum og er nú mikill uppgangur þar á bæ. Starf leikhússtjóra leikfélagsins hefur í gegnum tíðina verið mikið ábyrgðarstarf og er enn. Magnús Geir Þórðarson, núverandi leikhússtjóri, er margreyndur í leikhúsbransanum og hefur starfað lengi innan listageirans.

„Ég gekk í Melaskóla og Hagaskóla áður en ég fór í MR þaðan sem ég er stúdent,“ segir Magnús, en eftir stúdentspróf lá leið hans til útlanda þar sem hann menntaði sig í leikstjórn í Bristol á Englandi. Að því loknu lá leiðin til Wales þar sem Magnús stundaði meistaranám í leikhúsfræðum. Þá lauk hann einnig MBA-prófi frá háskólanum í Reykjavík.

Eftir nám fór Magnús að leikstýra hér á landi og hefur í dag mjög víðtæka reynslu af leikstjórn. „Ég hef verið viðriðinn leikstjórn á einn eða annan hátt í um tíu ár og leikstýrt fjölda sýninga af öllu tagi, bæði hérlendis sem erlendis. Þá gegndi ég einnig stöðu leikhússtjóra Leikfélags Íslands og í apríl 2004 var ég síðan ráðinn til Leikfélags Akureyrar.“

Þegar Magnús er spurður um muninn á Leikfélagi Akureyrar og þeim atvinnuleikhúsum sem eru í höfuðborginni segir hann að Leikfélag Akureyrar reyni eftir fremsta megni að marka sér ákveðna sérstöðu gagnvart leikhúsunum í Reykjavík. „Auðvitað er ljóst að eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins hefur ákveðna sérstöðu gagnvart þeim sem staðsett eru í höfuðborginni. Það gefur augaleið.“

Að mati Magnúsar er gott að lifa og starfa á Akureyri. „Hér kann ég mjög vel við mig. Fallegur og góður bær sem byggður er almennilegu og skemmtilegu fólki. Mér hefur fundist mjög gott að vinna leikhús hér á Akureyri.“

Að sögn Magnúsar fer yfirstandandi leikár afskaplega vel af stað. „Við erum núna að sýna Fullkomið brúðkaup sem gengið hefur rosalega vel, og hefur verið troðfullt á allar sýningar hingað til. Þá er Edith Piaf sýnd hérna sem gestasýning frá Þjóðleikhúsinu og fljótlega byrjum við að æfa Litlu Hryllingsbúðina sem verður stórsýning þessa vetrar og frumsýnd í febrúar.“

Ljóst er að Magnús hefur í nógu að snúast við að stjórna leikfélagi sem hefur upp á ýmislegt spennandi að bjóða á næstunni.

# Listagyðjan nýtur sín fyrir norðan

Á Akureyri er starfrækt yngsta listasafn landsins. Hugmyndina um stofnun listasafns á Akureyri má rekja til uppástungu Jónasar Jónssonar frá Hriflu í blaðagrein árið 1960, en töluverður tími leið þangað til þessi hugmynd Jónasar varð að veruleika og var listasafnið opnað á afmælisdegi bæjarins þann 29. ágúst 1993.

Þann 29. október síðastliðinn var opnuð í safninu sýning á verkum Helga Þorgils Friðjónssonar undir heitinu Tregablandin fegurð. Sýningunni er ætlað að veita heilsteypt yfirlit yfir feril Helga á undanförnum árum og hefur að geyma mörg af hans áhrifamestu málverkum auk vatnslitamynda og skúlptúra. Að sögn Hannesar Sigurðssonar, safnstjóra listasafnsins, er sýningin opin allan nóvember og allt til 11. desember að henni lýkur.

Spurður um næstu verkefni segir Hannes þau vera næg. Þann 14. janúar opnar sýning sem nú er sýnd í listasafni Sigurjóns Ólafssonar í Reykjavík og nefnist Hraunblóm. Það er samsýning íslenskra og danskra listamanna, þeirra Sigurjóns Ólafssonar, Svavars Guðnasonar, Carls Henning Pedersen og Else Alfeldt. Þarna er því um að ræða samvinnuverkefni á milli Listasafns Akureyrar og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl 12 til 17.



**SJÁLFSMYND SEM UNGUR DRENGUR MEÐ ÁVAXTAKÖRFU** Málverk eftir Helga Þorgils Friðjónsson sem nú sýnir verk sín í Listasafni Akureyrar.




# …þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

## Vildarþjónusta Sparisjóðsins

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is**.

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

Fíton/SÍA FI013084

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**

# Láttu eftir þér...

...að dýfa táslunum í silkimjúk og vermandi **jarðböðin** á Mývatni. Þau eru yndisleg vin í snjókomunni nyrðra og biltúrsins vel virði að baða sig undir stjörnunum og njóta ótrúlegrar náttúrufegurðar um leið og húð, hár og sálartetur fá veglega upplyftingu.

...að tölta upp tröppurnar að einu **fegursta guðshúsi** landsins, Akureyrarkirkju. Það var húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, sem teiknaði þetta sérstaka guðshús sem vígt var um miðjan nóvember 1940. Kirkjan þykir kaþólsk í útliti, íburðarmikil og sláandi fögur, auk þess sem gestaþraut er að telja þrepin frá kirkjunni niður í bæ, en víst bannað að kjafta frá.

...að kaupa **norðlenskan listmun.** Það er nauðsynlegt að koma heim með áþreifanlegar minningar líka. Á Norðurlandi úir og grúir allt af handverki og fögrum munum fólks sem býr í sveitunum í kring sem og í bænum sjálfum. Ómótstæðilegir leirmunir, málverk, glerlist og fleira úr smiðju atvinnu- sem leikmanna í listum.





**ALLIR MENN ERU JÓLASVEINAR** Eða svo segir Benedikt í Jólagarðinum. Hann trúir einlægt á jólasveininn sem hann segir lifa innra með öllum sönnum jólamanneskjum og honum líka, enda er hann alltaf í jólaskapi. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

# Rembist við að leika mann

Benedikt Ingi Grétarsson, eigandi Jólagarðsins, er jólasveinninn sjálfur.

**Hvað þarf til að jólin komi?** Voðalega lítið, en það heldur enginn eins jól. Hver og einn hefur í heiðri sína jólasiði og oft þarf ekki nema eina styttu á sínum stað heima til að jólin séu komin. Þannig snúast jólin um minningar. Án þeirra koma jólin síður.

**Hvað finnst þér jólalegast af öllu?** Það er gamall eldspýtustokkur sem hangir heima á jólatrénu mínu. Hann fékk ég frá foreldrum mínum árið 1962 en þá hafði mamma pakkað honum inn í jólapappír og sett á slaufu. Í þessum gamla eldspýtustokki felast jólin mín.

**Hvernig getur þú verið í jólaskapi í júlí?** Jólaskap júlímánaðar er allt öðruvísi en jólaskap þegar jólin nálgast. Hér í Jólagarðinum ríkir hátíðastemming allan ársins hring og um leið og ég kem hingað inn verð ég glaður, áhyggjulaus og fullur vellíðunar. Hér býr nefnilega jólaandinn sem kemur með dótinu og gestunum og margir skynja um leið og þeir stíga inn fyrir þröskuldinn.

**En hvað er jólaskap?** Jólaskap getur verið mismunandi hugarástand. Það getur verið hrifning, en getur líka verið depurð. Það fer allt eftir því við hvað manneskjan tengir jólin. Flestir fara sem betur fer í hátíðaskap, en margir eiga mjög um sárt að binda; hafa kannski misst ástvin í kringum hátíðarnar og verða því sorgmæddir í skapi þegar jólaljósin kvikna.

**Eru jólakötturinn, Grýla og Leppalúði ljóta hliðin á jólunum?** Nei, alls ekki. Þau eru hluti af okkar þjóðtrú sem við eigum endilega að halda sem fastast í. Þessar forynjur hræddust forfeður okkar en með ljósadýrð nútímans hefur hræðslan hörfað. Margir af eldri kynslóðinni koma hingað og segja engu skipta hvað árin eru mörg; maður verði aldrei of gamall til að losna undan hræðslunni við jólaköttinn og Grýlu. Þannig safna margir íslensku jólasveinunum en láta ekki hvarfla að sér að kaupa jólaköttinn eða þau foreldra jólasveinanna af því að sú þrenning þótti ekki æskilegur félagsskapur um jól.

**Trúir þú á jólasveininn?** Já, það geri ég. Jólasveinninn býr innra með okkur öllum og við öll jólasveinar upp að vissu marki. Þannig er ég alltaf að rembast við að leika mann.

**Eru jólin í tísku?** Jólin eiga mismikið upp á pallborðið hjá fólki og fylgja sjálf sterkum tískustraumum, en rautt og hvítt er hinn sígildi litur jólanna.

**Er Jesús algengasta táknmynd jólaskrautsins?** Nei, afmælisbarn jólanna er fjarri Íslendingum þegar kemur að jólaskrauti. Komi útlendingar hingað spyrja þeir undantekningarlaust um jólaskraut með kristinni tilvísun, en Íslendingar vilja frekar sína eigin jólasveina og þjóðtrú.

**Eiga jólin sér neikvæða hlið?** Já, því miður fyrir suma og sérstaklega í seinni tíð. Fólk hefur mismikil fjárráð og þarf að sníða sér jólastakkinn eftir vexti í stað þess að hlaupa eftir því sem nágranninn gerir eða kaupmaðurinn segir. Jólin eru auðmjúk og nægjusöm í sjálfu sér, og mega ekki vera þungur baggi sem sligar jólaandann í manneskjunni.










# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!




Sjóðir í sölu hjá Íslenskum verðbréfum hf. skiluðu góðri ávöxtun síðustu 6 mánuði eins og sjá má hér að ofan.

Athygli fjárfesta er vakin á því að nálgast má útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Skoðaðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Íslensk verðbréf hf. er eina sérhæfða fyrirtækið á sviði eignastýringar á Íslandi og stýrir í dag um 70 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar **www.iv.is**

## Eignastýring er okkar fag!

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • FAX 460 4717 • www.iv.is

# Fjögurra stunda jólanautnir

Þar sem tíminn stendur í stað og magamálið fær að stjórna í sátt við íslenskar listir og heimilislega natni og umhyggju.



HEIMSKOKKUR NORÐURLANDS Friðrik Valur Karlsson, eigandi Friðriks V Brasserie, hefur hafið meðhöndlun norðlenskra matvæla og matreiðslu á æðsta plan. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON

Friðrik Valur Karlsson, matreiðslumeistari og eigandi veitingastaðarins Friðriks V Brasserie á Akureyri, er á góðri leið með að verða skærasti kokkastjarna landsins og landsmönnum að góðu kunnur eftir dýrindis uppskriftir og dugandi eldhúsráð í morgunþáttum Gests Einars Jónassonar á Rás 2, þar sem þeir Norðlendingarnir skiptast á skoðunum um það sem gleður magann.

„Það er nú varla að manni finnist maður vera í útvarpi þegar maður fær sér morgunkaffi með Gesti Einari, en ég tek með mér uppskrift og hef reyndar óskaplega gaman af því að tala um mat og Gestur Einar er óhræddur við að spyrja af vankunnáttu leikmannsins. Í fyrstu fannst mér hugmyndin um uppskrift í útvarpsþætti hæpin, en miðað við fjölda heimsókna á heimasíðuna og þau hundruð símtala og tölvupósts sem ég fæ eftir þættina sé ég að þörfin er mikil,“ segir Friðrik sem gaf sjálfum sér veitingastaðinn Friðrik V í 31. árs afmælisgjöf árið 2001. Vaffið er tilkomið af millinafni hans, Valur, en vísar einnig í þá staðreynd að Friðrik V Brasserie er sá fimmti fyrir norðan sem nýtur töfrabragða Friðriks í eldhúsinu, en sjálfur nam hann matreiðslu á Hótel Holti í Reykjavík.

„Ég er alinn upp á Akureyri eins og konan mín Arnrún Magnúsdóttir. Ég vil hvergi annars staðar vera. Sumir fyrir sunnan reyndu fortölur þegar ég vildi norður í veitingarekstur, en þótt fyrsta árið hafi verið æði strembið sé ég bara kostina í dag. Við hjónin erum í þessu af hjartans lyst og djúpt á gróðahugsjóninni. Hér geri ég nákvæmlega það sem mér sýnist og það hefur virkað vel í landsmenn, sem margir gera sér ferð úr Reykjavík til þess eins að fá sér að borða. Þá er Eyjafjörðurinn ríkulegt landbúnaðarhérað og ég í nánum tengslum við byrgja sem ég er stoltur af,“ segir Friðrik sem heillaðist af „slow food“-stefnunni þegar hann sótti sér innblástur til Ítalíu, en í janúar ár hvert fer hann víða um heim til að nema nýja matarmenningu og aðferðir.

„Hugmyndin að „slow food“-stefnunni er styttra bil á milli framleiðenda og neytenda; að vita allt um hráefnið og að veitt er í samlyndi við náttúruna. Það hefur fyllt mig stolti að vekja athygli fyrir að nota ferskt hráefni úr héraðinu, en ég veit hvar og hvenær gæsin var skotin, hver skaut hreindýrið og númer þess, frá hvaða bæ nautið er, hvenær því var slátrað og hvað það vó, hvenær og hvar bláberin voru týnd og gsp-staðsetningu veiðistaðar sjávarfangsins,“ segir Friðrik brosmildur, en líkja má heimsókn á Friðrik V Brasserie við heimsókn á lítið, ítalskt fjölskylduveitingahús.

„Fólk gerir kröfu um að hitta mig yfir borðhaldinu og ég labba mikið inn í sal til að spjalla við gestina. Veitingahúsið er ástríða hjá okkur hjónunum og við mikið á tánum, en þetta er fjölskyldustaður og mín upplifun að gestirnir séu að koma í persónulega heimsókn,“ segir Friðrik sem þann 18. nóvember byrjar með jólahlaðborð þar sem hver og einn getur notið matarins á þeim hraða sem hann kærir sig um.

„Lengi vel fannst mér Íslendingar vera vitleysingar sem ekki kynnu að fara á jólahlaðborð, því þeir stóðu í löngum biðröðum með reykt svínakjöt og graflaxsósu á diskum sínum og hrúguðu eins og hægt var í hverri ferð. Svo fór ég sjálfur og ætlaði að gera þetta á yfirvegaðan hátt, en skildi ástandið betur eftir að hafa staðið í korters biðröð við forréttina eina saman. Þá ákvað ég að bjóða upp á annars konar jólahlaðborð þar sem gestum eru færð sjö sett af mismunandi jólamat á hvert borð og þeir geta nostrað við matinn í fjóra tíma, sem er skemmtilegasta formið fyrir stað af okkar stærð,“ segir Friðrik sem hefur jólaveisluna girnilegu á boðstólum öll föstudags- og laugardagskvöld fram að jólum.

Full búð af nýjum vörum!



Mesta úrval af skóm norðan heiða og þótt víðar væri leitað. Mössubúð hefur allt það nýjasta í skóm fyrir alla aldurshópa. Erum einnig með töskur, handgert skart, leðurhanska og seðlaveski.

MÖSSUBÚÐ
STÆRST Í SKÓM
Glerártorgi, sími 461 3322

Hlökkum til að sjá ykkur á torginu

Massa, Guðrún , Laufey og Ásta Björg

## Heima er best }



Svanhildur Hólm Valsdóttir, sjónvarpskona á Stöð 2:

### Heimsins besta heilsuhæli

Norðurland skipar sess í hjarta mér...

...vegna þess að það er svo gott að koma heim. Eyjafjörður og Þingeyjarsýslan ægifögur og svo slappa ég hvergi betur af. Helgi hjá Möggu systur og fjölskyldu í Mývatnssveit er eins og vika á heimsins besta heilsuhæli.



# Leiðin að hjarta mannsins...

...liggur um maga hans

## La Vita e Bella

Ítalskur veitingastaður í hjarta bæjarins. **Heimalagað pasta** og nýbakað ítalskt brauð eins og það gerist best. Umhverfið er **umgjörð elskenda** og fagurkera. Þjónustan æðisleg og réttirnir framandi; beikonvafðir sniglafylltir sveppahattar, **rjómasoðinn camembert** og lax með gullstöngulhjúp, í bland við hefðbundnar pitsur og ravíólí. Opið alla daga frá kl. 18.




## Friðrik V Brasserie

Heimsborgarleg eldamennska á alíslenskum, ferskum afurðum sem flestar koma úr nærsveitum Akureyrar. Mjúkir leðursófar í koníaksstofunni og íslensk list í öndvegi. Núna dásamleg leirlist Margrétar Jónsdóttur að norðan. Friðrik Valur, matreiðslumeistari og eigandi staðarins, ber fram lostæti úr eldhúsinu og eiginkonan Adda gengur um beina. Eins og einkaheimsókn til guðlegra matgæðinga. Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 18.

## Fiðlarinn

Háklassa veitingahús með **ómótstæðilegu útsýni yfir Pollinn,** Vaðlaheiðina og reyndar til allra átta. Einn af fínni stöðum Akureyrarbæjar, þangað sem Norðanmenn fara gjarnan við hátíðleg tilefni lífsins. Matseðill **a la carte** og eðalveigar á barnum.

## Kaffi Akureyri

Stofnað af Grétari Örvarssyni, Siggu Beinteins og Magnúsi Sigurbjörnssyni árið 1996 og rekið af þeim í þrjú ár. Róleg kaffihúsastemming á virkum dögum en **stuð, stuð, stuð** um helgar, enda einn vinsælasti skemmtistaður Akureyrar. Lifandi tónlist og diskótek um helgar í bland við **kanilstráð cappuchino,** eplamarengs og fleira góðgæti fyrir mallakút.

## Bautinn

Elsta **veitingahús landsins** og skylduheimsókn nyrðra. Staðsett í meira en hundrað ára gömlu húsi með notalegum anda og hlýlegheitum. Maturinn **alltaf afbragð** eins og þjónustan. Staðsett á besta stað í bænum, með útsýni yfir í göngugötuna. Dýrindis salatbar og **glóðarsteiktar steikur,** fiskur og hamborgarar. Upplifun fyrir tungu og maga.

## Tikk Takk

Geggjað góður „take away"-staður ef löngun er til þess að gera sér dagamun á **exótískan máta** undir berum himni eða í stofunni heima. Indversk, ítölsk, amerísk, mexíkósk og austurlensk áhrif á girnilegum matseðli, sem endar í **freistandi hvítum öskjum** sem varðveita gæði, bragð og ilm á ferðalaginu heim eða **út í skóg.**

## Bláa kannan

Yndislegt kaffihús í göngugötunni þar sem **mannlíf og fegurð** iðar innandyra sem utan. Endalaust **freistandi tertur** og hvers kyns kruðerí, undir turnþaki eins fegursta húss Akureyrar; **nefnilega París.** Á neðri hæðinni er skemmtistaðurinn Græni hatturinn, þar sem boðið er upp á menningarviðburði af ýmsu tagi og lifandi tónlist um helgar.

## Café Karólína

Listrænt umhverfi og matur eldaður af hjarta og listfengi. Kaffihúsið á neðri hæðinni er einn af **föstu punktunum** í menningarlífi Akureyrar og þar jafnan margt um manninn yfir gómsætum hádegissúpum og eðalkaffi. Á efri hæðinni er ein af **betri matarupplifunum nyrðra;** sælkeraeldhús með ómótstæðilegum krásum þar sem lögð er áhersla á að hráefnið haldi sínu náttúrulega bragði.

## Greifinn

Geysivinsæll veitingastaður fyrir fjölskylduna, vinahópinn eða **turtildúfur.** Óvenju fjölbreyttur matseðill með dýrindis réttum sem hver er öðrum betri og ýmislegt **framúrstefnulegt innan um.** Spennandi leikherbergi fyrir börnin meðan hinir fullorðnu gera **sælkeraföðri Greifans** rólegri skil.

## Café Amor

Fallegt kaffihús við Ráðhústorgið, með útsýni yfir þá sem keyra rúntinn og ganga **glaðlega um fagran miðbæinn.** Úrval girnilegra rétta og drykkja í boði og einkar flott innanhúshönnun umlykur gesti staðarins. Er á góðri leið með að verða **vinsælasti skemmtistaður** ungu kynslóðarinnar.




Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar
opin alla daga kl. 07:00 – 22:00 í vetur
Færð og veður 1777
Textavarp síður 470–490
Talvél sími 1779
Engin gjöld eru tekin fyrir að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni
VEGAGERÐIN
www.vegagerdin.is

atakak@simnet.is
Þú kemst í gott form með okkur!
ÁTAK HEILSURÆKT
OPNUNARTÍMI ÁTAKS: mán.-fim. 6-21 | fös. 6-19 | lau. 9-14 | sun. 10-13
V/STRANDGÖTU | AKUREYRI | SÍMI 461 4444

alt
markvissar auglýsingar
...um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.
Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"
Síminn er 550-5000

EINFÖLD HUGMYND
Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.
**sjovastrax.is** - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.
SJÓVÁ STRAX
GOTT FÓLK McCANN






* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


# Næturlíf í norðri



Sólskinsstund á Café Amor. Staðurinn er að verða sá vinsælasti meðal unga fólksins nyrðra og er frábær heim að sækja sem hefðbundið kaffihús á daginn.




Kaffi Akureyri. Heldur stöðu sinni sem einn vinsælasti skemmtistaður Akureyringa um árabil.

Skemmtanalífið á Akureyri hefur lengi verið með miklum ágætum og hafa Norðlendingar ekki verið taldir síðri djammarar en frændur þeirra fyrir sunnan. Okkur langaði að fræðast nánar um hvernig skemmtanalífinu væri háttað á Akureyri um þessar mundir og fengum Arnar Elíasson, 25 ára borinn og barnfæddan Akureyring í lið með okkur í þeim tilgangi að fara nánar ofan í saumana á partístandi Norðlendina.

Að sögn Arnars hefur Kaffi Akureyri verið aðal djammstaðurinn á Akureyri um nokkurt skeið en á undanförnum mánuðum hefur nýr staður verið að ryðja sér til rúms sem aðalskemmtistaður bæjarins.

„Skemmtistaðurinn Amour hefur allt frá í fyrravetur verið að taka við hlutverki Kaffi Akureyrar sem fremsti staðurinn í bænum, sérstaklega hjá aldurshópnum á milli tvítugs og þrítugs,“ segir Arnar.

Þegar hann er spurður hvert þeir sem komnir eru á miðjan aldur haldi þegar helgin birtist og kvölda tekur vill Arnar meina að Oddvitinn og Vélsmiðjan séu þeir staðir sem höfði sérstaklega til þeirra sem komnir séu yfir þrítugsaldurinn.

„Oddvitinn býður líka upp á karókí sum kvöldin þannig að þá týnist yngra fólkið líka inn og tekur lagið. Ég mundi hins vegar segja að Vélsmiðjan væri klárlega sá staður sem eldra fólkið sækir hvað mest, og svo er auðvitað Sjallinn sá staður sem menn sækja grimmt á laugardagskvöldum þegar böll og tónleikar eru haldnir í bænum,“ segir Arnar og bætir því við að ástæðan sé einfaldlega sú að enginn annar staður í bænum rúmi þann fjölda af fólki sem sækir böll og aðra hljómleikaviðburði, en lengi hefur loðað við skemmtanahald í Sjallanum að þar skemmti sér margar kynslóðir saman.

Þegar Arnar er inntur eftir því hvort Akureyringar séu meiri djammarar heldur en Reykvíkingar svarar hann því til að honum finnst það ólíklegt.

„Ástæðan er fyrst og fremst sú að framboð á skemmtistöðum hér nyrðra er töluvert minna heldur en gengur og gerist í höfuðborginni. Þetta er alltaf sama rútínan hér á Akureyri og ef maður fer á djammið nokkrar helgar í röð fer maður strax að kannast nokkuð vel við þau andlit sem mæta á staðina um helgar. Því verður þetta dálítið leiðigjarnt með tímanum,“ segir Arnar, en mælir þó eindregið með næturlífinu norðan heiða.




Sjallinn. Þar sem kynslóðirnar gleðjast saman. Fastur punktur í tilverunni.



Vélsmiðjan. Hér gera sér glaðan dag þeir sem komnir eru yfir þrítugt.


FRIÐRIK V · BRASSERIE · AKUREYRI

UPPLIFÐU

JÓLAVEISLUNA

FRIÐRIK V · BRASSERIE · AKUREYRI

FRIÐRIK V - Strandgötu 7 - 600 Akureyri - s: 461 5775 - www.fridrikv.is - fridrikv@fridrikv.is - opið frá þriðjudagi til sunnudags.

# Háskóli í örum vexti

Háskólinn á Akureyri. Býður endalaust spennandi námsleiðir í yndislegu umhverfi, enda Akureyri alvöru háskólabær.



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

Háskólinn á Akureyri hefur vaxið jafnt og þétt á síðastliðnum árum og nú er svo komið að um 1528 nemendur eru skráðir í skólann á þessari önn samkvæmt Jónu Jónsdóttir forstöðumanni samskiptamiðstöðvar við háskólann. Þar af eru um 40 prósent af nemendum fjarnemar og um 60 prósent nemendur sem eru á Akureyri. Þeir möguleikar sem stúdentar hafa til náms þegar þeir útskrifast úr framhaldsskóla hafa því aukist töluvert á undanförnum árum með tilkomu Háskólans á Akureyri.

Deildir skólans eru sex talsins og skiptast í kennaradeild, auðlindadeild, heilbrigðisdeild og viðskiptadeild. Einnig eru starfandi upplýsingatæknideild, félagsvísinda og lagadeild, sem er nýjasta deildin við skólann.

Sú fjölmennasta er hinsvegar kennaradeildin sem státar af 542 nemendum. Jóna segir ennfremur að brautskráðum kandídötum fjölgi stöðugt. „Núna í vor brautskráðum við 280 manns og árið áður voru það um 220 þannig að þessi tala hefur farið vaxandi á undanförnum árum.“

Með auknum fjölda nemenda kemur krafan um fjölbreytni í námi. Háskólinn á Akureyri hefur á undanförnum árum reynt eftir fremsta megni að bæta við þá námsmöguleika sem stúdentum stendur til boða. Þar má til dæmis nefna að nú í haust var í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám í auðlindadeild.

Þá hefur einnig farið mikill kraftur í að félagsvísinda- og lagadeildin, sem stofnuð var árið 2003, fari vel af stað og hefur það tekist það mjög vel. Nú stunda um 246 nemendur nám við deildina og þeim fer ört vaxandi. Á þessu er ljóst að háskólasamfélagið á Akureyri er í miklum blóma og töluverð ánægja virðist vera með það fjölbreytilega nám sem nemendum skólans stendur til boða.












## Heima er best }

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttamaður á NFS:

### Hluti af sjálfum mér



Akureyri er alltaf í hjarta mér vegna þess að...

...þar er ég innan um stóran hluta af sjálfum mér.


Amber hárstofa

Veitum alla almenna hárþjónustu fyrir dömur, herra og börn.

INDOLA og URBAN TRIBE hársnyrtivörur

amber hárstofa

Hafnarstræti 92 (Bautahúsið) Sími 466 4040.



SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI COUNTRYHOTEL

Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502

Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-

Gistitilboð Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jóla-morgunverðarhlaðborð. Aðeins 8.300-



HÁTÍÐARPERA SEM SKIPTIR UM LIT

TILVALIÐ Í JÓLASKREYTINGUNA

RAFLAMPAR

ÓSEYRI 4 • 462 1467 • 603 AKUREYRI • RAFLAMPAR@EST.IS





SCANPAN CLASSIC

Steiking með eða án fitu

Maturinn festist ekki við

Verpist ekki

Sterk húð, flagnar ekki

Má nota málmáhöld

Þvoist ávallt m. sápu, má fara í uppþvottavél

Má fara í ofn að 260°c

Daggir

Strandgötu 25 Akureyri s: 462-6640

www.daggir.is • Sendum hvert á land sem er




**ÁRRISULL MORGUNHANI.** Gestur Einar Jónasson vaknar daglega með þjóðinni á Rás 2 og lýsir því sem fyrir augu ber norðan heiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR SVERRISSON

# Aleinn Gestur með augu þjóðarinnar við gluggann

Það er stilltur morgunn við Pollinn þegar einn ástsælasti útvarpsmaður þjóðarinnar sest með kaffibollann sinn við hljóðnemann í hljóðveri Ríkisútvarpsins við Kaupvangsstræti og lýsir því sem fyrir augu ber í höfuðstað Norðurlands. Þannig má segja að Gestur Einar Jónasson sé gluggi landsmanna að norðlenskri náttúrufegurð, bæjarstemmingu og mannlífi allan ársins hring frá hálfníu til tíu á Rás 2.

**Hvenær er Akureyrarbær og landið í kring fegurst fyrir augun?** Það er mjög fallegt hér snemma morguns á sumrin og haustið er óskaplega yndislegur tími. Ég hef stundum farið í gæsaveiði utan við bæinn í dagrenningu og algjörlega ómótstæðilegt að upplifa landið vakna. Það er einfaldlega stórkostlegt að heyra fyrsta fuglinn bjóða góðan daginn, fyrsta jarmið og fyrsta gargið í gæs. Ég held að tiltölulega fáir hafi upplifað þá töfra, en það er vel þess virði að vakna í bítið með náttúrunni.“

**Hvers vegna hefur þú alltaf búið nyrðra?** Ég er fæddur hér og uppalinn og mér hefur alltaf liðið vel á Akureyri. Mér hefur oft boðist að vinna og flytjast til Reykjavíkur en ekki orðið af því ennþá. Dóttir mín og fjölskyldan hennar býr í höfuðstaðnum en við hjónin hér nyrðra og líkar vel. Ef maður hefur áhugamál er svo stutt í að njóta þeirra hér, og ég hef þau mörg. Við förum mikið á skíði, í golf og göngutúra, ég flýg mikið og get farið á sparískónum að veiða, því veiðiárnar eru allt í kring og allt eins og best verður á kosið.“

**Hvaða mann hafa Akureyringar að geyma?** Þeir eru alveg eins og aðrir Íslendingar. Stundum er talað um að þeir séu seinteknir en það er þjóðsaga. Þá er einnig sagt að aðkomumenn séu lengi að fá ríkisborgararéttinn hér nyrðra, en það er auðvitað grín, nema hvað við verðum vitaskuld að velja og hafna (hlær dátt). Ég get ekki séð að gestir fái öðruvísi móttökur hér en í Reykjavík og glöggt dæmi að Akureyringar hafa fyrir sið að sækja og skila gestum sínum á flugvöllinn. Hér ríkir enn dálítill sveitahugsunarháttur, sem er bara gott, og margir sem enn fara heim í hádeginu að borða.

**Hvernig er að vekja þjóðina aleinn í hljóðverinu á morgnana?** Mér finnst það indælt því mér líkar að vakna einn og koma mér fyrir við gluggann. Ég hef dásamlegt útsýni og vakna oftast það snemma að ég næ að keyra pínulítið um og líta í kringum mig meðan bærinn enn sefur.

**Er Akureyri seinni að vakna en Reykjavík?** Já, en það gera náttúrulega vegalengdirnar. Við erum ekki nema í mesta lagi sjö mínútur í vinnu og á milli staða, og aldrei komin með bíl í aftursætið eftir augnablik í umferðinni. Við getum leyft okkur að sofa nokkrum mínútum lengur og þurfum ekki að vera með neinn æsing yfir hlutunum. Þannig er andrúmsloftið ekki endilega letilegt en bæði afslappað og þægilegt.

**Færðu heimþrá þegar þú kveður heimabæinn?** Nei, því mér líður vel hvar sem ég er. Gæti þannig vel hugsað mér að búa í höfuðborginni og færi létt með það. Hins vegar ber ég sterkar taugar til norðursins þótt ég skammi stundum mitt heimafólk fyrir að láta of lítið á sér bera. Menn verða að láta í sér heyra og vera stoltir af því. Þetta skrifast þó hvorki á minnimáttarkennd né lítillæti, heldur á það hve Akureyringar eru heimakærir.


Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7



allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga





OPEL SAAB

NISSAN PATHFINDER

SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason

Óseyri 5 - 603 Akureyri- Sími: 461 2960 / 462 2520

## Heima er best }

Eva Ásrún Albertsdóttir
söngkona:

# Fegurð og veðursæld



Eva Ásrún Albertsdóttir söngkona hefur verið búsett í höfuðborginni síðan 1979. Þrátt fyrir það er gamli heimabærinn Akureyri henni einkar kær. „Umhverfið hefur voðalega góð áhrif á mann. Þetta er einstaklega fallegur bær og þar er rólegt og gott að vera. Svo er auðvitað veðrið allt öðruvísi og betra fyrir norðan heldur en hér fyrir sunnan. Ég gerði mér hreinlega ekki grein fyrir því hve ólíkt veðrið er fyrr en ég flutti suður," segir Eva Ásrún, sem hugsar með hlýju til æskuáranna á Akureyri. „Ég átti frábæra barnæsku og enn í dag margar frábærar vinkonur sem ég ólst upp með."
Spurð hvert hún myndi fara með gesti sem væru að koma til Akureyrar í fyrsta sinn var hún fljót að svara.
„Lystigarðurinn kemur fyrst upp í hugann. Einnig er nauðsynlegt að skoða Nonnahús og Kjarnaskóg ásamt söfnunum í bænum. Það eru margir staðir sem eru þess verðir að skoða vel."







VMA og MA reka sameiginlega heimavist:

# Rómantík og bræðralag

Rómantík hefur löngum þótt umlykja lífið á heimavistum landins. Oft getur myndast mikil stemming á vistinni eins og gefur að skilja þegar fólk á svipuðum aldri býr hlið við hlið svo mánuðum skiptir. Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Akureyri reka sameiginlega heimavist þar sem nemendur, langan veg frá heimahögum, geta fengið vist á meðan á náminu stendur.

Sigmundur Magnússon vinnur á heimavistinni og er titlaður húsbóndi á svæðinu. Spurður hvað felist í starfi hans segir hann það fyrst og fremst vera umsjón með íbúunum ásamt því að halda uppi aga og sjá til þess að þetta stóra heimili og heimilislíf gangi sem allra best.

Hann segir starfið öllu viðameira en venjulegt húsvarðarstarf. „Ég er eins konar pabbi hérna á svæðinu og ungmennin geta leitað til mín með ýmis mál en þá reyni ég að leiðbeina þeim eftir bestu getu.“

Sigmundur segir að oft geti myndast mikil stemming á vistinni. „Það er oft mikið fjör hérna hér og svo er félagslífið í skólunum mjög öflugt þannig að það getur orðið ansi glatt á hjalla.“

Að sögn Sigmundar eru rúmlega þrjú hundruð nemendur sem búa á heimavistinni hverju sinni og þeir koma úr öllum áttum. „Flestir koma af Norðvestur- og Norðausturlandi en einnig eru nemendur sem koma að austan og einstaka fólk af Suðurlandi, þannig að það er í raun fólk alls staðar frá sem býr hér á vistinni.“

Ernir Freyr Gunnlaugsson býr á vistinni og er einn af sex fulltrúum í svokölluðu heimavistarráði. Hann lætur vel af dvölinni og segir gott andrúmsloft einkenna vistina. Spurður hvort vottur af rómantík liggi í loftinu þegar líða tekur á veturinn jánkar hann því.

„Það er ávallt eitthvað um að fólk pari sig saman á vistinni, enda er það eðlilegt þegar fólk er svona mikið saman í langan tíma.“



**GLAMPAR Í AUGUM UNGA FÓLKSINS** Rómantík á menntaskólaárunum er samofin íslenskri menntasögu, en hvort amor hafi skotið ástarörvum sínum að þessum norðlensku ungmennum fullyrðum við ekkert um. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON



**MATAST Í MA** Lagt hefur verið til að sjoppufæði verði bannað í menntaskólum landsins, en heilsusamlegt fæði verði skilyrði á matseðlum menntskælinga.



**BESTU ÁR ÆVINNAR** Menntaskólaárin eru tími dýrmætrar vináttu og ævarandi og auðgandi kynna.









FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Safnabærinn Húsavík:

# Sjóminjar og ísbirnir

Á undanförnum árum hefur Húsavíkurbær þróast út í mikinn safnabæ þar sem kennir margra grasa. Að sögn Reinhards Reynissonar bæjarstjóra hefur mikill uppgangur verið í bænum á undanförnum árum og eiga söfnin á staðnum stóran þátt í því að byggja upp þá sterku ferðamannaþjónustu sem nú blómstrar þar á bæ.

Safnahúsið á Húsavík er stærsta safnið í bænum og er það alfarið rekið af sveitarfélaginu sjálfu. Það samanstendur af nokkrum söfnum sem hafa að geyma hina ólíkustu hluti. Þar má telja Byggðasafnið sem staðsett er á efstu og neðstu hæð Safnahússins. Meginmarkmið með því er að varðveita hvers kyns muni úr héraðinu sem hafa eitthvert menningarsögulegt gildi. Einnig er vert að minnast á Sjóminjasafnið og Héraðsskjalasafnið sem einnig eru staðsett í Safnahúsinu sjálfu.

Þá rekur bæjarfélagið einnig Náttúrugripasafn en megintilgangur þess er að vekja athygli ferðamanna og annarra á íslenskum náttúrugripum. Þekktasti gripur safnsins er án vafa Grímseyjarbjörninn; uppstoppaður ísbjörn sem unninn var í Grímsey veturinn 1969.

Fyrir utan söfnin sem bæjarfélagið rekur sjálft má nefna Hið íslenska reðursafn sem nýlega var flutt frá Reykjavík til Húsavíkur, og þá er Hvalamiðstöðin á Húsavík afar merkilegt safn og einstakt í sinni röð; helgað öllu sem tengist hvölum og hvalveiðum. Það safn hefur á undanförnum árum átt auknum vinsældum að fagna meðal erlendra ferðamanna sem eiga leið um svæðið.

Því má með sanni segja að Húsavík beri höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög á Norðurlandi þegar fjöldi safna er annars vegar. Ljóst er að með tilkomu allra þessara merkilegu safna eiga ferðamenn í auknum mæli eftir að sækja heim þennan mikla menningarbæ.

# Norðlenska

## FRAMBURÐARATRIÐI:

- **Þarf vart** að nefna harðmæli (aPi, aKa, éTa...) og röddun (stúlka, bolti, úlpa, fimmtíu, fantur).
- **bð/gð-framburður** (habbði = hafði, höbbði = höfði, saggði = sagði).
- **ngl-framburður:** orð eins og kringlan, englar og önglar borin fram ekki ósvipað og vinklar (nema með g í stað k). Er helst notað út með firði; á Árskógsströnd, Dalvík og Ólafsfirði.

## ORÐALAG OG ORÐATILTÆKI

- **áttatal:** Eitt það fyrsta sem aðkomufólk rekur sig á er að Akureyringar eru mjög gjarnir á að nota áttirnar til að staðsetja allt og ekkert. Þannig er bókin á norðvesturhorni skrifborðsins, sem aftur stendur í suðurenda herbergisins, sem er í vesturenda hússins, norðan Þingvallastrætis, og svo framvegis. Þetta kemur trúlega til af hinum afskaplega þægilegu landfræðilegu aðstæðum nyrðra: Hlíðarfjall er beint í vestur, Vaðlaheiðin beint í austur og svo liggur fjörðurinn norður-suður þannig að alltaf er auðvelt að finna sér viðmið í þessum efnum.
- **í beinu framhaldi af áttatali:** Fyrir norðan er sagt að fara út fjörðinn (=norður) eða fram í fjörð (=suður). Sumir nota einnig inn í stað fram. Rétt er að undirstrika að í það minnsta hjá Akureyringum leysa þessar áttalýsingar norður og suður aðeins af þegar átt er við staði eða ferðir utan bæjarmarkanna. Þannig talar innfæddur Akureyringur annars vegar um að fara til vinnu sinnar suður í Verkmenntaskóla (sem stendur í suðurjaðri bæjarins) en hins vegar um að fara í göngutúr frammi í Kjarna, sem er útivistarsvæði Akureyrar en stendur þó utan sjálfs bæjarins, 1-2 km sunnan við VMA.
- **Helvítis, bölvaður** hálfviti ertu maður.
- **Má nokkuð bjóða** þér meira (ku vera sérdalvíkst – sérstök áhersla lögð á nokkuð).

## ORÐ:

- **(bekkjar) rýja** (= (borð)tuska, einnig notað í svipaðri merkingu og grey eða ræfill: æ, ertu þarna rýjan mín)
- **drusla** (= tuska) – druslulegur
- **eldhúsbekkur** (= borðplata/vinnusvæðið í eldhúsinu)
- **mál(ið)** (=málning – ku þó líka vera notað á Austurlandi)
- **brækur/brók** (=nærbuxur)
- **leistar** (=hosur/sokkar)
- **sperðlar** (=bjúgu)
- **dunkur** (=krukka/baukur undir kökur)
- **púnktera** (=springa (á dekki))
- **kontór** (= var víst lengi vel alltaf notað í staðinn fyrir skrifstofa)
- **batterí** (=rafgeymir (í bíl))
- **strompur** (= skorsteinn)
- **múttering** (= ró)
- **mæra** (=sælgæti)
- **melís** (= sykur)
- **margarín** (=smjörlíki)
- **sjammi** (= samskeyti á fótboltamarki)
- **Svo er** kannski rétt að minnast á að á mótunarárum Akureyrar skiptust menn í tvær meginfylkingar eftir búsetu, eyrarpúka og brekkusnigla.

## LEIÐRÉTTING:

Orðalagið „kók í bauk" heyrist aðeins nyrðra þegar þangað koma Reykvíkingar sem telja sig vera að bregða fyrir sig akureyrsku með þessu orðalagi. Fyrir norðan er drukkið kók í dós eins og hvar annars staðar á landinu. Starfsfólki Háskólans á Akureyri eru færðar hjartans þakkir fyrir norðlenskuhjálpina; sér í lagi Finni Friðrikssyni íslenskukennara.



**NONNAHÚS** Stytta af Jóni Sveinssyni rithöfundi.





TOYOTA COROLLA

Toyota Corolla er þekktur fyrir frábæra aksturseiginleika, endingu, hátt endursöluverð og lága bilanatíðni



Frá kr.16.904,- á mánuði*

Eigum nokkrar ársgamlar Toyota Corolla á frábæru verði

*150.000 kr. útborgun og afgangurinn á bílasamningi frá SP-fjármögnun til 75 mánaða

www.toyotaakureyri.is

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Akureyri | Baldursnes 1 | 603 Akureyri
Sími 460 4300 | Fax 460 4301
storholt@toyota.is | www.toyotaakureyri.is

Allt fyrir gluggann







hausverk / SIA / 5416

Fagleg ráðgjöf
Máltaka og aðstoð við val
Föst verðtilboð
Lánum lengjur heim til að prófa
Sérsaumur og sérsmíði
Stuttur afgreiðslufrestur

Álnabær

S:462 5900
S:588 5900

Síðumúla 32 / Reykjavík, Tjarnargötu / Keflavík
Glerárgötu 32 / Akureyri

BRIDGESTONE DAYTON Firestone MALOYA



Vetrardekk í miklu úrvali fyrir bílinn þinn
loftbóludekk
ónegld dekk
negld dekk



Hjólbarðar fyrir allar gerðir farartækja

GV
Gúmmívinnslan
Réttarhvammi 1
603 Akureyri
Sími: 462 1244 Netfang: gv@gv.is

# Glæsilegur valkostur í húsnæðismálum

*Þægindi og öryggi - nýr lífstíll!*



Við Brekkutún í Naustahverfi á Akureyri mun Búseti byggja 50-60 tveggja til fimm herbergja íbúðir í fimm hæða húsi. Fyrstu íbúðirnar verða afhentar síðla árs 2006 og þær síðustu árið 2007. Verslunar- og þjónustuhúsnæði verður í hluta jarðhæðar hússins. Húsið er hluti stærri byggingaráfanga.

Áætlað verð á fjögurra herbergja íbúð (u.þ.b. 100m²):

Útborgun (búseturéttur) 1.400.000 kr.
Leiga á mánuði (búsetugjald) 75.000 kr.

Innifalið í búsetugjaldi er eftirfarandi:

- Fasteignagjöld
- Bruna- og húseigendatrygging
- Hitakostnaður
- Rekstur sameignar og lóðar
- Viðhaldskostnaður að hluta
- Þjónustugjöld
- Fjármögnunarkostnaður lána
- Afnot af gestaíbúðum á svæðinu, gegn greiðslu

Boðið verður upp á húsnæði með þægindi og nýjungar í huga svo sem svalalokunarkerfi, bílastæði í kjallara, þreföldu gleri í gluggum, viðhaldsfrírri klæðningu og lyftum.

Frábær staðsetning. Örstutt í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og verslun. Golfvöllurinn og útivistarsvæðið í Kjarnaskógi innan seilingar.

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Búseta að Skipagötu 14 á Akureyri, í síma 462 6899 og heimasíðu Búseta; www.busetiak.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2005.



**BÚSETI**

**Húsnæðissamvinnufélagið Búseti · Skipagötu 14, 600 Akureyri · Sími 462 6899 · www.busetiak.is**




## Stífluþjónusta







Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Dulspeki-heilun

**Miðlun**
Breski miðillinn Liz Lacey verður stödd hér dagana 17-23 nóv.á vegum Heilunarsetursins Dvergshöfða 27. 2 .hæð. Í boði eru einkatímar-tvö námskeið og skyggnilýsing nánari uppl.og skráning hjá Ragnheiði síma 868 3894, 567 7888 heilunarsetrid.is

## Nudd

**Nuddið.**
Líkaminn þarfnast slökunar eftir daglega streitu! Nú er forgangsröðin komin að ykkur! Benedikt Bjarnason 867-1291.

## Snyrting







## Spádómar




**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spái í spil. Tek fólk heim, ræð einnig drauma, gef góð ráð. Tímap. í síma 891 8727, Stella.

## Múrarar




## Rafvirkjun







## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. múrun, málun, flísa-& parketlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Viðgerðir

Við erum tveir lærðir píparar sem tökum að okkur alla viðhaldsvinnu og nýsmíði. S. 869 6659.

# HEILSA

## Námskeið



10 grunnreglur fyrir þá sem þora! Einfaldar hollustureglur byggðar á því sem virkar frá m.a. South Beach, Atkins, hráfæði og nýja fæðupýramidanum. Hið vinsæla fræðslu- og matreiðslunámskeið Þorbjargar næringarþerapista D.E.T. og Umahro matlistarmanns. Ein kvöldstund 16. nóvember, Maður Lifandi, Borgartúni 24. Verð 6.900 kr. innifalin ítarleg gögn og góðar ráðleggingar og fullt af bragðbitum. Bókun i sími 692 8489 og tobba@10grunnreglur.com. Nánari upplýsingar hjá www.10grunnreglur.com

## Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



**Handverk - Námskeið**
Brjóstsykurgerð - jólapokar - jólakort - dúkar undir jólatré - jólaseríur - skartgripagerð - keðjugerð og þæfing.
**Heimilsiðnaðarskólinn. Laufásvegi 2, 101 Reykjavík. Sími 551 7800 & 895 0780. Opið frá kl. 12-16 alla virka daga. hfi@heimilisidnadur.is**

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Hvolpa- og hundagrindur með og án hurða. 3 stærðir, Dýrabær Hlíðasmára 9. www.dyrabaer.is



Til sölu þessi yndislegi Papillon strákur m/HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 824 0115 og á www.simnet.is/omard

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu chihuahua hvolpar. Upplýsingar Anna s. 868 6058 & 551 9637 gessi@simnet.is

Til sölu 8 vikna poodle hvolpar. S. 663 4085 & 862 8088 e. kl. 18.00.

## Húsgögn





Fallegar yfirbreiðslur ( throw ) fyrir sófa og stóla. Rúmteppi og púðaver. Sófalist - Síðumúla 20 ( 2 hæð ) - Sími 553 0444 www.sofalist.is - sofalist@internet.is

3ja sæta sófi + 2 stólar frá TM húsgögnum til sölu. Verð 40 þ. Uppl. í s. 554 4997.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi á sv. 105. Húsgögn, ísskápur, örbylgjuofn. Eldunaraðstaða, þvottavél, Stöð 2, Sýn. Uppl. í s. 898 2866.

108 - laus strax, 22 fm, 2ja herb., sérinng., internet, aðeins reyklaus einstakl. Skammtímaleiga. Uppl. í s. 824 5266.

**Hfj. atvinnuhúsnæði**
65 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum í Hfj. til leigu. Uppl. í s. 554 5170 & 695 2749.

Einstaklingsíbúð til leigu á góðum stað í Reykjavík. Reglusemi skilyrði. Upplýsingar í síma 424 6558, e.kl.18.

Herb. á sv.105, búið húsgögnum, allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð2, Sýn. S. 895 2138.

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir snyrtilegri 2 herbergja íbúð, (ekki í kjallara) í langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu. Á verðbilinu 50-60 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 699 2778.

# TIL SÖLU












Ungur maður leitar að íbúð. Er reyklaus, pottþéttar greiðslur, með eða án húsgagna. Uppl. í s. 843 9936.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting



Gisting Vantar ykkur gistingu? Erum með GLÆSILEGAR Hótelíbúðir að Reykjavíkurveg 72 í Hafnafirði Tilboð í gistingu nóvember/desember/janúar Frá föstudegi-mánudags. KR 3.000.- á mann hver nótt BP Hótelíbúðir Sími 540-9700 Netfang bphotelqbphotel.is Heimasíða bphotel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í sal. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

**Sölumaður áskrifta**
Leitum að hressu fólki í áskriftasölu.
Kvöldvinna 4x í viku. Góð laun í boði. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgjáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5500 / askrift@frodi.is**

**Veitingarhúsar vinna**
Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakkar fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500 einnig á staðnum.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð auglýsir**
Starfsmaður óskast í ræstingar/ virka daga og eða um helgar. Einnig óskum við eftir dyraverði um helgar.
**Umsóknareyðublöð eru á www.keiluhollin.is eða í síma 864 6112.**

**Bakaríið Austurver**
Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í bakarí okkar í Hverafoldi og Langarima.
**Uppl. í s. 695 4346 Ásta.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Raftæki**
Hagkaup Smáralind óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa við áfyllingar á þurrvöru og gosi. Einnig vantar okkur starfsmann til að sjá um bakaríið með okkur. Um er að ræða heilsdagsstörf með margvíslegan vinnutíma eftir störfum. Áhugsömum er bent á að hafa samband við Margréti sölustjóra matvöru í síma 530 1000, einnig er hægt að sækja um á www.hagkaup.is

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kvöld- og næturáfyllin**
Hagkaup Kringlan óskar eftir að ráða starfsmann í næturáfyllingu í þurrvöru. Vinnutími er á kvöldin og næturnar, en hann er breytilegur eftir dögum. Ef nætur og kvöldvinna hentar þér, þá er spurning um að hringja í Vífill, verslunarstjóra í síma 568 9300 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

**Frábær tími framundan!**
Erum að leita að nokkrum duglegum sölufulltrúum á höfuðborgasvæðinu til að kynna falleg og vönduð dönsk föt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar!
**Allar nánari upplýsingar gefur Anna í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, eða á anna@clamal.is**

ÁS FASTEIGNASALA

Opið virka daga kl. 9–18

Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

Frum

## LÆKJARGATA 10 - HAFNARFIRÐI
## NÝ UPPGERÐ - LAUS STRAX



**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 19:00 - 21:00**

Glæsileg mikið endurnýjuð miðhæð á góðum stað við Lækinn. Nýlegt eldhús, bað og gólfefni. Fallegur ræktaður garður með verönd. Íbúðin er laus strax, ný máluð og tilbúin til innflutnings. SÉRLEGA GLÆSILEG EIGN SEM MIKIÐ HEFUR VERIÐ LAGT Í. ***Þórey og Guðmundur taka vel á móti gestum.*** Sími 896-1649.

AUGLÝSINGASÍMI
# 550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Ritfangaverslun**
Leikfanga- og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn og einnig eftir hádegi. Svör sendist Fréttablaðinu, eða á smaar@visir.is merkt "blýantur"

Sölufólk óskast. Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Upplýsingar á skrifstofutíma blindarfélagsins mánud. - föstud. að Hamrahlíð 17, 105 Rvk. S. 525 0000, og í tölvupósti blind@blind.is

Vantar starfsmann í ræstingar, einkum í viðhaldi gólfa. Uppl. í s. 866 8154.

Óska eftir starfsfólki, helst vönum þakpappalögnum. Einnig óskast trésmiðir. Uppl. í s. 896 4947 og 896 5424.

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til ræstingastarfa í hverfum 104, 105, 107 og 111. Nánari upplýsingar eru veittar virka daga í síma 587 3111.

Óskum eftir smið eða laghentum manni til að skipta um glugga í sameign. S. 820 1958.

**Viltu auðfengnar aukatekjur?**
Hringdu í síma 865 5592 alla virka daga frá kl. 17:00-20:00.

**Beitingarmaður**
Vanur beitingarmaður óskast tímabundið, í Hfj. Einnig kemur aukabeiting til greina. Aðeins vanir menn. S. 554 4170 & 695 2749.

**Bakarí**
Bakari óskast í bakarí Breiðholti eða vanur aðstoðar maður. Uppl. í s. 893 7370 eða 820 7370.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Ótrúlega búðin. Starfsmann vantar í afgreiðslu í Ótrúlegu búðina í Kringlunni í desember. Upplýsingar gefur Inga í inga@fong.is eða í síma 694 2663.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Óska eftir að dúkasölumaðurinn sem talaði við mig um daginn vinsamlega hafið samband. S. 438 1393.

### Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**Ertu einmanna?**
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Stefán Máni í Stjörnuspeki á mbl.is

JARÐVÉLAR EHF

## Sprengjarar með full réttindi óskast

**Vegna mikilla verkefna viljum við ráða vana sprengimenn með full réttindi til starfa sem fyrst.**

Vinsamlegast hafið samband við Ólaf Þór Kjartansson í síma 660-0590 eða skrifstofu Jarðvéla í síma 564-6980. Einnig má fylla út umsóknareyðublað á vefsíðu fyrirtækisins ***www.jardvelar.is*** Bakkabraut 14, 200 Kópavogur.

## TILKYNNINGAR

1938 SUF

## Fræðslufundur Sambands ungra Framsóknarmanna um íslensku stjórnarskrána

**verður haldinn miðvikudaginn 16. nóvember. kl. 20:00 á Kaffi Viktor, 2. hæð.**

Umræðuefnið verður stjórnarskráin, starf stjórnarskrárnefndarinnar, helstu viðfangsefni og stjórnarskráin og ungt fólk.

**Frummmælendur:**
- Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar
- Jónína Bjartmarz, alþingismaður
- Guðmundur Ómar Hafsteinsson, lögmaður
- Fundarstjóri verður Sæunn Stefánsdóttir, formaður fræðslu- og kynningarnefndar SUF

**Allir velkomnir**
**Fræðslu- og kynningarnefnd SUF**

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610

## RÉTTINDANÁMSKEIÐ FYRIR BÍLSTJÓRA UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM FARMI

Fyrirhugað er að halda eftirfarandi námskeið í Reykjavík ef næg þátttaka fæst, fyrir stjórnendur ökutækja sem vilja öðlast réttindi (ADR-skírteini) til að flytja tiltekinn hættulegan farm á vegum á Íslandi og innan Evrópska efnahagssvæðisins:

| | |
|---|---|
| **Flutningur á stykkjavöru (fyrir utansprengifim efni og geislavirk efni)** | **21. - 23. nóv. 2005.** |
| **Flutningur í/á tönkum:** | **24. - 25. nóv. 2005.** |
| **Flutningur á sprengifimum farmi (sprengiefnum):** | **28. nóv. 2005.** |

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðum fyrir flutning í tönkum og flutning á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið grunnnámskeið (stykkjavöruflutningar) og staðist próf í lok þess.

**Þeir sem ætla á eitt eða fleiri af fyrrgreindum námskeiðum verða að vera búnir að ganga frá skráningu og greiðslu fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 17. nóv.**

Skráning og nánari upplýsingar hjá umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins, Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími: 550 4600.



## Allt öðru vísi starf

### Í sælu sveitalífsins

**Við leitum** að þægilegri og lundgóðri manneskju til að annast heimili fyrir eldri hjón, sem búsett eru á Austurlandi. Hjónin hafa stundað búskap ásamt syni sínum og fjölskyldu, sem búsett eru í næsta húsi.

**Starfið** felst í almennum heimilisstörfum, sem og aðhlynningu. Nánara samkomulag verður um starfstíma og viðveru, en húsnæði fylgir.

**Um er að ræða** starf í notalegu og fjölskylduvænu starfsumhverfi í sælu sveitalífins, en þó í nágrenni við byggðarkjarna. Hestamennska er stunduð á bænum auk þess eru kindur, hænsni og hundurinn Skorri.

**Ef þú ert** ábyggileg, snyrtileg, reglusöm og lífsglöð manneskja, sem hefur gaman af mannlegum samskiptum og umgengni við dýr, má vera að þetta sé rétta starfið fyrir þig.

**Guðný Harðardóttir** og **Birna Jakobsdóttir** veita nánari upplýsingar, viðtalstímar eru frá kl.12-15. Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember nk.

STRÁ MRI WORLDWIDE
Suðurlandsbraut 6, sími 588 3031 - www.stra.is
Fagmennska í 20 ár

## Félagsþjónustan Hafnarfirði

## FÉLAGSRÁÐGJAFI - BARNAVERND

Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði. Þyrfti að geta hafið störf sem fyrst, helst ekki síðar en 1. janúar 2006. Um er að ræða fullt starf félagsráðgjafa á sviði barnaverndar og því æskilegt að viðkomandi hafi reynslu eða þekki vel til vinnslu barnaverndarmála, sérstaklega tengda unglingum.

Umsækjendur vinsamlegast sendi upplýsingar um menntun og fyrri störf til Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 220 Hafnarfirði fyrir 22. nóvember nk. Launakjör skv. samningum Stéttarfélags félagsráðgjafa og Hafnarfjarðarbæjar.

Við leitum að duglegum einstaklingi sem býr yfir góðri samstarfs- og samskiptahæfni. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti unnið í hópum og þverfaglegum teymum, sýni frumkvæði og frjóa hugsun. Í samræmi við jafnréttisáætlun bæjarins eru karlar hvattir til að sækja um jafnt sem konur.

**Nánari upplýsingar um starfið veita María Hjálmarsdóttir, yfirfélagsráðgjafi, og Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður, í síma 585 5700.**

Einnig má fá upplýsingar um Félagsþjónustuna á heimasíðu bæjarins, **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

## SJÓNARHORN



Snæuglan horfir spekingsleg á samferðamenn sína í íslenskum raunveruleika. Fréttablaðið/Vilhelm

## HVUNNDAGURINN

# *Erfitt að fá auglýsingarnar inn á réttum tíma*

**Í hverju felst starf þitt?**
Að selja auglýsingar fyrir Hús & híbýli auk þess sem ég tek þátt í hugmyndavinnu blaðsins.
**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvað gerir þú?**
Ég vakna upp úr klukkan átta. Ég byrja á því að kveikja á Íslandi í bítið, klæði mig og mála. Síðan ef ég hef tíma fæ ég mér eina hrökkbrauðssneið og appelsínusafa.
**Hvað er skemmtilegast við vinnuna?**
Vinnufélagarnir og ég kynnist einnig mörgu skemmtilegu fólki í gegnum símann.
**En erfiðast?**
Að fá auglýsingarnar inn á réttum tíma, áður en blaðið fer í prentun.
**Hvað gerir þú eftir vinnu?**
Þá fer ég heim til mín og við tekur næsta starf, sem er að sjá um fjármál Humarhússins.
**Gætir þú hugsað þér annað starf?**
Ég er menntaður kennari og vann við það í rúman áratug. Ég gæti vel hugsað mér að byrja að kenna aftur ef launin væru betri.



EDDA KRISTÍN HAUKSDÓTTIR, AUGLÝSINGASTJÓRI HÚSA OG HÍBÝLA


**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fiton/SÍA F1014418














# Hestamenn uppskera laun erfiðisins

Mikill fjöldi hestamanna safnaðist saman um helgina til að fagna á árlegri uppskeruhátíð hestamanna á Broadway. Kátir hestamenn skemmtu sér hið besta undir góðri stjórn Jóhannesar Kristjánssonar eftirhermu. Á þessum tímamótum eru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur á liðnu ári sem var viðburðarríkt í meira lagi. Íslendingar stóðu sig með stakri prýði á heimsmeistaramóti sem haldið var í Svíþjóð í sumar og komu þaðan hlaðnir verðlaunum. Bar þar hæst heimsmeistaratitill í fjórgangi, fimmgangi og tölti.

Að þessu sinni hlaut hinn ungi Sigurður Straumfjörð Pálsson verðlaunin efnilegasti knapinn. Þórður Þorgeirsson er svo gott sem áskrifandi að titlinum kynbótaknapi ársins og Árni Björn Pálsson var kosinn besti gæðingaknapinn. Hinn gamalreyndi Sigurbjörn Bárðarson hreppti skeiðknapatitilinn. Ekki gat dómnefndin gert upp á milli Jóhanns Skúlasonar heimsmeistara í tölti og Styrmis Árnasonar heimsmeistara í fimmgangi og deildu þeir því með sér titlinum íþróttaknapi ársins. Hápunktur kvöldsins var tilkynning um knapa ársins. Þau Samúel Örn Erlingsson, sem þetta kvöld var kosinn á lista Framsóknar í Kópavogi, og Brynja Þorgeirsdóttir, sem hefur gert hestinum góð skil í þættinum Kóngur um stund, veittu verðlaunin sem að þessu sinni fóru til Sigurðar Sigurðarsonar sem svo eftirminnilega sigraði í fjórgangi á heimsmeistarmótinu á hestinum Silfurtoppi frá Lækjarmóti. ■



**KNAPI ÁRSINS** Sigurður Sigurðarson hlaut hinn eftirsótta titil Knapi ársins. MYND/UNA SIGURÐARDÓTTIR



**LAMPAR Á LOFTI** Kveikt var á fjölda lampa í norðurhluta Taílands nýlega á yfirstandandi Loy Kratong hátíð. AP/REUTERS



**NESKIRKJA** Listahátíð Neskirkju hefst í dag með flutningi óratoríunnar Hin heilaga þrenning.

# Tónað inn í aðventu

Listahátíð Neskirkju, Tónað inn í aðventu, verður sett í dag með óratoríunni La Santissima Trinita eða Hin heilaga þrenning eftir meistarann Alessandro Scarlatti (1660-1725). Verkið er samið fyrir einsöngvara og barokkstrengi en sönghópurinn Rinacente flytur verkið ásamt hljóðfæraleikurum.

Þetta er í annað sinn sem listahátíð er haldin í Neskirkju og er stefnan að hafa þetta árlegan viðburð. Dagskrá hátíðarinnar einkennist af mikilli fjölbreytni þó höfuðáherslan sé lögð á tónlist. Flutt verða verk frá ólíkum tímabilum tónlistarsögunnar, allt frá frumbarokki til samtíma popptónlistar. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Steingrímur Þórhallsson organisti við Neskirkju. ■

## AFMÆLI



**Hjálmar Árnason** þingmaður er 55 ára.



**Snæbjörn Arngrímsson** bókaútgefandi er 44 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1887** Georgia O'Keefe listamaður.



**1891** Erwin Rommel herforingi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

„Ef við eigum að byrja saman verður þú að taka fyrsta skrefið.“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN




Gestur
*Síðasta máltíðin*

Næstu sýningar:
fös. 11.nóv. kl.20:00 *í Bíóhöllinni á Akranesi*
lau. 12.nóv. kl.17:00 *í Iðnó*
lau. 19.nóv. kl.17:00 *í Iðnó*
lau. 26.nóv. kl.17:00 *í Iðnó*
lau. 3.des. kl.17:00 *í Iðnó*

Miðasala í Iðnó í síma 562-9700,
idno@xnet.is og á www.midi.is

*"Drepfyndið."*
Bergþóra Jónsdóttir - mbl


# STUÐ MILLI STRÍÐA ÓGEÐSLEGA SKEMMTILEGIR GAURAR

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** SKEMMTIR SÉR YFIR LIMLESTINGUM



Það hefur sjálfsagt ekki farið framhjá neinum að bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Quentin Tarantino er staddur á landinu. Ég er ekki þannig að ég mígi á mig af geðshræringu og gleði í hvert sinn sem heimsfrægt hæfileikafólk sækir landið heim en ég tel samt komu Tarantinos til stórtíðinda. Þessi luralegi furðufugl lítur út eins og bensínafgreiðslumaður á frívakt og ber öll einkenni þess að hann sé ofvirkur með vélbyssukjaft og endalaust handapat. Gaurinn er skemmtilegur og bíómyndirnar hans frábærar. Maðurinn er séní en lítur út fyrir að vera eitthvað allt annað. Ég gleymi því aldrei þegar ég gekk út úr Regnboganum eftir að hafa horft á Reservoir Dogs, frumraun Tarantinos á leikstjórastóli. Hann kom með ótrúlega ferskan gust inn í staðnað bíólandslagið og hristi heldur betur upp í glæpamyndabransanum.

Það var álíka hressandi að horfa á hryllingsmyndina Hostel, eftir Eli Roth, sem Tarantino framleiðir. Þetta er yfirgengilegasti og subbulegasti hryllingur sem ég hef lengi séð og það er óhætt að segja að Hostel sé ógeðslega skemmtileg. Með áherslu á ógeðslega. Það eru auðvitað ekki allir sammála mér og ég hef verið spurður ítrekað að því síðan á laugardaginn hvað sé að mér sem valdi því að pyntingar, blóðsúthellingar og limlestingar hressi mig svona við. Ég veit það ekki en tel samt fullvíst að ég sé heill á geðsmunum. Hryllingur er bara hressandi fyrir þá sem kunna að meta hann. Hinir eiga auðvitað bara að halda sig víðs fjarri og vera ekki að horfa.

Samkvæmt mínum mælikvörðum eru Tarantino og Eli Roth tignustu erlendu gestirnir sem heiðrað hafa landann með nærveru sinni. Afrek annarra falla algerlega í skuggann af því að annar þeirra hefur hækkað staðla í kvikmyndagerð almennt og hinn mun hefja hryllingsmyndina upp í áður óþekktar hæðir. ■


Af hverju er sagt að vín þurfi að anda?

**Vínsýningin 2005 verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind, 19.-20. nóvember.**

Markmiðið með sýningunni er að veita gestum betri innsýn í heim vínsins og verður hún stórglæsileg í hvívetna. Meðal þátttakenda eru allir helstu vínbirgjar landsins sem kynna meðal annars vín sem henta með hátíðarmatnum. Að auki verður gestum boðið að bragða dýrindis mat með vínunum.

**Opið frá kl. 13.00 til 18.00**
**Miðaverð 1.000 kr.**
**20 ára aldurstakmark**

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20. nóv.
í Smáralind

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Þú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 8 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 4 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 1 |
| 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 2 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 6 | 1 | 9 | 3 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 6 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 9 | 8 | 7 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 7 | | 2 | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 1 | | | 9 | 8 | 3 | | 4 | |
| 7 | | 2 | | | 5 | 8 | | |
| 6 | 1 | | | | | | 3 | 7 |
| | | 8 | 4 | | | 2 | | 9 |
| | 6 | | 3 | 9 | 7 | | | 1 |
| 3 | | | 6 | | | 9 | | |
| 4 | | | 2 | | 8 | | 5 | |

# HNAPPUR SEM GETUR BJARGAÐ LÍFI ÞÍNU OG ÞINNA NÁNUSTU

GOTT FÓLK McCANN

**1**

**Ýttu á hnappinn sem þú getur bæði haft um háls eða á hendi. Boð berast á stjórnstöð Securitas og um leið nauðsynlegar upplýsingar um þig.**

**2**

**Talsambandi er komið á milli þín og stjórnstöðvar. Öryggisvörður með lykil að húsnæði þínu kemur á staðinn.**

**3**

**Sjúkrabíll og/eða læknir er sendur á vettvang ef þörf krefur og haft er samband við aðstandendur.**

Einstaklingar á öllum aldri gætu þurft á bráðri aðstoð að halda. Securitas aðstoðar þennan hóp með því að bjóða upp á öryggishnapp. Hnappurinn kemur að góðum notum ef viðkomandi þarfnast hjálpar samstundis vegna slyss, veikinda eða annarra áfalla.

Hafðu samband í síma **580 7000** og fáðu frekari upplýsingar hjá öryggisráðgjöfum okkar.

SECURITAS

www.securitas.is

**Kl. 21.00**
*Þórir Georg Jónsson heldur útgáfutónleika í Iðnó. Nýi diskurinn hans heitir „Anarchists are hopeless romantics“ og er gefinn út af 12 tónum. Með Þóri spila **Ólafur Arnalds** á trommur og **Arnar Már Ólafsson** á bassa.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Skáld lesa ljóð Geirlaugs



Hið vikulega Skáldaspírukvöld, sem Benedikt Lafleur stendur fyrir í bókaversluninni Iðu, verður í kvöld sérstaklega tileinkað Geirlaugi Magnússyni ljóðskáldi, sem lést nýverið aðeins 61 árs að aldri.

Geirlaugur skildi eftir sig tvö fullkláruð handrit og er annað þeirra nú þegar komið út á vegum Lafleur-útgáfunnar. Sú bók heitir Andljóð og önnur og verður lesið upp úr henni í kvöld ásamt öðrum eldri verkum Geirlaugs.

Nokkur stórskáld, sem stóðu honum nærri, mæta í kvöld og lesa upp úr verkum Geirlaugs, Það eru þeir Gyrðir Elíasson, Bragi Ólafsson, Óskar Árni Óskarsson og Einar Ólafsson. Einnig mun Benedikt Lafleur kynna Geirlaug og lesa nokkur ljóð úr nýju bókinni.

Auk nýju bókarinnar hans Geirlaugs eru komnar út á vegum Lafleur-útgáfunnar þrjár aðrar bækur. Ein þeirra er Heljarslóðarhatturinn eftir Richard Brautigan, önnur Kvöldsögur handa börnum sem Gunnar Dal valdi og þýddi. Sú þriðja er skáldsagan Myrkvuð ský eftir Þórarin Torfason. Von er á nokkrum bókum í viðbót á næstu vikum frá Lafleur-útgáfunni.

## > Ekki missa af ...

... **Blóðbergi**, sýningu Stúdentaleikhússins í Loftkastalanum. Næsta sýning verður annað kvöld klukkan 20.



... sýningunni **Ný íslensk myndlist II,** sem opnuð var í Listasafni Íslands um helgina.

... **Listahátíðinni í Neskirkju** sem hefst með flutningi kammerhópsins **Rinascente** á óratoríu eftir Scarlatti í Neskirkju í kvöld.








**VINIR INDLANDS** Gunnar Kvaran, Elín Ósk Óskarsdóttir, Gerrit Schuil, Melkorka Freysteinsdóttir, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Sólveig Jónasdóttir ásamt barni sínu og Hörður Torfason. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Fyrir Indverja

Fjölbreytt tónlistarveisla verður í Salnum í kvöld á vegum Vina Indlands þar sem margir af ástsælustu tónlistarmönnum landsins koma fram.

Karlakórinn Fóstbræður syngur nokkur lög undir stjórn Árna Harðarsonar, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari leikur verk eftir Paganini og Sarasate við píanóleik Gerrits Schuil, Hörður Torfason trúbador tekur nokkur lög og stórsöngvararnir Elín Ósk Óskarsdóttir sópran og Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór syngja ásamt Gerrit Schuil píanóleikara. Þá ætlar Örn Jónsson að syngja nokkur lög við undirleik Jónasar Þóris organleikara.

„Hann verður ekkert í djókinu í þetta skiptið, ætlar að syngja og verður ekki í vandræðum með það,“ segir Melkorka Freysteinsdóttir, í Vinum Indlands, félagsskapnum sem stendur að þessum tónleikum.

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Vinum Indlands. Samtökin hafa í um það bil fimm ár helgað sig því starfi að styðja við menntun barna víðsvegar á Indlandi, meðal annars með fjársöfnun af ýmsu tagi.

Styrktartónleikarnir eru stærsta fjáröflunarleið félagsins og því mikilvægir enda ræðst félagið nú í sitt stærsta verkefni til þessa, en það er bygging heimilis fyrir munaðarlaus börn sem misstu foreldra sína í flóðbylgjunni í desember síðastliðnum.

Sjálf ætlar Melkorka að segja frá ferð sinni til Indlands í sumar í máli og myndum.

„Ég hef aldrei fengið eins mikla athygli á ævinni og þarna úti, bæði jákvæða og neikvæða. Á sumum stöðum hafði fólk aldrei séð hvíta konu,“ segir Melkorka, sem ferðaðist á milli staða á Indlandi til þess að greiða fyrir skólagöngu barna og jafnframt að kynna sér ýmiss konar starfsemi þar.

„Það fer alltaf einhver þangað frá okkur á hverju ári.“ ■










* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Þorp lifnar við

[ BÆKUR ]

UMFJÖLLUN

Ónefnt þorp á Vesturlandi er miðdepill þessara sagnaþátta sem eiga það allir sameiginlegt að gerast í þorpinu og segja frá ólíkum íbúum þess. Við kynnumst munúðarfullum konum, mönnum sem girnast annarra manna konur, fólki sem ákveður að skipta um stefnu og fólki sem lífið leiðir af leið. Hér eru þó ekki hefðbundnar smásögur á ferð heldur er þorpið rauði þráðurinn í sögunni og bindur alla þættina saman og er þannig aðalpersóna sögunnar, hefðbundið þorp sem hefur lifað af uppgang og niðursveiflu, fall Kaupfélagsins, mismunandi vel heppnaðar byggðaaðgerðir en stendur samt á sínum stað með hafið í vestri og sveitirnar í kring í norðri, suðri og austri.

Það er vandi að halda slíkri frásögn saman þar sem engin ein persóna tengir söguna saman. Hér er hins vegar vandað mjög til frásagnarinnar og því nær sagan að standa sem heild. Í flestum þáttanna er frásögnin í þriðju persónu en þess á milli er skipt um sjónarhorn og það færist yfir til sögumanns sem talar í fyrstu persónu fleirtölu og gæti staðið fyrir þorpið sjálft, nokkurs konar sjálfsvitund þess.

Eins og búast má við eru sagnaþættirnir misgrípandi. Upphafsþátturinn sem segir frá prjónastofustjóranum sem fer að dreyma á latínu, velta fyrir sér heiminum og gerist stjörnufræðingur er áleitinn og það er ánægjulegt þegar stjörnufræðingurinn birtist aftur í öðrum þætti síðar í sögunni. Annar sérlega vel gerður þáttur er saga Davíðs og Kjartans sem vinna á Lagernum og lenda í óvæntum draugagangi í skemmunni þar en enginn virðist þora að dvelja þar inni eftir að skyggja tekur; „... svona erum við þá langt frá því að sigra myrkrið - hvort sem það er inni í okkur, undir okkur eða fyrir utan.“ (152) Einnig má nefna hjartnæman en um leið skelfilegan þátt sem lýsir samskiptum feðganna Hannesar og Jónasar; þar lýsir höfundur sterkum tilfinningum á lágstemmdan en afburða næman hátt þannig að örlög þeirra feðga hljóta að snerta streng í hverjum lesanda.

Bestu þættirnir eru þeir sem segja frá hversdagslegum atburðum sem settir eru í óvænt samhengi og verða jafnvel dularfullir eða furðulegir í því samhengi. Aðrir þættir, t.d. þeir sem lýsa samskiptum kynjanna, eru ekki jafn sterkir og má hugsanlega rekja það til þess að konurnar í þorpinu eru nánast allar eins og goðmögn; það er ekkert hversdagslegt við þær og dulúðin sem sveipar þær verður helst til mikil samanborið við hversdagsleika karlmannanna.

Jón Kalman Stefánsson skrifar vandaðan og oftast lágstemmdan texta sem á köflum fer á flug. Oft staldrar lesandi við stöku setningar og veltir þeim í huga sér sem er ánægjuleg lífsreynsla sem minnir okkur á innihald sögunnar þar sem miklu skiptir að staldra við og velta vöngum.

**Katrín Jakobsdóttir**




**SUMARLJÓS OG SVO KEMUR NÓTTIN**

**höf.** JÓN KALMAN STEFÁNSSON

**Niðurstaða:** Sunarljós og svo kemur nóttin er athyglisverð og vel uppbyggð skáldsaga. Bestu þættirnir eru feykigóðir og með því besta sem Jón Kalman hefur skrifað.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

12 13 14 **15** 16 17 18

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

- **20.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir Gilitrutt og Karlinn í tunglinu, leiknar myndir Ásgeirs Long, í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

### TÓNLEIKAR

- **15.30** Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tónleika í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Á efnisskrá er fiðlukonsert í D-dúr eftir Ludwig van Beethoven og sinfónía nr. 1 eftir Johannes Brahms. Einleikari verður Ari Þór Vilhjálmsson, en stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson.
- **20.00** Tónlistarhátíðin í Neskirkju, Tónað inn í aðventu, verður sett með oratoriunni La Santissima Trinita eða Hin heilaga þrenning eftir Alessandro Scarlatti. Það er sönghópurinn Rinacente ásamt hljóðfæraleikurum sem sér um flutninginn.
- **20.00** Árlegir styrktartónleikar á vegum Vina Indlands verða haldnir í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs. Fram koma karlakórinn Fóstbræður undir stjórn Árna Harðarsonar, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gerrit Schuil píanóleikari, Hörður Torfason trúbador, Elín Ósk Óskarsdóttir sópransöngkona, Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenórsöngvari, Örn Árnason og Jónas Þórir organleikari.
- **21.00** Þórir Georg Jónsson heldur útgáfutónleika í Iðnó.
- **21.00** Hrafn Ásgeirsson saxófónleikari, Áki Ásgeirsson trompetleikari, Róbert Reynisson gítarleikari og Simon Jermyn gítarleikari koma fram á spunatónleikum á Café Babalu við Skólavörðustíg.

### FYRIRLESTRAR

- **12.00** Í erindi sínu á Lögfræðitorgi fjallar Ragnar Aðalsteinsson fjallar um réttarreglur á réttarsviðum sem tengjast líftækni og varpar fram spurningum um lögræðileg og siðferðileg álitaefni á þessu sviði í erindi sem hann flytur á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu L203 á Sólborg við Norðurslóð.
- **17.15** Ingunn Ásdísardóttir heldur fyrirlestur á vegum Félags þjóðfræðinga á Íslandi í Árnagarði. Fyrirlesturinn, sem byggist á MA-ritgerð Ingunnar, nefnist „Ólík örnefni, ólíkar gyðjur. Um Frigg og Freyju í norrænum örnefnum“.

### BÆKUR

- **20.00** Gyrðir Elíasson, Bragi Ólafsson, Óskar Árni Óskarsson og Einar Ólafsson lesa upp úr verkum Geirlaugs Magnússonar á Skáldaspirukvöldi, sem að þessu sinni verður helgað minningu Geirlaugs. Einnig les Benedikt Lafleur nokkur ljóð úr nýútkominni ljóðabók Geirlaugs. Iða við Lækjargötu.





PARS PRO TOTO - DANSVERKIÐ VON
BOREALIS ENSABMLE - ÁRÓRA BOREALIS

Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto & Áróra Bórealis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.
Laugardaginn 19. nóv. kl. 20 & Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.- Ath! Aðeins þessar tvær sýningar
„Ástir og örvænting“ - Hádegistónleikar 29. nóv. kl. 12.15
HLín Petursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ



Stóra svið

Salka Valka
Fi 17/11 kl. 20 | Fi 24/11 kl. 20
Fö 25/11 kl. 20 | Su 4/12 kl. 20
Su 11/12 kl. 20

Woyzeck
Fö 18/11 kl. 20 | Lau 19/11 kl. 20
Lau 26/11 kl. 21 | Su 27/11 kl. 21
Mi 30/11 kl. 20 UPPS | Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 | Fi 8/12 kl. 20

Kalli á þakinu
Su 20/11 kl. 14 | L au 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14 | Su 4/12 kl. 14
Su 11/12 kl. 14 | Má 26/12 kl. 14

Id - HAUST
Wonderland, Critic ´s Choice? og Pocket Ocean
Su 20/11 kl. 20 | Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Fö 18/11 kl. 20 | Lau 19/11 kl. 20
Fö 25/11 kl. 20 | Lau 26/11 kl. 20
Lau 3/12 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPSELT
SU 4/12 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar!

Manntafl
Fi 17/11 kl. 20 | Fi 24/11 kl. 20
Mi 30/11 kl. 20

GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 17/11, fös. 18/11 örfá sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus, fim. 24/11, fös. 25/11, lau. 26/11. Aðeins sýnt í nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól.
EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Fim. 17/11 uppselt, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt, lau. 19/11, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 17/11 kl. 22:30 Tónleikar Benni Hemm Hemm.
Lau. 19/11 kl. 22:30 Tangódansleikur “Milonga”.
Sun. 20/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans. Útgáfutónleikar “Ég um þig”. Agnar Már Magnússon og Kristjana Stefánsdóttir.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.










HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen
18. sýn fös 18. nóv. - örfá sæti laus
19. sýn lau 19. nóv. - örfá sæti laus
20. sýn fös 25. nóv. - Nokkur sæti
21. sýn lau 26. nóv. - Nokkur sæti
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Heiðruð af New York Times



GUNNELLA Bók hennar og McMillans var valin úr þúsundum titla sem út koma ár hvert í Bandaríkjunum.

Íslenska listakonan Gunnella var heiðruð í gær af bandaríska dagblaðinu New York Times, sem valdi hana eina af tíu bestu myndskreytum ársins 2005. Gunnella er fyrst allra Íslendinga sem hlýtur þessa viðurkenningu, en hana hlýtur hún fyrir bókina The Problem with Chickens, eða Hænur eru hermikrákur, eins og hún heitir í íslenskri þýðingu Sigurðar A. Magnússonar.

Bókin var valin úr þúsundum bókatitla sem koma út í Bandaríkjunum ár hvert. Höfundur bóka hennar, Bruce McMillan, er bandarískur en hefur dvalið langdvölum á Íslandi og meðal annars skrifað bækur um íslensk börn. Bókin kom út samtímist í Bandaríkjunum og á Íslandi en bókaforlagið Salka gefur hana út hér á landi.

Gunnella er á samsvarandi lista hjá Publisher Weekly og hjá Scholl Library Journal en í umsögn hins fyrrnefnda segir að naumhyggjulegur texti McMillans fari vel við hlægileg bókstafleg málverk Gunnellu og útkoman sé fyndin á óvæntan hátt.

Gunnella fór ytra til að taka við viðurkenningunni en er væntanleg aftur til Íslands síðar í vikunni.

- bs


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

3 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Íslenskt stjórnborð

Miele




vilborga@centrum.is

Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**

MIELE ÞVOTTAVÉL- *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | |
|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 128.428 | **Kr. 89.900** Tilboð |
| Þvottavél W3241 *1400sn/mín/6 kg.* | kr. 148.200 | **kr. 133.380** stgr. |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 168.700 | **kr. 151.830** stgr. |
| Þurrkari T233 *útblástur/5 kg.* | kr. 98.800 | **Kr. 69.160** Tilboð |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 115.400 | **Kr. 80.780** Tilboð |



*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK
*– hágæðaheimilistæki*
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



ÍRAFÁR

Lendir í BT klukkan 12:00 í dag!

Þriðja plata Írafárs kemur út í dag. Fyrstu tvær plöturnar hafa selst í yfir 30 þúsund eintökum. Upptökum stýrðu Vignir Snær Vigfússon og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Tryggðu þér eintak í næstu verslun BT.



1.999 CD verð

CD og DVD verð kr. 2199

Áritanir

Í dag: BT Akureyri frá kl. 17 til 17:30

Á morgun: BT Ísafirði frá kl. 17 til 17:30

Aðeins verður áritað á plötuna!

BT

Hljómar betur!

fjörið ... **fólk**

folk@frettabladid.is

## EDDUVERÐLAUNIN

**LEIKARI/LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI:** Ilmur Kristjánsdóttir - *Stelpurnar*

**LEIKARI/LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI:** Pálmi Gestsson - *Áramótaskaupið*

**KVIKMYND ÁRSINS:** Voksne mennesker

**STUTTMYND ÁRSINS:** Töframaðurinn

**LEIKIÐ SJÓNVAPSEFNI ÁRSINS:** Stelpurnar

**TÓNLISTARMYNDBAND ÁRSINS:**

70 mínútur vs. Quarashi

**SKEMMTIÞÁTTUR ÁRSINS:** Sjáumst með Silvíu Nótt

**SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS:** Sjálfstætt fólk

**HANDRIT ÁRSINS:** Dagur Kári/*Voksne mennesker*

**LEIKSTJÓRN ÁRSINS:** Dagur Kári/ *Voksne mennesker*

**HEIMILDAMYND ÁRSINS:** Africa United *eftir Ólaf Jóhannesson*

**ÚTLIT MYNDAR:** Latibær - Brúður - *Magnús Scheving, Guðmundur Þór Kárason og Neal Scanlan*

**HLJÓÐ OG TÓNLIST:** Voksne mennesker - *Slowblow*



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Leikarinn góðkunni var kynnir og skartaði forláta gulljakkafötum sem hönnuð voru sérstaklega fyrir þetta tilefni. Margrét Einarsdóttir stílisti og Berglind Magnúsdóttir klæðskeri og kjólahönnuður eiga heiðurinn að jakkafötunum.

# Glamúrinn réð ríkjum

Fræga og fallega fólkið fjölmennti á Edduhátíðina á sunnudaginn og klæddist hver og einn sínu fínasta pússi. Þessi uppskeruhátíð sjónvarps- og kvikmyndafólks sýndi vel hversu vel Íslendingar kunna sig og hve fallegar flíkur þeir hafa verið að fela í fataskápnum. Þetta er hátíðin þar sem glamúrhrifningin brýst fram í fólki og nutu tískudrottningar sín til botns með því að skreyta sig frá hvirfli til ilja á meðan karlpeningurinn dró fram jakkafötin og tilheyrandi. Þorsteinn Guðmundsson var einn af þeim sem sýndu á sér nýja hlið og skartaði mjög svo glamúrus og ó-látlausum gulljakkafötum. „Ég gerði það að skilyrði að ef ég ætti að vera kynnir fengi ég gulljakkaföt. Ég fílaði mig eins og samblöndu af Elvis og jólakúlum,“ sagði Þorsteinn ánægður með gallann.



**FÍN SAMAN** Ari Sigvaldason og Ilmur Kristjánsdóttir voru í sínu fínasta pússi. Ilmur var valin leikkona ársins.



**HELGA BRAGA** Hún var glæsileg að vanda og skartaði í þetta sinn túrkisbláum silkikjól.



**DAGUR KÁRI** Hann var stjarna kvöldsins og vann fern verðlaun, mjög svo verðskulduð. Hann er hér með konu sína, Helgu Rakel Rafnsdóttur, sér á vinstri hönd.



**HRESS** Lilja Pálmadóttir, Baltasar Kormákur og Þorfinnur Ómarsson voru að sjálfsögðu á staðnum.



**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR** Hún hefur töfrað sig inn í hjörtu landsmanna með hinni einstöku persónu Silvíu Nótt. Hér tekur hún við verðlaunum fyrir besta skemmtiþáttinn og Björk Jakobsdóttir afhendir henni þau.



**DÓMARARNIR** Bubbi er hér með dóttur sína Grétu Morthens sér á hægri hönd og meðdómara sinn Pál Óskar á vinstri hönd.



**FLOTT FJÖLSKYLDA** Kári Sturluson, Hjördís Unnur Másdóttir og væntanlegur erfingi mættu saman á Edduna.



**JÓI FEL** Bakarinn mætti með spúsu sína, Unni Helgu Gunnarsdóttur, upp á arminn og voru þau bæði glæsileg á hátíðinni.



**SILVÍA NÓTT** Hin kostulega persóna var valin sjónvarpsmaður ársins.



**BJÖRGVIN OG MÆÐGURNAR** Björgvin Halldórsson, Ragnhildur Reynisdóttir og Svala Björgvinsdóttir skörtuðu sínu fegursta.






Vesturgarður
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Pantaðu viðtal

*Ágæti Vesturbæingur*

*Pantaðu viðtal við borgarstjóra í þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Bókaðu tíma í síma 411 1700 og komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra. Heitt kaffi á könnunni.*

*Með bestu kveðju*

Vesturgarður 18. nóvember kl. 10–12

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar | Hjarðarhaga 45-47 | Sími 411 1700

Næstu viðtöl borgarstjóra:
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis – 2. desember kl. 10–12

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# FYRST Í SKÍFUNNI

## BIRGITTA OG STRÁKARNIR ERU MÆTT AFTUR

NÝTT!






CD
1.999 kr.

CD+DVD
2.199 kr.

DualDisc

Þriðja plata Írafárs er komin og inniheldur meðal annars lagið „Ég missi alla stjórn“

Einnig er að finna á DVD disknum heimildarmynd um gerð plötunnar, Made in Denmark. Upptökum stýrðu Vignir Snær Vigfússon og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

**Úrvalið er í Skífunni!**

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is






# Hryllingur og hristir drykkir

Það var rafmagnað andrúmsloftið í Smárabíói þegar hryllingskvikmyndin Hostel var frumsýnd. Leikstjórinn Eli Roth og framleiðandinn Quentin Tarantino voru viðstaddir og vakti ræða Eli mikla lukku. Hann hafði á orði að ef allur salurinn sæti enn í sætunum að sýningu lokinni hefði honum mistekist ætlunarverkið. Þá bætti leikstjórinn við að hann væri þakklátur fyrir móttökurnar og sagði Eyþór Guðjónsson verða næstu stórstjörnu Íslands. Quentin Tarantino var hvers manns hugljúfi og lék við hvern sinn fingur. Hann sat lengi við barinn á Rex með Björk okkar Guðmundsdóttur en hvort þau hafi verið að leggja drög að kvikmynd skal ósagt látið. Hingað til hefur það ekki átt neitt sérstaklega vel við söngkonuna. Eiður Smári sást líka á rölti ásamt liðsfélaga sínum úr Chelsea, Damien Duff, en þeir fengu að vera nánast óáreittir enda stærri stjörnur á vappi þessa helgina. ■



**LEIKKONAN OG LEIKSTJÓRINN** Barbara Nedeljakova og Eli Roth voru í miklu stuði. Það er greinilegt að hér hefur landið eignast góða vini.



**Í STUÐI** Ísleifur B. Þórhallsson og Eyþór Guðjónsson voru í miklu stuði. Eyþór þykir fara á kostum í kvikmyndinni Hostel sem stuðboltinn Óli.



**MEÐ ALLT Á HREINU** Þeir Höskuldur Ketilsson, Eysteinn G. Guðmundsson, Davíð Þór Þorsteinsson og Grétar Friðriksson tóku þátt í kokkteilnum.



**ÓHRÆDDAR Á HOSTEL** Guðbjörg Þrastardóttir og Soffía Sigurjónsdóttir voru hvergi bangnar og léku við hvern sinn fingur.



**Í EIGIN PERSÓNU** Quentin Tarantino var ekki bara kominn til að skemmta sér. Hann keypti föt frá 66 gráður norður og Dead og skartaði þeim stoltur í teitinu.



**LEIKSTJÓRINN** Friðrik Þór Friðriksson bar eitt sinn sigurorð af Quentin Tarantino í karókíkeppni í Japan. Ekki hafa borist neinar fregnir af því hvort þeir hafi endurtekið leikinn.



**HARÐUR ÚTI Í HORNI** Þröstur úr Mínus var óárennilegur í frumsýningarpartíi Hostel. Gæti tekið við af Michael Madsen í myndum Tarantino.



**HVAÐ GERIST Á HVÍTA TJALDINU?** Hjónin Kristín Karólína Harðardóttir og Guðmundur Breiðfjörð voru bæði smeyk og spennt fyrir Hostel.



**FÓTBOLTAFÁR** Haukur Ingi Guðnason, leikmaður Fylkis, og Kristinn Tómasson, fyrrum leikmaður Fylkis, voru gríðarlega sáttir við kvöldið.



**SPENNTAR** Þær Eva Dögg Sigurgeirsdóttir og Theódóra Þorsteinsdóttir fengu sér smá hressingu áður en hryllingurinn dundi yfir.



**STJÖRNUFANS** Þeim Eli og Quentin gafst ekki mikill tími fyrir sjálfa sig og voru yfirleitt umkringdir aðdáendum sínum.



**SÁTT MEÐ SITT** Sigurður Pálmason og Vallý Þorsteinsdóttir brostu út að eyrum fyrir frumsýningu Hostel.



**ENGINN Í MÍNUS** Þeir Krummi og Frosti úr Mínus voru í miklu stuði enda þekktir fyrir allt annað en rólegheit og rómantík.

NÝTT!

# Á HVAÐ ERT ÞÚ AÐ HORFA?

## Yfir 1.000 tónlistarmyndbönd!

Tónlist.is fyrst á íslandi með
- Tónlistaráskrift á netinu!
- Sölu á stökum lögum á netinu!
- Tónfrelsi á netinu!
- SMS áskrift á netinu!
- Beinar tónleikaútsendingar á netinu!
- **Og nú fyrst með VOD tónlistarmyndbönd!**

## Frítt í 14 daga!

Við hjá tónlist.is höfum aukið þjónustu okkar og opnum nú sjónvarpsstöð með tónlistarmyndböndum þar sem þú stjórnar dagskránni. Yfir 1.000 myndbönd og tónleikar með íslenskum og erlendum listamönnum. Fáðu prufuáskrift í 14 daga og þar með aðgang að 50.000 íslenskum lögum og yfir 1.000 tónlistarmyndböndum.





Misstir þú af Sálinni í Köben
Þú sérð hana á Tónlist.is!

YFIR 50.000 LÖG!

TONLIST.IS










# Útgáfutónleikar Þóris

Tónlistarmaðurinn Þórir, sem kallar sig einnig My summer as a salvation soldier, heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld. Tilefnið er útgáfa annarrar plötu hans, Anarchists are hopeless romantics. Þórir mun spila tvisvar í kvöld. Fyrst spilar hann einn en svo með hljómsveit. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.00 og er aðgangseyrir 350 krónur.


**ÞÓRIR** Tónlistarmaðurinn Þórir heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld.




# Önnur smáskífa á leiðinni

Önnur smáskífan af fimmtu hljóðversplötu þýsku rokksveitarinnar Rammstein, Rosenrot, kemur út í næsta mánuði. Um titillag plötunnar er að ræða. Á skífunni verður einnig að finna þrjár endurhljóðblandaðar útgáfur af laginu eftir Chris Vrenna, fyrrum trommara Nine Inch Nails, dúettinn Northern Lite, sem hefur meðal annars endurhljóðblandað fyrir Peaches, og eftir upptökustjórann Jagz Kooner.

Rammstein hefur selt tíu milljónir platna um allan heim síðan fyrsta plata sveitarinnar, Herzeleid, kom út 1995. Auk hljóðversplatnanna hefur Rammstein gefið út tónleikaplötuna Live Aus Berlin og DVD-mynddiskana Live Aus Berlin og Lichtspielhaus.

Á viðhafnarútgáfu nýju plötunnar er að finna DVD-mynddisk með þremur lögum frá tónleikum Rammstein í Frakklandi, Japan og Bretlandi.


**RAMMSTEIN** Þýska rokksveitin Rammstein hefur haldið vel heppnaða tónleika hér á landi.

# RÚV plús hefur göngu sína

Ríkissjónvarpið hefur hafið útsendingar á RÚV+ á stafrænu dreifikerfi Íslenska sjónvarpsfélagsins.

Rásin, sem sýnir dagskrá RÚV klukkutíma seinna, er aðgengileg flestum þeim sem hafa stafræna afruglara frá Íslenska sjónvarpsfélaginu, en fer þó eftir búsetu.

Með þessari breytingu mun RÚV auka þjónustu sína við almenning. Áður hafa bæði Stöð 2 og Skjár einn sent út dagskrá sína klukkutíma seinna.


**BOGI ÁGÚSTSSON** Með tilkomu RÚV+ verður hægt að horfa á fréttatíma Ríkissjónvarpsins klukkutíma seinna.



HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8-10.30 | |
| ELIZABETH TOWN VIP | KL. 8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |
| LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal | KL. 4-6 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10.30 | B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6-8-10.10 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 8.154 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 | |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 6 | B.I. 14 |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| DOOM | KL. 8 |
| PERFECT CATCH | KL. 8 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10 |
| FLIGHTPLAN | KL. 10 |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 6-8-10.10 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 8-10.10 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 | |
| WALLACE & GROMIT | KL. 6 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 8-10 | |
| CINDERELLA MAN | KL. 10 | B.I. 14 |
| FOUR BROTHERS | KL. 10 | B.I. 16 |

OKTÓBERBÍÓFEST

| | |
|---|---|
| L´ENFANT | KL. 8 |
| GRIZZLY MAN | KL. 8 |
| DRABET | KL. 8 |
| HIP HIP HORA! | KL. 6 |
| THE MERCHANT OF VENICE | KL. 10 |
| VOICES INOCENTES | KL. 5.30 |

Háskólabíó


# FRÉTTIR AF FÓLKI



**Angelinu Jolie** hefur verið boðið hlutverk í næstu James Bond mynd en leikkonan vildi víst ekki þiggja það fyrr en persónan sem hún myndi leika yrði gerð harðari. „Angelina vill frekar leika hörkujaxl en glæsipíu," sagði heimildarmaður.



**Keira Knightley** segist ákveðin í að ná ökuprófinu sínu á næsta ári. „Ég þarf að læra að aka. Mér líður frekar asnalega að kunna það ekki og finnst eins og þetta móti persónu mína," sagði Keira óánægð í viðtali við Newsweek.



**Fyrirsætan Jordan** segist hafa eytt tíu þúsund pundum eða rúmlega 100 þúsund krónum í jólaseríur. Stærsti hluti peninganna fór í hreindýr og sleða með blikkandi ljósum. „Þetta eru fyrstu jólin okkar saman sem fjölskylda. Við ætlum að breyta húsinu í ævintýra-jólaland og engu verður til sparað," sagði hún. „Við Pete sáum hreindýrið í búð um daginn og féllum algjörlega fyrir því."



**Shakira** segist vera spéhrædd og feimin við að sýna líkamann sinn í tónlistarmyndböndum. Hún segist einnig hlýða móður sinni og sýna ekki meira en naflann á sér. „Myndböndin mín tala fyrir listamanninn í mér en ekki þá manneskju sem ég er. Þegar fólk sér myndböndin þá heldur það kannski að ég sé mjög ófeimin en það er alls ekki rétt. Það eina sem ég þori að sýna er maginn á mér," sagði hún.



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon ætlar að gefa út smáskífu í Bretlandi á næsta ári.

# Smáskífa í Bretlandi

Stúlknasveitin Nylon mun að öllum líkingum senda frá sér sína fyrstu bresku smáskífu í byrjun febrúar.

Stofnað hefur verið plötufyrirtæki í Bretlandi sem er að stærstum hluta í eigu Einars Bárðarsonar og samstarfsaðila hans og mun nýja félagið einbeita sér að því að koma Nylon á framfæri í Bretlandi og Evrópu á næsta ári. Stúlkurnar munu flytja með annan fótinn til Bretlands fyrstu mánuði ársins til að sinna kynningarvinnu og tónleikahaldi í Bretlandi og á meginlandi Evrópu.


Það er treyst á þig!



Hringdu í 907 2002 fyrir Pakistan

Söfnunarreikningur 1150 26 21000

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

spron



Mig vantar góðar snyrtivörur fyrir mig og kallinn!




Nýtt

15%

L'ORÉAL VOLUME SHOCKING

Nýi tveggja skrefa maskarinn frá L'Oréal. Gerir augnhárin þín 12 sinnum þykkari en þú átt að venjast.

Lyf & heilsa
Við hlustum!



## Einn Logi Geirsson...

Það er óhætt að segja að það sé aðeins einn Logi Geirsson. Þessi yndislegi og gjafmildi einstaklingur hefur nú boðist til að lána hverjum þeim sem vill blæjubílinn sinn í sumar á meðan hann er í fríi. Bíllinn er staðsettur í Þýskalandi og hægt að nálgast allar upplýsingar á: www.logi-geirsson.de. Logi á engan sinn líka og er langflottastur.

**sport**

sport@frettabladid.is

KA-MAÐURINN JÓNAS FREYR GUÐBRANDSSON: KOMINN Í FRÍ FRÁ HANDBOLTANUM

# *Tekur Herra Ísland fram yfir handboltann*

Jónas Freyr Guðbrandsson er tvítugur handboltakappi frá Akureyri. Hann spilar með meistaraflokki KA en hefur ekki fengið mörg tækifæri með liðinu síðustu ár. Þegar gamla brýnið Þorvaldur Þorvaldsson meiddist um daginn var komið að stóra tækifærinu hans Jónasar en hann getur ekki nýtt það þar sem hann er vant við látinn næstu vikurnar við að búa sig undir keppnina um Herra Ísland.

„Ég íhugaði það um tíma að hætta við þátttöku í keppninni. Ég get það samt ekki þar sem maður tekur aðeins þátt í svona keppni einu sinni. Slíkt tækifæri gefst ekki á hverjum degi," sagði Jónas spurður hvort það hefði verið auðvelt val að leggja handboltann á hilluna um tíma fyrir keppnina. „Annars er námið venjulega númer eitt og handboltinn númer tvö. Eins og staðan er núna er Herra Íslandkeppnin númer eitt."

Jónas Freyr tók þátt í skrípaleikjunum tveimur gegn Mamuli Tbilisi um helgina en er núna kominn suður þar sem hann býr sig af kappi undir Herra Ísland sem fram fer 24. nóvember næstkomandi.

„Þetta er stíft prógramm og við erum að æfa fjóra tíma á dag. Það er verið að kenna okkur að labba og svona," sagðiJónas léttur og hló. „Þess á milli reynir maður svo að lyfta sjálfur þannig að það er nóg að gera," sagði Jónas, sem vinnur einnig að því hörðum höndum þessa dagana að ná upp svokölluðu „keppnistani" eins og sérfræðingarnar kalla það. Hvað með keppnina sjálfa? Hvernig metur Jónas Freyr möguleika sína?



„Ég veit það ekki. Það eru nokkrir flottir gaurar þarna. Ég held ég eigi ekkert sérstakt á þá," sagði Jónas Freyr af einstakri hógværð og verður gaman að fylgjast með honum á Broadway í lok mánaðarins.

## > Hvað gerir stjórn HSÍ?

Stjórn handknattleiksdeildar ÍR hefur sent stjórn HSÍ formlegt bréf þar sem deildin fer fram á að stjórnin hnekki úrskurði mótanefndar en hún neitaði að seinka leik ÍR og ÍBV sem fram fer um miðjan desember. Verður áhugavert að sjá hvernig stjórn HSÍ bregst við bón ÍR-inga en Hólmgeir Einarsson, stjórnarmaður hjá ÍR, hefur viðrað þá hugmynd að draga lið ÍR úr keppni í Íslandsmótinu verði dómnum ekki hnekkt.





**ALLT Á FLOTI** Krakkarnir hlaupa og lyfta í Baldurshaga þótt allt sé á floti. Ástandið hefur farið versnandi síðustu vikur og aðstaðan er löngu úr sér gengin. Á minni myndinni má síðan sjá ástandið á loftinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Krakkarnir voru í lífshættu

**Íslenskir frjálsíþróttamenn æfa við vægast sagt ömurlegar aðstæður þessa dagana. Eftir að framkvæmdir hófust við stúkuna á Laugardalsvelli er frjálsíþróttaaðstaðan á floti og grjóti rignir yfir krakkana.**

**FRJÁLSAR** „Krakkarnir voru klárlega í lífshættu hérna á mánudag þegar það sprakk úr einum veggnum hérna og grjótinu rigndi yfir þau. Hefði verið slegið einu sinni eða tvisvar í vegginn í viðbót hefði veggurinn hrunið og guð einn veit hvernig það hefði endað þar sem krakkarnir voru að æfa við vegginn," sagði Stefán Jóhannsson, frjálsíþróttaþjálfari hjá Ármanni og Fjölni, þungur á brún en krakkarnir hans æfa við ömurlegar aðstæður í frjálsíþróttaðstöðunni í Laugardal, Baldurshaga.

Allt frá því vinna hófst við að breyta stúkunni á Laugardalsvelli hafa krakkarnir æft við aðstæður sem fáir myndu láta bjóða sér. Gólfið er á floti, vatnselgur er fyrir utan stúkuna, sem gerir það að verkum að gólfið er alltaf á floti, sem enginn hirðir um og svo er verið að vinna með múrbrjóta á veggjunum þannig að hávaðinn seinni partinn er oftar en ekki svo yfirþyrmandi að fólk þarf að taka fyrir eyrun.

„Við erum búin að margkvarta yfir þessu en það gerist ekki neitt og öllum virðist standa á sama. Þetta er með hreinum ólíkindum og gengur ekki til lengdar. Það er ekki hægt að bjóða upp á þetta lengur," sagði Stefán að lokum,

henry@frettabladid.is



**ALVARLEGT ÁSTAND** Stefán Jóhannsson frjálsíþróttaþjálfari stendur hér við vegginn sem sprakk um daginn með þeim afleiðingum að grjóti rigndi yfir krakkana enda nota þau rimlana við æfingarnar. Stefán segir að eitt til tvö högg í viðbót hefði nægt til að fella vegginn og þá hefðu afleiðingarnar getað orðið skelfilegar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


# Almenni lífeyrissjóðurinn

## Sjóðfélagafundur

**Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins boðar til sjóðfélagafundar þriðjudaginn 29. nóvember 2005 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15. Á fundinum verður lögð fram tillaga um sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs lækna.**

**Upplýsingar um tillögu um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.**

**Dagskrá**

1. Fundarsetning.
2. Tillaga um breytingu á samþykktum sjóðsins. Lagt er til að Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna sameinist.
3. Önnur mál.

***Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.***

***Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.***

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

12 13 14 **15** 16 17 18

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Þór** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Akureyri.

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 18.10.
- 18.45 **A1 kappaksturinn** á Sýn.
- 19.40 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- 20.10 **Mótorsport 2005** á Sýn.
- 20.40 **X-Games** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **HM 2006** á Sýn.

Paolo Maldini á nóg eftir:

# Hættir árið 2007

**FÓTBOLTI** Fyrirliði AC Milan, Paolo Maldini, ætlar sér ekki að hætta eftir þetta tímabil eins og gefið hafði verið í skyn heldur mun hann klára núverandi samning sinn við AC Milan sem rennur út árið 2007. Maldini segir líkamlegt ástand sitt ennþá vera nægilega gott til þess að leika gegn bestu leikmönnum Evrópu. „Ég væri löngu hættur ef ég teldi mig ekki geta spilað í fremstu röð. Ég hefur verið heppinn með meiðsli á mínum ferli og ég hef alltaf lagt mig sérstaklega fram við að halda mér í góðu formi," sagði Maldini. - mh

„Í fyrsta skipti á ævinni duga átta tímarnir til að ná endum saman!“

Ríkey Garðarsdóttir var að ljúka Skrifstofu- og rekstrarnámi hjá NTV. Hún fékk vinnu á meðan á náminu stóð hjá Menntasviði Reykjvíkurborgar. Hún hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og um helgar eins og hún hafði gert um langa tíma og nýtur þess að vera meira með fjölskyldunni ...



# Markvisst starfsnám og námsbrautir NTV

Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir góðri og fjölbreyttri þekkingu. Markmið okkar er að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

## Tvær annir

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám 396 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta námsins er farið í rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Þetta er frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eigin rekstur.

### Skrifstofu- og rekstrarnám 462 stundir

Nám sem eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera þá færari í bókhaldsstörfum og afla sér sérþekkingu, og færast með henni nær sjálfum rekstrinum.

Tekin eru saman þrjú stór námskeið sem öll styðja með margvíslegum hætti hvort annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

### Skrifstofunám og hönnun 414 stundir

Þetta nám þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu.

Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að útbúa hvers konar kynningarefni og vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

### Sölunám og hönnun 420 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að hanna og útbúa hvers konar kynningarefni auk þess að vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Með þessu opnast nýir möguleikar hjá fyrirtækjum og stofnunum sem útbúa sitt eigið kynningarefni og styrkja þar með söluferilinn.

## Ein önn

### Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar öllum sem annað hvort eru á leið út á vinnumarkaðinn, oft eftir nokkurra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í starfi.

Þetta nám er markvisst og einstakt fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, TÖK-tölvuökuskírteini* streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* TÖK er alþjóðleg viðurkenning á tölvuþekkingu einstaklings í upplýsingatækni, Windows,Word, Excel, Power Point, Access og Internetinu.

### Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Við bjóðum upp á líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum eða vilja einfaldlega styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini, markaðsfræði, gerð kynningarefnis o.s.frv. en náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### Fjármála- og rekstrarnám 132 stundir

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræðum, fjármálastjórnun og áætlanagerðum en áhersla er lögð á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkunn á Excel töflureikni.

**Upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is**

**Skráning á vorönn í fullum gangi - Færri komust að en vildu á haustönn**

ntv.is

# ALLTAF ÓDÝRIR

## Helsinki bjálkahús



Óvenjuleg og falleg bjálkahús alls 54 fm með 13 fm. verönd.

Stórlækkað verð á nokkrum húsum.

Finnskir glæsilegir arinofnar.
Einnig sauna ofnar í úrvali raf- eða viðarkyndur.







Lovísa sumarhús upphækkað með tvöföldu gleri 31,3 fm með svefnlofti og 7,5 fm verönd.

Nokkur hús á tilboðsverði.

## Salla Sumarhús - Gestahús



13,1 fm með yfirbyggðri verönd 388x205 cm

Lækkað verð

## KERRA LCI-880



392x134cm, galv. Burðarg. 270 kg.

Lækkað verð.



## BÁTAKERRA LCI-887

548x170cm. galv. með spili. Burðarg. 545 kg.

Áklæðaúrvalið er hjá okkur.
Leður og leðurlíki. Auk þess pöntunarþjónusta eftir ótal sýnishornum.
Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550




# Leikmenn Mamuli gengu um rænandi og ruplandi

**Georgíska handboltaliðið Mamuli Tbilisi lét greipar sópa á Akureyri um helgina. Unglingaflokkar ÍR urðu illilega fyrir barðinu á Georgíumönnunum.**

**HANDBOLTI** Leikmenn georgíska liðsins Mamuli Tíblisi tóku ýmsa muni ófrjálsri hendi af leikmönnum 2. og 3. flokks ÍR í handbolta um helgina, en lögreglan á Akureyri leitaði að mununum í fórum georgíska liðsins og komu þeir þá í ljós. „Við gistum í KA-heimilinu eins og við gerum alltaf þegar við komum til Akureyrar. Við förum út að borða á laugardagskvöldinu og komum til baka um klukkan hálftíu og tókum við þá eftir því að það var búið að taka ýmsa muni frá strákunum, meðal annars geislaspilara, geisladiska, föt, snyrtivörur og ýmislegt fleira. Forráðamenn KA stóðu sig virkilega vel í að leysa þetta mál og kölluðu á lögreglu sem leysti þetta mál farsællega og við fengum mestallt okkar dót til baka eftir að lögreglan hafði stöðvað liðið. Það sem við fengum ekki þurftu Georgíumennirnir að borga fyrir," sagði Erlendur Ísfeld, þjálfari 2. og 3. floks ÍR.

Hjörtur Sigurðsson, varaformaður handknattleiksdeildar KA, var að vonum óánægður með þessa för georgíska liðsins. „Kostnaðurinn við þessa ferð er á aðra milljón króna fyrir okkur. En við horfum fram á veginn og vonandi fáum við hagstæðari andstæðing í næstu umferð."



**ERLENDUR ÍSFELD** Strákarnir sem Erlendur þjálfar hjá ÍR fengu allt sitt dót til baka sem leikmenn georgíska liðsins höfðu tekið.

Leikmenn georgíska liðsins virtust margir hverjir ekki kunna handknattleik en KA vann leikina tvo samtals með 65 marka mun.

- mh



**PENINGANNA VIRÐI?** Klipping Jihai kostar um 800 þúsund krónur en ekki eru allir sammála því að greiðslan sé hverrar krónu virði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Kínverjinn Sun Jihai:

## Rándýr klipping

**FÓTBOLTI** Kínverska landsliðsmanninum Sun Jihai, sem leikur með Manchester City, er ákaflega annt um hárið á sér og leggur hann mun meira á sig en meðalmaðurinn til þess að fá almennilega klippingu.

Jihai flýgur heila átján þúsund kílómetra með reglulega millibili frá Englandi til Kína þar sem hann treystir enskum hárgreiðslumönnum ekki fyrir makkanum á sér. Þetta er ekki eingöngu löng ferð heldur einnig dýr enda kostar það 800 þúsund krónur að fljúga á milli landanna. Svo er flogið aftur til Englands en ferðalagið í heild tekur rúman sólarhring.

Enska þjóðin er verulega bjartsýn fyrir HM í Þýskalandi:

## Veðjar milljörðum á enskan HM-sigur

**FÓTBOLTI** Englendingar eru að ganga af göflunum eftir sigur landsliðsins á Argentínu um helgina og eru nú þegar búnir að setja milljarða á að England verði heimsmeistari næsta sumar.

Breskir veðbankar eru búnir að taka við 500 milljónum punda í veðmál sem segja að England verði heimsmeistari í Þýskalandi næsta sumar. Talið er að sú tala eigi eftir að þrefaldast áður en mótið hefst.

Breskir veðmangarar eru í skýjunum með sigurinn á Argentínu enda fóru Englendingar hamförum í veðbönkunum en veðmangararnir telja flestir ólíklegt að England verði heimsmeistari.



**DAVID BECKHAM** Hér með enska meistarabikarinn ásamt Gary Neville. Margir landar Beckhams hafa trú á því að hann muni lyfta heimsmeistarabikarnum næsta sumar.

**Ellert Jón Björnsson er fluttur til Hollands með stóran draum í farteskinu:**

# Fetar í fótspor Grétars Rafns

**FÓTBOLTI** Ellert Jón Björnsson hefur lengi gengið með þann draum í maganum að gerast atvinnumaður í knattspyrna. Tvisvar hefur hann fengið tilboð frá erlendu félagi en í hvorugt skiptið gekk dæmið upp. Hann er þrátt fyrir það ekki af baki dottinn og ætlar nú að fara að fordæmi félaga síns, Grétars Rafns Steinssonar, sem fór í endurhæfingu erlendis og kom sér á framfæri á eigin kostnað með góðum árangri.

Ellert Jón er fluttur inn til Grétars Rafns í Alkmaar og hann hefur nýtt síðustu vikur í að koma sér í form. Síðan á að láta slag standa.

„Ég hef verið að æfa með félögum hér í Alkmaar og svo var ég líka í heimsókn hjá Volendam. Ég stefni á að koma mér í gott form og síðan ætla ég að reyna að komast að hjá félögum hér á meginlandinu. Ég ætti að vera orðinn góður í næstu viku og þá er bara spurning hvað gerist," sagði Ellert Jón við Fréttablaðið í gær en umboðsmaður Grétars Rafns mun aðstoða hann við að komast að hjá félögum í Hollandi og Belgíu.





**ELLERT JÓN BJÖRNSSON** Býr hjá félaga sínum, Grétari Rafni Steinssyni, í Hollandi og mun vera áfram hjá honum og freista þess að komast að hjá liði á meginlandi Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er ekki búinn að bóka mig hjá neinu félagi og ég gæti verið kominn heim eftir rúma viku og ég gæti komið eftir mánuð. Vonandi verð ég heppinn og fæ að reyna mig hjá einhverjum liðum. Ég tel mig eiga fullt erindi í boltann hérna en fyrst þarf ég að fá tækifæri til þess að sanna það," sagði Ellert Jón fullur sjálfstrausts.

- hbg

DV

Auglýsingasími 550 5000

**Loksins býðst þér áskriftarpakki sem gerir lífið litríkara!**




# Áskrifendur fá
# ekki bara DV
# heldur líka
# Hér&Nú og Sirkus
# á aðeins 2400 kr. á mánuði

Stútfullur sportpakki á mánudögum, viðtöl, lífstíll, viðskipti, sakamál, skoðanaskipti, léttar fréttir, ögrandi fréttir. Á fimmtudögum fylgir Hér og nú DV með glóðvolgar fréttir af fræga fólkinu. Sirkus kemur sterkur inn á föstudögum með allt um menningar- og skemmtanalífið. Helgarblaðið endist þér svo langt fram á sunnudagskvöld!

**Með einu símtali í 550 5000 færðu allt þetta – og miklu meira á aðeins 2400 kr. á mánuði!**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I mean, it's real hard to be free when you are bought and sold in the marketplace.“**

**Svar:**
George Hanson í kvikmyndinni Easy Rider frá árinu 1969.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON BÝSNAST YFIR EDDUNNI

# *Of stór í sniðum fyrir jafn lítinn iðnað*



**SILVÍA SIGURVEGARI** Gaf „format“-þáttunum langt nef en sigraði í kolröngum flokki.

Eddan. Hápunktur kvikmynda – og sjónvarpsframleiðslunnar. Skemmtilegt? Hver verður víst að tala fyrir sig en hjá mér fær þetta falleinkunn. Það er spurning hvort jafn lítill iðnaður og sá íslenski þoli svona hátíð. Sem dæmi má nefna að þrjár kvikmyndir voru tilnefndar í flokknum „Kvikmynd ársins“ en alls voru fjórar frumsýndar á Edduárinu. Sú sem fékk ekki tilnefningu keppir í forvalinu til Óskarsverðlauna. Það verða jú allir að ganga sáttir frá borði og enginn má vera skilinn útundan.
Ilmur Kristjánsdóttir fékk Edduna sem leikari ársins í aðalhlutverki með stórum staf. Hún átti að fá Edduna í fyrra fyrir Dís. Kannski voru þetta samúðarverðlaun. Kannski var Ilmur best. Spurningarmerkið fyrir framan þennan flokk sem og aðra leikaraflokka er hins vegar alltaf jafn stórt. Þessi flokkur er ein besta sönnunin að Edduna þarf að hugsa upp á nýtt ef það á að taka hana alvarlega. Sjónvarps- og kvikmyndaleikarar af báðum kynjum í sama flokki? Hvar tíðkast þetta annars staðar?
Jákvæðast á þessu kvöldi var að íslenska þjóðin gaf „format“ þáttum langt nef og sýndi að hún vill frumleika í íslenskt sjónvarp. Silvía Nótt var án nokkurs vafa sigurvegari kvöldsins en fattaði enginn að þættirnir hennar eru leiknir? Á hún því að keppa við „skemmtiþættina“ Það var lagið eða Idol – Stjörnuleit? Það stendur enda í umsögn dómnefndar: „Einstæð leiktúlkun Ágústu Evu Erlendsdóttur í hlutverki Silvíu Nótt“. Hefði ekki átt að tilnefna hana sem leikkonu ársins? Sigur Sjáumst með Silvíu Nótt var verðskuldaður en einfaldlega í röngum flokki.
Eddan er ábyggilega þrusugott partí þar sem sjónvarpsfólkið klæðir sig upp í kjól og hvítt, sýnir sig og sér aðra. Fyrir okkur sem stöndum fyrir utan þá er þetta hvergi nærri jafn merkilegt og látið er vera.

---



▶ 20.25 *Spenna*

VERONICA MARS



▶ 22.05 *Drama*

OVER THERE



▶ 21.30 *Nýtt*

FABULOUS LIFE OF



▶ 20.00 *Lífsstíll*

DESIGN RULES



▶ 20.40 *jaðarsport*

X-GAMES 2005

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (12:25) **18.25** Tommi togvagn (7:26)

**18.30 Gló magnaða (25:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.25 Veronica Mars (8:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.10 Skuggabörn** Ný íslensk heimildamynd um fíkniefnaneyslu og smygl. Dagskrárgerð: Reynir Traustason og Þórhallur Gunnarsson. Framleiðandi: Í einni sæng. Myndin er textuð á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ódáðaborg (2:4)** (Murder City) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.35** Kastljós **0.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (4:145) **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Fresh Prince of Bel Air **13.25** Life Begins **14.15** The Guardian **15.00** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (10:23)**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Amazing Race 7 (11:15)** (Kapphlaupið mikla)
**21.15 Hustle (6:6)** (Svikahrappar) Breskir glæpaþættir með gamansömu ívafi um svikahrappa sem svífast einskis. Bönnuð börnum.
▶**22.05 Over There (3:13)** (Á vígaslóð) Þættirnir hafa vakið sérstaka athygli fyrir þær sakir að þetta er í fyrsta sinn sem gerðir eru leiknir sjónvarpsþættir sem gerast í stríði sem ennþá stendur yfir.
**22.50 Crossing Jordan (13:21)** (Réttarlæknirinn) Hörkuspennandi bandarískir sakamálaþættir frá höfundum Chicago Hope.

**23.30** Deadwood (8:12) (Str. b. börnum) **0.20** Trois 2: Pandora's Box (Str. b. börnum) **2.00** Double Bill **3.25** Fréttir og Ísland í dag **4.30** Ísland í bítið **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veggfóður** Hönnunar og lífstíls þáttur.
**20.00 Friends 4 (19:24)** (Vinir)
**20.30 Idol extra 2005/2006**
**21.00 Laguna Beach (7:11)**
▶**21.30 Fabulous Life of** (Fabulous Life of: Britney & Kevin) Í þessum frábæru þáttum er farið bak við tjöldin með þotuliðinu í Hollywood.Hver stjarnan af annarri er tekin undir smásjána og áhorfandinn fær að fylgjast með hinu hversdagslega lífi stjörnunnar. Einstakt tækifæri til að sjá hvernig líf stjarnanna er í raun.
**22.00 HEX (7:19)**
**22.45 Fashion Television (3:34)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

**23.10** David Letterman **23.55** Friends 4 (19:24)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 8. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Silvía Nótt (e)**
▶**20.00 Design Rules – lokaþáttur** Hefur þú reynt betrumbætur heima hjá þér og komist að því að litasamsetningin sem var svo falleg í blaðinu hentar alls ekki í stofunni þinni og að hvítu háglansflísarnar gera baðherbergið þitt líkast almenningssalerni? Láttu Laurence Llewellyn-Bowen leiða þig í gegnum grundvallarreglur innanhússarkítektúrsins.
**20.30 Allt í drasli**
**21.00 Innlit / útlit** Þetta er sjöunda þáttaröðin enda á þátturinn miklum vinsældum að fagna.
**22.00 Judging Amy**
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers – 8. þáttaröð (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**18.15** Olíssport

**18.45 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri) Ítarleg umfjöllun um heimsbikarinn í kappakstri.
**19.40 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
**20.10 Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir.
▶**20.40 X-Games 2005** Eitt vinsælasta sportið í Bandaríkjunum í dag. Ótrúlegir taktar á hjólum, hjólabrettum og snjóbrettum
**21.30 Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.
**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
**22.30 HM 2006** (Spánn – Slóvakía) Útsending frá undankeppni HM 2006

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** On the Line **8.00** Triumph of Love **10.00** Life or Something Like It **12.00** Titanic **15.10** On the Line **16.35** Triumph of Love **18.25** Life or Something Like It **20.05 Titanic** Stórmynd James Cameron í öllu sínu veldi. Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Kate Winslet, Billy Zane. **23.15** Monster's Ball (Str. b. börnum) **1.05** The Shrink Is In (B. börnum) **2.35** Hi-Life (B. börnum) **4.05** Monster's Ball (Str. b. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** 50 Steamiest Southern Stars **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Craziest TV Moments **22.00** The Soup UK **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup UK **1.30** The Anna Nicole Show

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**20.30 Upphitun (e)** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**21.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar.
**22.00 Tottenham – Arsenal frá 29.10**
**0.00** Dagskrárlok


Til hamingju
Silvía Nótt!

**SKJÁR***EINN* óskar Silvíu Nótt innilega til hamingju með Edduverðlaunin sem hún hlaut í flokkunum **Sjónvarpsmaður ársins** og **Skemmtiþáttur ársins**.




ENNEMM / SÍA / NM19205

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Skuggabörn — Sjónvarpið **kl. 21.10**

***Reynir Traustason rannsakar undirheimana***

### *Dekkri hlið Reykjavíkur*



Fylgst er með rithöfundinum Reyni Traustasyni sem undanfarin tvö ár hefur rannsakað undirheima Reykjavíkur. Við fáum að kynnast nokkrum einstaklingum sem hafa flækst í net eiturlyfja og glæpa og verðum vitni að baráttu þeirra til að halda lífi. Má þar nefna tvítuga stúlku sem hefur verið í stöðugri neyslu eiturlyfja í mörg ár. Við fáum einnig frásagnir manna sem stunda innflutning á eiturlyfjum, lýsingu handrukkara á aðferðum sínum, og viðbrögð foreldra barna sem hafa orðið fíkninni að bráð svo fátt eitt sé nefnt.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Fréttir

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Á skólastjóravaktinni **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Goðsagnir um landvinninga Spánverja í nýja heiminum **21.10** Púsl **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Powersolo **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**11.30** Football: World Cup Germany **12.30** Football: Football World Cup Season Playoff **13.30** Football: Football World Cup Season News **13.45** Football: Football World Cup Season Journeys **14.00** Weightlifting: World Championship Doha **14.30** Weightlifting: World Championship Doha **16.30** All sports: WATTS **17.00** Weightlifting: World Championship Doha **19.00** Football: Football World Cup Season Playoff **20.00** Football: Football World Cup Season News **20.15** Football: Football World Cup Season Journeys **20.30** Boxing **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Rally: World Championship Australia **23.45** Adventure: Escape **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Are You Being Served? **12.30** Next of Kin **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Monty the Dog **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Ace Lightning **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Top Gear Xtra **20.00** Trouble at the Top **20.40** The Ship **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Marie Antoinette **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Insects from Hell **13.30** Insects from Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** When Expeditions Go Wrong **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megacities **19.00** Insects from Hell **19.30** Insects from Hell **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** When Expeditions Go Wrong **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Wild South America **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Nightmares of Nature **20.30** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** K9 Boot Camp **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Nightmares of Nature **1.30** Animal Precinct

**DISCOVERY**
**12.05** Brain Story **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Queen Mary 2 **15.00** Extreme Machines Special **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Secret Life of Formula One **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Ultimates **21.00** Aircraft Carrier **22.00** Deadliest Catch **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Newlyweds **19.30** MY Super Sweet 16 **20.00** Power Girls **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Justin Timberlake **22.00** Punk'd **22.30** Wonder Showzen **23.00** Alternative Nation

**VH1**
**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits

**CLUB**
**11.50** Lofty Ideas **12.20** Innertainment **12.45** Come! See! Buy! **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Staying in Style **14.30** Weddings **15.00** Girls Behaving Badly **15.25** Other People's Houses **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Weddings **18.40** Girls Behaving Badly **19.05** Matchmaker **19.30** Lofty Ideas **20.00** Arresting Design **20.25** The Villa **21.15** Sextacy **22.10** Women Talk **22.35** Men on Women **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Girls Behaving Badly **1.50** Completely Hammered

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**12.35** The Three Wishes of Billy Grier **14.15** Casino Royal **15.05** Namu, The Killer Whale **16.35** Vampires on Bikini Beach **18.00** Rikky and Pete **19.40** A Love Affair: The Eleanor and Lou Gehrig Story **21.15** Rage **22.55** Extremities **0.25** Warm Summer Rain **1.50** Cohen and Tate

**TCM**
**20.00** Ninotchka **21.50** Our Mother's House **23.35** Stand Up and Fight **1.15** The Sea Hawk **3.25** The Two Mrs Carrolls

**HALLMARK**
**12.00** Mary, Mother Of Jesus **13.45** Back When We Were Grown Ups **15.30** Dinotopia **17.00** Touched by an Angel **18.00** My Louisiana Sky **19.45** Inside the Osmonds **21.30** Trust **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** One Christmas **0.45** Henry VIII

**BBC FOOD**
**12.00** Off the Menu **12.30** Deck Dates **13.00** A Cook On the Wild Side **13.30** New Scandinavian Cooking **14.00** Delia's Winter Collection **14.30** Worrall Thompson **15.00** The Naked Chef **15.30** Cupid's Dinner **16.00** Ching's Kitchen **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Floyd's India **17.30** Tamasin's Weekends **18.00** Heat in the Kitchen **18.30** Made to Order **19.00** Neil Perry Rockpool Sessions **19.30** My Favourite Chef **20.00** My Favourite Chef **20.30** Sophie's Weekends **21.00** Delia's How to Cook **21.30** Neil Perry Rockpool Sessions **22.00** Wild and Fresh **22.30** Ready Steady Cook

**SV1**
**12.05** Lite som du **13.20** Lille Fridolf och jag **14.55** Anslagstavlan **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Top! En espa–ol **16.20** Culture **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Sagor från Zoo **17.15** Brum **17.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.30** Energikampen **17.55** Lilla Aktuellt – kortnyheter **18.00** Ofattbara händelser **18.25** Tracks video **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Örnen **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Sverige! **22.50** Först & sist **23.35** Sändning från SVT24





JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

EINN RÍKASTI OG FALLEGASTI STRANDBÆR
Í HEIMINUM OG SIRKUS ER MEÐ ÓTAKMARKAÐAN
AÐGANG AÐ 8 RÍKUM UNGMENNUM SEM BÚA ÞAR.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS



## HRÓSIÐ

*...fær séra Þórhallur Heimisson fyrir að fræða brottflutta Íslendinga um Da Vinci lykilinn.*

**DÓTIÐ** TVÍUNDARÚR

# *Hvað er klukkan?*



**Dótið?** Tvíundarúr.

**Sem er?** Úr sem notast við tvíundarkerfið sem er kerfi þar sem einungis er notast við tölurnar 0 og 1.
Ef þú hefur einhvern tímann átt erfitt með að greina hvað klukkan er þarftu ekki að hafa áhyggjur lengur. Þú getur verið með tvíundarúrið og sagt með stolti að þú hafir ekki hugmynd um hvað klukkan er. Enginn sem ekki kannast við flókið tvíundarkerfið veit hvað klukkan er á þessu úri þannig að þú þarft ekkert að skammast þín.

Ástæðan fyrir því að vera með úrið er að sjálfsögðu sú hversu svalt það er. Þú ert með það á úlnliðnum því það er flott en ekki af því að þú vilt vita hvað klukkan er. Úrið segir í rauninni tvo hluti um þig: annað hvort að þú sért svo tæknivæddur að þú getir notað svona úr eða að þú sért of svöl manneskja til að þurfa að vita hvað klukkan sé.

**Gallar?** Auðvitað er það galli að vera með úr en vita samt ekki hvað klukkan er. Þú gætir orðið að athlægi af þessum sökum.

Nördastimpillinn gæti auðveldlega límst við þig.

**Kostir?** Hver vill ekki vera með flott tvíundarúr með flottum ljósum og undarlegum táknum? Svört leðuról fylgir auk þess sem það er gert úr ryðfríu stáli. Einnig er það vatnshelt.

**Verð?** Úrið kostar um það bil sex þúsund krónur á heimasíðunni iwantoneofthese.com, fyrir utan sendingarkostnað.



**LÁRÉTT:** 2 sleipur 6 skammstöfun 8 eyða 9 tilvist 11 skóli 12 róta 14 væg bólga 16 íþróttafélag 17 starfsgrein 18 gæfa 20 klukkan 21 rænuleysi.
**LÓÐRÉTT:** 1 dans 3 löng og lág hæð 4 klapp 5 háttur 7 holdsveikur 10 fley 13 skarð 15 blóðsuga 16 nögl 19 lík.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 háll, 6 al, 8 sóa, 9 líf, 11 fg, 12 skara, 14 þroti, 16 kr, 17 fag, 18 lán, 20 kl, 21 óráð.
LÓÐRÉTT: 1 vals, 3 ás, 4 lófatak, 5 lag, 7 líkþrár, 10 far, 13 rof, 15 igla, 16 kló, 19 ná.

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

**JÓN ÓLAFSSON:** VONAST TIL AÐ SJÁ SEM FLESTA Í ÚTGÁFUTEITINU

# Þetta er ekki ævisaga heldur baráttusaga

Í dag kemur út Jónsbók, saga Jóns Ólafssonar athafnamanns, sem er skráð af Einari Kárasyni. Bókin kom úr prentun í gær og var Jón mættur í prentsmiðjuna Odda þar sem hann beið eftir fyrstu eintökunum. Helga eiginkona hans og Friðrik sonur hans voru með honum í för og biðu jafn spennt eftir að sjá útkomuna. Eintökin áttu að koma um þrjúleytið en smá seinkun varð á. Jón tók öllu með stóískri ró og sagði sögu af kvikmyndaframleiðanda hjá Paramount á meðan. Ef einhver veit að tíminn er peningar þá er það Jón Ólafsson.

Jón segir bókina ekki vera ævisögu heldur baráttusögu. Sjálfur stóð hann í útgáfustarfsemi í þrjátíu ár en er nú orðinn að útgáfuefni og sagði þá tilfinningu vera undarlega. „Það er skrýtið að vera kominn hinum megin við borðið," útskýrir hann. Í því augnabliki opnaðist hurðin inn í prentsalinn og þá gafst tækifæri til að líta á gripinn.

„Þetta er ég," sagði Jón og benti á þykka doðranta sem biðu eftir því að vera pakkað inn. Yrkisefnið vildi þó ekkert gefa upp um efni bókarinnar og sagðist ætla að tjá sig um efni hennar í dag. „Ég er víst í fjölmiðlabindindi," útskýrði hann og benti á Pál Valsson, útgáfustjóra hjá Eddu. Hann brosti bara. „Það er allavega búið að bóka þetta," sagði athafnamaðurinn og hló.

Fjölskyldan flettir í gegnum bókina, sem er um fimm hundruð blaðsíður. Hana prýða ljósmyndir sem aldrei hafa komið fyrir almenningssjónir. Helga og Friðrik sjá myndir af sér og skella upp úr. Fjölskyldan skoðar síðan bókina saman og stoppar við sumar



JÓN ÓLAFSSON

síðurnar. „Þetta er mjög smart og ég er virkilega ánægður með það sem Edda hefur gert. Umgjörðin er æðisleg," sagði Jón. Útgáfustjóranum var augljóslega létt enda veit Jón það af fyrri reynslu að kápan skiptir ekki síður máli en innihaldið. „Það er ekki létt að gera mér til geðs," bætti hann við og brosti. Í dag verður útgáfuteiti haldið og öllum sem nefndir eru á nafn í bókinni hefur verið boðið. Jón vonaðist til að sem flestir sæju sér fært að mæta. „Það er þannig að fyrir mér eru allir jafnir, hvort sem það eru vinir eða fjandmenn."

freyrgigja@frettabladid.is

## Hvernig fannst þér Hostel, hin nýja kvikmynd Eli Roth?

**Hugleikur Dagsson rithöfundur**



„Mér fannst Hostel vera þrusugóð mynd. Ég er mjög hrifin af frásagnaraðferðum Eli Roth. Þetta byrjar allt svona frekar rólega en síðan er manni hent í djúpu laugina, það er að segja ef djúpa laugin er full af blóði. Síðan leysist þetta upp í hálfgert vonleysi aðalpersónunnar og þannig eiga hryllingsmyndir að vera að mínu mati."

**Frosti Logason útvarpsmaður**



„Mér fannst hún bara ágæt. Mér fannst auðvitað það besta við myndina þegar splatterinn byrjaði undir lokin, ég var hrifnastur af því. Einnig var ég nokkuð hrifin af austur-evrópska elementinu í myndinni. Það var velkomin tilbreyting frá öllu þessu Hollywood-dæmi."

**Móeiður Júníusdóttir söngkona**



„Mér fannst hún nokkuð góð, hún kom mér töluvert á óvart. Þar er nú alltaf gaman að láta pína sig og hræða svolítið. Það tókst alveg þannig að ég labbaði sátt út úr salnum í lokin."

**Haukur Ingi Guðnason knattspyrnumaður**



„Miðað við eðli slíkra mynda fannst mér hún bara skila sínu og var bara nokkuð góð. Mér fannst hún vel gerð. Auðvitað voru nokkur óhugnanleg atriði og það fór stundum um mann við áhorfið en til þess er leikurinn gerður. Hrollvekjur eru kannski ekki þær myndir sem ég hef mest gaman af en miðað við að Hostel gaf sig út fyrir að vera hryllingsmynd allt frá byrjun þá var hún bara góð."

**Karl Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri Inntaks Almannatengsla**



„Mér fannst þetta vera fín mynd. Ég er nú ekki mikill aðdáandi hryllingsmynda en það er ekki oft sem maður sér svona mynd sem hefur einhver skilaboð fram að færa. Það er kómískt og mótsagnarkennt að hún gagnrýnir það að fólk vilji borga fyrir að sjá hrylling. Þá var Eyþór Guðjónsson frábær í hlutverki sínu."




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is
ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA
KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS


# Sáttur við útkomuna

Í kvöld verður heimildarmyndin Skuggabörn sýnd í Ríkissjónvarpinu. Þar er fylgst með ferð blaðamannsins Reynis Traustasonar í undirheima Íslands en myndin hefur vakið þó nokkrar deilur. „Ég er eingöngu viðfangsefni eins og aðrir sem koma fram í myndinni og hún var algjörlega í höndum Þórhalls Gunnarssonar og Lýðs Árnasonar," útskýrir Reynir. „Ég tók þá ákvörðun strax að þeir réðu lokaútkomunni," bætir Reynir við en tekur fram að honum þyki myndin vera sláandi og unnin á faglegan hátt.

Lögbannskröfu yfir myndinni var hafnað eftir að leikstjórar samþykktu að klippa burt nokkur atriði. Reynir segist una þeirri ákvörðun og segist vel geta skilið ef menn vilji sýna samúð. „Ég er mjög sáttur við bæði Þórhall og Lýð."

Það var Páll Bragi, forstjóri Eddu útgáfu, sem kom að máli við Reyni og spurði hvort hann hefði áhuga á að skrifa bók um þetta málefni. „Ég tók mér dágóðan tíma til umhugsunar en þegar allt kom til alls vildi ég sýna góðborgurum landsins inn í hugarheim dópista og forða þar af leiðandi börnum frá þeirri helvítisvist sem þeirra veröld er," segir Reynir og vísar því algjörlega á bug að hér hafi einfaldlega átt að búa til metsölubók um málefni sem hefur verið mikið í umræðunni. „Ég hef skrifað bækur sem ég hugsaði fyrir metsölu en sú hugsun læddist aldrei að mér við gerð þessarar bókar," segir Reynir og útskýrir enn fremur að hann hafi vingast við margt af þessu fólki. „Það tók mikið á að fylgjast með fólkinu og maður fór að hafa miklar áhyggjur af því," segir hann. „Hugsunin um þjóðþrifaverk var miklu nær en hugmyndin um gróða."

- fgg



**REYNIR TRAUSTASON** Heimildarkvikmynd um ferð hans í undirheima Reykjavíkur hefur þegar vakið nokkrar deilur og sitt sýnist hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.




From Russia with love

Mercedes-Benz

MASTER

Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Naumhyggja og naum hugsun*

Nú um stundir tíðkast víða að moka út úr húsum, mölva í spón og kasta á haugana - innrétta svo í anda naumhyggju sem getur á stundum orðið svo yfirþyrmandi að sá grunur læðist að manni að naum hugsun sé ríkjandi. Er komin heilsugæsla hér? spurði unglingurinn nýlega þegar hann ók um úthverfi og virti fyrir sér glæsihýsi þar sem naumhyggja var við völd.

Í miðri neysluveislu var lífsnauðsynlegt að endurnýja borðstofuborðið. Nýja borðið rúmaði fleiri, var úr harðviði og myndi þjóna fjölskyldunni á samkomum um ókomna tíð. Húsfreyjan var himinlifandi, færði til mublur og rýmdi fyrir kjörgripnum. Hún andvarpaði þunglega þegar hún horfði á gamla borðið. Hvað skyldi gera við lurkinn þann? Endursala eða Sorpa?

**SKYNDILEGA** báru minningarnar hana ofurliði. Við furuplötuna lúnu höfðu að minnsta kosti þrjátíu og fimm barnaafmæli verið haldin. Hér átti stórfjölskyldan sínar ljúfu stundir. Mikilvægar ákvarðanir voru teknar og heimsmálin leyst í góðra vina hópi. Háaldraður heimilishundur hafði meira að segja verið svæfður svefninum langa á þessari borðplötu. Loks fann húsfreyjan lausn. Hún taldi unglingnum trú um gildi þess að nýta borðstofuborð sem skrifborð, andaði léttar og lagðist sæl til svefns, fegin að hafa bjargað minningarsafni fjölskyldunnar frá glötun í samfélagi þar sem allt er einnota. Nú gæti hún heimsótt borðið í unglingaherbergið, strokið því og rifjað upp liðnar myndir.

**ÞÁ** leituðu óþægilegar hugsanir á eiganda borðstofuborðanna. Skyldi fólk vera einnota í neysluveislunni? Skyldi verr komið fyrir sumu fólki en gömlum borðstofuborðum? Tíðar eru fregnir af eldri borgurum sem liggja lengi látnir án þess að vera saknað. Á yfirfullum hjúkrunarheimilum dvelja manneskjur sem sjaldan eða aldrei fá heimsóknir. Þar eru samborgarar sem hafa lifað langa ævi, eiga sínar sögur og ógleymanlegu minningar. Í markaðssamfélaginu er fólk metið til fjár. Einn fær 160 milljónir fyrir það eitt að hætta í vinnunni sinni. Annar nælir sér í 400 millur í kaupauka fyrir hádegi. Í þannig samfélagi er kannski ekki þörf fyrir úrsérgengið fólk - í umhverfi þar sem naumhyggjan virðist ráðandi í mannlegum samskiptum.


www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

